

Fornleifaskráning í Grindavík

2. áfangi



Þóra Pétursdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS184-02152

Reykjavík 2002

© Fornleifastofnun Íslands 2002

Forsíða: Grjóthlaðið fiskbyrgi í landi Húsatópta, GK-027:025.

1.	INNGANGUR	3
2.	LÖGGJÖF UM MINJAVERNÐ	4
3.	SKRÁ YFIR FORNLEIFAR	6
	GK-011 Þórkötlustaðir.....	6
	GK-012 Buðlunga.....	29
	GK-013 Klöpp.....	29
	GK-014 Einland.....	30
	GK-015 Lambhúskot.....	30
	GK-027 Húsatóptir.....	30
	GK-028 Staður.....	46
	GK-029 Móakot.....	59
	GK-030 Stóragerði.....	59
	GK-031 Kvíadalur.....	61
4.	FORNLEIFAR OG BYGGÐ	62
5.	NIÐURSTÖÐUR	65

Kortaskrá

Minjakort

Þórkötlustaðir.....	27
Húsatóptir.....	46
Staður.....	58

Túnakort

Þórkötlustaðir.....	7
Húsatóptir.....	31
Staður.....	46
Stóragerði.....	60

1. Inngangur

Vegna nýs aðalskipulags fyrir Grindavíkurkaupstað var gerð svæðisskráning fornleifa fyrir sveitarfélagið síðla árs 2001.¹ Í kjölfarið ákvað Grindavíkurkaupstaður að ljúka fornleifaskráningu í þremur áföngum á árunum 2002 til 2003. Í fyrsta áfanga voru skráðar fornleifar í landi Járngerðarstaðahverfis og Hóps, og í öðrum fornleifar í landi Húsatópta, Staðar og Þórkötlustaða. Í þriðja og síðasta áfanga verða skráðar fornleifar í landi Hrauns, Ísólfsskála og Krýsuvíkur. Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum annars áfanga aðalskráningar fornleifa í Grindavíkurkaupstað. Svæðisskráning hafði leitt í ljós upplýsingar um 129 minjastaði á því svæði sem áfanginn nær til en við skráningu á vettvangi bættist hins vegar fjöldi minjastaða við, flestir í landi Þórkötlustaða. Við lok vettvangsvinnu voru skráðir staðir orðnir 204 talsins. Þar af voru 99 staðir í Þórkötlustaðahverfi, 49 staðir í landi Húsatópta og 56 í landi Staðar og hjáleiga hans.

Skýrslan er byggð upp á sama hátt og aðrar skýrslur Fornleifastofnunar Íslands að því einu undanskildu að í henni er ekki kafli um þróun byggðar á skráningarsvæðinu. Hentugra þótti að fjalla um byggðaðróun á svæðinu öllu, þ.e. svæðum 1., 2. og 3. áfanga skráningar, í stað þess að slíta hana úr samhengi og taka hvern hluta fyrir sig. Byggðasaga verður því sérstakur kafli í síðustu skýrslunni (3. áfanga). Að öðru leyti er skýrslan þannig uppsett að hér á eftir fer kafli um löggjöf um fornleifar (2. kafli) og í kjölfar hans fylgir nákvæm skrá yfir fornleifar á svæðinu (3. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir gróðurfari, túnasléttun og öðru sem hefur áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minjanna og aðstæðum. Birtar eru lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í skránni eru fornleifakort yfir hverja jörð sem sýna dreifingu minjastaða. Að lokum eru birtar helstu niðurstöður skráningarinnar með samantekt um helstu minjaflokka (4. kafli) auk tillagna um varðveislu og kynningu fornminja á svæðinu (5. kafli).

Þessi áfangi fornleifaskráningar í Grindavíkurhreppi var unnin af Þóru Pétursdóttur undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings. Höfundur vill koma á framfæri kærum þökkum til heimildamanna sinna er sýndu ómælda þolinmæði og góðvild við vinnslu skýrslunnar. Auk þess eru Oddi Thorarensen byggingafulltrúa Grindavíkurkaupstaðar og

starfsfólki Vinnustofunnar Þverár færðar þakkir fyrir liðlegheit. Að lokum er Mía Jónssyni sagnfræðingi færðar kærar þakkir fyrir yfirlestur skýrslunnar.

2. Löggjöf um minjavernd

Á undanförnum árum hefur lögum um verndun fornleifa verið breytt og eftirlit með framkvæmd þeirra aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í þjóðminjalögum (nr. 107/2001), en þar segir í 11. gr.: “Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.” Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: “Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.”

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þesari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

¹ Orri Vésteinsson: *Menningarminjar í Grindavíkurkaupstað*, Reykjavík 2001.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr. Þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er... Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.”

3. Skrá yfir fornleifar


GK-011 Þorkötlustaðir (Þorkötlustaðir)

60 hdr 1840, óviss 1703. Eign Skálholtsstaðar. Hefur selstöðu í landi Krýsuvíkur, á Vigdísarvöllum. JÁM III, 11, 14. Hjáleigur 1703: Eyvindarhús, Ormshús, England, Klöpp, Bugðunga. JÁM III, 12-13. 1840: Ætíð hefir þar verið tvíbýli, en nú eru þar þrjú bændur, hjáleigur: Einland, Klöpp og Bullunga og tómthúsið Borgarkot. SSG, 139. 1847: Jarðardýrleiki 66 2/3 hdr. Hjáleigan Lambhúskot hefur þá bæst við 1847... "Eptir þremur afsals bréfum 8. August 1787 og 26. Janúar 1791 eru Þorkötlustaðir seldir í þrennu lagi (austurparturinn, vesturparturinn og miðparturinn). JJ, 84. Þrívýli var þar lengst af 19. öldinni. Stundum er jörðin kölluð Þorkötlustaðir.

1703: "Heimræði árið um kríng... Engjar öngvar. Sjór gengur á túnið og brýtur land að framan." JÁM III, 12, 14. 1840: "Þar eru slétt og stór tún og hartnær þriðjungur þeirra kominn í móa fyrir órækt og hirðuleysi. ... Þar er og sémilegt beitiland fyrir fáan fénað, en þar amar vatnsleysi sem víðar. Syðst í nesinu var fyrrum selalátur frá Þorkötlustöðum, en nú hefir selurinn vegna brims og uppbrots yfirgefið látrin." SSGK, 139. "Mikið af landi hennar er eldbrunnið, og bæirnir standa austast í landareigninni við sjóinn... Land jarðarinnar er frekar mjótt, en nokkuð langt." Ö-Þorkötlustaðir AG, 1, 3. "...tiltölulega mikið sléttlendi, lending dágóð í Þorkötlustaðasundi og margvísleg hlunnindi í Nesinu." Saga Grindavíkur I, 129.

GK-011:001 Þorkötlustaðir (Þorkötlustaðir) bæjarhóll bústaður

63°50.420N 22°23.424V



Þorkötlustaðir eru tveir austustu bæirnir við Þorkötlustaðaveg (en svo nefnist vegurinn er sveigir suðaustur af Austurvegi í Þorkötlustaðahverfið), aðeins Buðlunga stendur austar. Af bæjunum fimm sem stóðu á Þorkötlustaðatorfunni og sýndir eru á túnakorti 1918 eru aðeins tveir eftir, þ.e. Miðbær og Vestari-Vesturbær. Áður voru þarna einnig Vesturbær, sem stóð á milli Miðbæjar og Vestari-Vesturbæjar, og síðan Austurbær og Eystri-Austurbær, sem báðir stóðu austan við Miðbæinn. Bæði Miðbær og Vestari-Vesturbær eru bárujármsklædd háreist hús á steiptum grunni.

Að sunnanverðu er greinilegt að húsín standa á smá bingu en að norðanverðu er sléttá malarplan þar sem Þorkötlustaðavegurinn liggur í suðaustur-norðvestur.

21.9.1670: "Áður en Sigmundur [Jónasson] tók við búi á Þorkötlustöðum, voru hús öll á jörðinni skoðuð og metin.. nú vistarverur innanbæjar og skiptust í stóra skála, litlu og stóru baðstofu, vesturskála, "hornshús", "hús innar af skála", eldhús, klefa og anddyri. Útihús voru fjós, hlaða, smiðja og skemma og loks tveir hjallar, annar heima við bæ, en hinn frammi á nesinu. Öll voru húsín orðin gömul og hrörleg, og um sum var þess getið, að þau væru að hrúni komin vegna elli og fúa. Útveggir voru flestir sagðir "trosnaðir" og illa farnir, en innveggir virðast sumir hafa verið öllu skár komnir. Mörg útihúsanna voru hurðarlaus og viðrast hvorki hafa haldið vatni né vindi." Saga Grindavíkur I, 129-130.


Rannsókn í Gullbringu og Árnessýslu sumarið 1902 eftir Brynjúlf Jónsson: "Á Þorkötlustöðum í Grindavík var í vor (1902) bygd heyhlaða í bæjarhúsaröðinni og grafið fyrir henni nál. 3 al. djúpt í jörð. Þar komu menn niður á merkilegar byggingarleifar. Kom fram grjóttveggur langsetis eftir gröfnni, þeim megin sem inn vissi í húsagarðinn. Neðst framundan þeim vegg svo sem 1/2 al. breitt þrep, tæplega hnéhátt, alveg slétt að ofan, og svo vandað og óhaggað, að byggingarmenn létu það standa og höfðu það fyrir undirstöðu undir bakvegg hlöðunnar. Ofan á þessu þrepi var sémilegur grjóttveggur, rúml. 1 al. á hæð, eða að þrepinu meðtöldu um 2 al. á hæð. Langs með þessu þrepi, svo sem 2 al. frá því, lá grjótbálgur eftir endilöngu, viðlíka hár og þrepið, eða vart við það. Hann var nál. 2 al. breiður og allur lagður flötum hraunhellum ofan. Á þeim var öllum eldslitur. Var mér sýnt brot úr einni þeirra og var eldsliturinn auðsær. Hinumegin bálsins, viðlíka langt frá honum, sáust leifar af framvegg. En auðséð var að hann hafði einhverntíma áður verið rifinn og mestallt grjótið úr honum

tekið burtu. Báðum megin við bálkinn var gólfskán, um 2. þuml. á þykt. En ofan á henni var þykt lag af svörtum sandi, sem líktist eldfjallaösku. Tveir byrkidrumbar láu í tóftinni, annar var brunninn utan, en ófúinn innan, nál. 6 þuml. í þvermál; hinn viðlíka digur, óbrunninn og með berki, en fúinn. Eigi var grafið fyrir enda þrepsins eða bálsins; var gröfin þó vel 12 al. löng. Tóku bæjarhúsin við að norðanverðu. En í suðurenda grafarinnar tók við fjósflór; og var að sjá, sem fjósið hefði verið framhald sömu byggingarinnar. Þetta virðast hafa verið leifar af fornum "eldaskála". Prepið ætlað til að sitja á, en bálkurinn arinn, til að kinda langeld á, og er merkilegt, að hann var upphleyptur. Eldfjallaskan ofan á gólfskáninni bendir til þess, að bærinn hafi lagzt í eyði um hríð og tóftirnar staðið opnar fyrir öskufalli. Má og vera að hraunið, sem myndar Þórkötlustaðanes og runnið hefur á báða vegu við túnið, sé yngra en bygging landsins, og verður þetta þá auðskilið." BJ.

Sunnan og suðaustan við húsin tvö sem nú standa á bæjarhólnum eru miklar hleðslur, líklega að mestu leifar kálgarðanna sem sýndir eru á túnakorti 1918. Hins vegar eru A og B austan við Miðbæinn greinilega tóftir. Svæðið allt er um 96x72 m að stærð, að meðtöldum bæjarhólnum sem núverandi bæjarhús standa á. Hleðslurnar standa nokkuð heillegar en grónar og eru ýmist úr torfi og grjóti eða grjóti eingöngu, tilhoggnu að hluta. Hleðsluhæð er mest um 1,3 m og umfór allt að tú. Greinilegt er að hleðslur hafa verið fjarlægðar á nokkrum stöðum, en einnig að grjót hefur verið fjarlægt úr öðrum. Sunnan kálgarðanna voru útihús bæjanna skv. túnakorti 1918, og eru nú fjárhús bæði sunnan við Miðbæ og suðvestan við Vestari-Vesturbæ. Leifar eldri húsa sjást hins vegar ekki greinilega og má vera að einhverjar þeirra séu nú lentar undir kámpinum, en ágangur sjávar á landið er mjög mikill.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JJ 1847, 84; Saga Grindavíkur I, 129-130; BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnassýslu sumarið 1902." Árb. 1903, 47




GK-011:002 tóft útihús

63°50.392N 22°23.546V

Tvöfalt útihús var vestast í suðurjaðri túnsins, samkvæmt túnakorti frá 1918. Um 50 m suðvestur af Sólbakka í suðvesturhorni sléttads túns er torfkofi.

Fast sunnan við hann er stórgrýttur sjávarkámpur.

Kofinn er um 6x3 m og snýr í austur-vestur en dyr eru á vesturgaffli. Hann er um 2 m hár, en hleðslur í norður- og suðurvegg eru um 1 m háar. Þær eru úr torfi og grjóti auk þess sem eitthvað er steyp í þær. Laupurinn er úr timbri. Bæði í kampsbrúninni sunnan við kofann og norðvestan við hann eru lágar garðhleðslur sem loka af um



6x4 m stóru hólfi vestan við hann. Á því er op til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:003 heimild um fjárhús

63°50.399N 22°23.499V

Samkvæmt túnakorti 1918 voru útihús skammt austan við útihús 002. Þar voru fjárhús frá Austurbæjunum og voru þau um 15 m suðvestur af Sólbakka.

Nú skemma á sléttuðu malarplani.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:004 heimild um fjárhús

63°50.383N 22°23.467V

Samkvæmt túnakorti 1918 var útihúsasamstæða sunnan og vestan við kálgarð, um 50 m suður af vestustu bæjarhúsunum. Þar voru fjárhús og fiskverkunarhús frá Vesturbæjunum. Þarna eru nú fjárhús, um 50 m suðvestan við Vestari-Vesturbæ.

Umhverfis húsinn er sléttuð plan, en sunnan þeirra eru aðeins um 10 m fram á sjávarkampinn.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:005 heimild um fjárhús

63°50.386N 22°23.439V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihúsasamstæða um 50 m sunnan við Miðbæinn á milli fjárhúsa 004 og fiskverkunarhúss 006. Þar voru fjárhús fiskverkunar- og salthús frá Miðbænum. Á milli Vestari-Vesturbæjar og Miðbæjar eru traðir 034 suður að sjó. Samkvæmt túnakorti virðist fjárhús 005 vera austan við suðurenda traðanna.

Nú fjárhús og sléttuð plan vestan við þau.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:006 heimild um útihús

63°50.381N 22°23.418V

Samkvæmt túnakorti var útihúsasamstæða sunnan og vestan við kálgarð, um 60 m suður af Vestari-Austurbæ, fast austan við fjárhús 005. Þar var fiskverkunar- og salthús frá Vestari-Austurbæ.

Þarna eru nú fjárhús, um 50 m sunnan við Miðbæinn, og sléttuð plan vestan við þau.


Hleðslubrot eru utan í fjárhúsunum vestanverðum og steinhellur eru í planinu en engar tóftir.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:007 tóft útihús

63°50.386N 22°23.394V



Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús vestan í austasta kálgarðinum um 40 m sunnan við Austurbæinn. Þar var fiskverkunar- og salthús frá Eystri-Austurbæ. Um 30 m sunnan við Miðbæinn eru nú fjárhús og fast austan við þau er grjóthlaðinn garður í norður-suður. Austan í honum, við fjárhúsin, er tóft sem líklega samsvarar 007 á túnakorti.

Umhverfis eru grónir og þýfðir gamlir kálgarðar.

Tóftin er einföld, um 11x4 m að stærð og opin til suðurs. Grjótgarðurinn er vesturveggur tóftarinnar, en hann er um 1 m á hæð hlaðinn úr stóru grjóti, um fjögur umför. Austurveggur er hlaðinn úr talsvert minna grjóti en umför eru þar allt að sex. Norðurveggur er að mestu fallinn. Nokkuð er af grjóti eða hellum í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:008 heimild um brunn

63°50.417N 22°23.428V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var brunnur skammt norðan við Miðbæ og að honum liggur gata frá Einlandi. Brunnurinn var notaður af öllum bæjunum en hann var um 40 m norðan við Miðbæinn.

Þarna er nú sléttað malarplan sem Þórkötlustaðavegur liggur um í austur-vestur.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:009 tóft hesthús

63°50.426N 22°23.404V


Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihúsamstæða norðan við kálgarð við norðausturhorn Austurbæjarinn. Norðan við Miðbæinn er annað íbúðarhús, Valhöll, og á milli þeirra tvær bárujárnsklæddar skemmur. Sunnan í syðri skemmuni er hesthústóft.

Fast sunnan við tóftina liggur Þórkötlustaðavegur í austur-vestur en sunnan hans er sléttað malarplan.

Suðurveggir beggja skemmanna eru að hluta til grjóthlaðnir og gengur hesthústóftin út úr hlöðnum vesturenda syðri skemmunnar. Hún er um 4x4 m að stærð og snýr í norður-suður. Á henni er enginn suðurveggur. Hún er grjóthlaðin og standa hleðslur allvel, sérstaklega í norðurvegg sem er sambyggður skemmuni. Þar er hleðsluhæðin um 1,5 m og umfór allt að átta. Um 10 m austan við tóftina er hlaðinn kálgarður 035.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

**GK-011:010** gerði kálgarður

63°50.475N 22°23.599V


Samkvæmt túnakorti frá 1918 er kálgarður um 50 m vestan við Lambhúskot GK-015:001. Garðurinn var frá Eystri-Vesturbæ og er um 200 m norðvestur af bæjarhól 001, vestast í sléttuðu túni, beint sunnan við Búðir.

Umhverfis er sléttað tún.


Kálgarðurinn er um 24x8 m að stærð og ekkert greinilegt op á honum. Veggir hafa líklega verið grjóthlaðnir en eru nú bæði grónir og fallnir að hluta. Vestur- og norðurveggur standa grónir en austur- og suðurveggur eru fallnir, en þó sér vel móta fyrir þeim. Hleðslur eru mest um 1,5 m á hæð og umfór allt að fimm.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

**GK-011:011** tóft fjárhús

63°50.498N 22°23.315V



Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru útihús skammt suðaustan við býlið Móa er stóð um 200 m norðnorðaustur af Þórkötlustöðum. Um 10 m sunnan við eystri kálgarðapýrpinguna 037 að Móum, um 170 m norður af bæjarhól 001, er hóll í sléttuðu túni. Þar voru fjárhús.

Allt umhverfis er sléttað tún.

Hóllinn er algróinn, um 6x4 m að stærð, um 1,5 m hár og nokkurn veginn ferhyrndur að lögun.

Ekkert grjót er sýnilegt í hólnum en nokkuð óslétt er í túninu fast umhverfis hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:012 tóft fjárhús

63°50.364N 22°23.076V


Samkvæmt túnakorti frá 1918 eru tvískipt útihús í suðausturhorni túns, austan við Klöpp GK-013:001. Fjárhústóftir eru í túninu austan við Buðlungu GK-012:001, um 300 m austur af bæjarhól 001 og um 40 m suðsuðvestur af tóft 050.

Umhverfis tóftirnar er óslétt tún en fast sunnan þeirra er stórgrýttur sjávarkampur. Um 6 m austan við tóftirnar er grjóthlaðinn túngarður 046 í norður-suður.

Tóftirnar eru um 8x7 m að stærð, grjóthlaðnar með torfi yfir. Hleðslur eru grónar og signar og er hæð þeirra mest tæpur 1 m. Umfór grjóts eru allt að fjögur. Hólf eru þrjú, tvö samsíða austanmegin, bæði með op til norðurs, en eitt vestanmegin með op til vesturs. Austasta hólf er ógreinilegast. Sjávarkampurinn er kominn alveg upp að tóftunum sunnanverðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918



GK-011:013 *Buðlunguvör* heimild um lendingu

63°50.357N 22°23.357V



Í örnefnaskrá AG segir: "Austast á merkjum móti Hrauni, niður við sjóinn, er bás inn í klettana, og heitir hann Markabás...Vestur frá Markabás eru smáhvilftir og kvosir með sjó, sem heita einu nafni Básar. Ná þeir vestur að svonefndri Stóruklöpp. Vestan hennar er aðallendingin, sem nefnd er Buðlungavör. Fram undan vörinni eru tveir boðar, sem heita Fjósi og sá ytri Lambhúsi." Guðsteinn Einarsson segir: "Austan við Bótina, í klettunum niður af Þórkötlustaðabæjunum, er Buðlungavör. Meðan árabátarnir voru, var sú vör notuð, alltaf þegar fært þótti, en í öllu misjöfnu var lent í Nesinu, sem kallað var, og áttu þeir Þórkötlustaðamenn því aflann eftir hverja vertíð á tveim stöðum. Þetta breyttist þegar vélar komu í bátana (trillur). Eftir

það var eingöngu lent í Nesinu." Ef gengið er suður traðinnar 034 milli Miðbæjar og Vestari-Vesturbæjar, sem enn standa á Þórkötlustaðatorfunni, fram á kampinn og þá lítið eitt austur, gengur klöpp í suðsuðaustur fram í sjó. Austanvið klöppina er lygnara en þar er landingin í Buðlunguvör.

Stórgrýttur sjávarkampur og svartar hraunklappir í sjó fram.

Engin mannvirki eru þarna við sjóinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir AG, 1; GE Frá Valahnúk, 39-42

Ljósmynd: Buðlunguvör, horft í suður

GK-011:014 *Ormsshús* bæjarstæði býli

Hjáleiga 1703: "... kölluð Ormsshús, en áður kölluð Lundun." JÁM III. Ekki er vitað hvar hún stóð.

Heimildir: JÁM III, 12

GK-011:015 varða mið

63°50.369N 22°23.350V

"Túnið á Buðlunga liggur að (Buðlungu)vörinni og sundvarðan var þar neðst í túni", segir í örnefnaskrá AG. Buðlunga er austasti bærinn við Þórkötlustaðaveg, en þar er nú lágreist steyp tús. Sunnan við húsið fram á kampinn er sléttá tús og stóð varðan syðst í því, suðvestur frá húsinu.


Kampurinn er kominn talsvert inn í túnið og því mikið af grjóti í því.

Sjórin lagði vörðuna reglulega útaf en hún var alltaf endurhlaðin á meðan lent var í Buðlunguvör. Nú hefur sjórin hins vegar tekið hana. Sundvarða við Buðlungu átti að bera í fjós og lambhús á túninu hjá Einlandi og þaðan eru þessi nöfn boðanna (sjá 013) dregin .

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir AG, 1

GK-011:016 tóft fjárhús

63°50.411N 22°23.264V



Um 100 m austur af bæjarhól 001 og um 20 m austan við íbúðarhús í Buðlungu, er bárujárnsskúr. Fast norðan við hann er fjárhústóft.


Umhverfis tóftina er sléttá tús en malarplan til suðvesturs.

Tóftin er um 8x6 m að stærð en óljóst hvar op hefur verið. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og eru mjög grónar og signar. Hæð þeirra er mest um 0,5 m. Tóftin er tveggja hólfa og er nyrðra hólfið mun ógreinilegra. Vesturveggur er nær alveg útflattur. Talsvert er af grjóti á dreif í kringum tóftina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:017 *Stekkjartún* tóft stekkur

63°49.763N 22°23.861V



Í örnefnaskrá AG segir: "Austur af vitanum er hóll, sem heitir Leiftrunarhóll... Þar austar er Leiftrunarhóllinn, og fram af honum Stekkjarfjara...Upp af Stekkjarfjörinni er grasblettur nefndur Stekkjartún." Leiftrunarhóll er afar áberandi hár og gróinn hóll í svörtu úfnu hrauni suðaustan í Þórkötlustaðanesi. Á milli Leiftrunarhóls og Þórshamars, sem er syðsta húsarústin í Nesinu og stendur skammt sunnan Nesvarar 024, er Stekkjartún. Það er um 50 m austan vegarins um Nesid.

Það er gróið en grýtt graslendi, mjög óslétt.

Í Stekkjartúni eru nokkrar tóftir, einhverjar þeirra eru þó ungar frá því búið var í Nesinu. Suðvestast í túninu, þar sem hraunið tekur við, er dálítill hvilft og í henni garðhleðsla.

Ekki er víst að þar sé kominn stekkurinn sem nafnið er dregið af. Hleðslur eru úr hraungrýti og fallnar að miklu leyti. Hæð þeirra er mest um 0,5 m og umför tvö. Gerðið er um 14x12 m að stærð og óvíst hvar op hefur verið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir AG, 2

GK-011:018 *Skógfellsvegur* varða leið

63°51.487N 22°23.773V

"Norður af Vatnsheiði er kallað Sprengisandur. Um hann lá gamli vegurinn, einnig um Lynggrima... Dalahraun. Það hraun er frekar mishæðalítið, nema þar rís norðar allhátt fell, sem heitir Stóra-Skógfell. Austan þess er gamall vegur, nefndur Skógfellsvegur. Norðan þess er línun um Skógfellsbraun...", segir í örnefnaskrá AG. Í örnefnaskrá LJ segir: "Austan Svartsengis eru sléttar klappir með melum og vikri á milli og heitir þar Sprengisandur og lá gamli Vogavegurinn þar um." Merkt gönguleið er eftir Skógfellsvegi frá íþróttavellinum í Grindavík. Einnig er hægt er að aka að honum ef sveigt er norður af Austurvegi skammt austan við Hraun, þar sem malarnámið er. Þar er slóði, ágætlega fær, og liggur vestur fyrir Vatnsheiði. Þar eru vörður og vörðubrot en Skógfellsvegur lá þarna í norður, austan við Skógfell.

Vegurinn liggur um úfið mosagróið hraun sem hækkar mjög aflíðandi til norðurs.

Skammt austan við þjóðveginn austan Þorbjarnar er fallega vörðuð leið í norður-suður, en hún liggur úr Járngerðarstaðalandi og sameinast Skógfellsveginum þarna norðar. "Vogavegurinn liggur austan Stóra-Skógfells og var nefndur þar Skógfellsvegur og tekur við af Sprengisandi.", segir í örnefnaskrá LJ. GK-016:020 er "afleggjari" er af Skógfellsvegi til Hóps og Járngerðarstaðahverfis.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir AG, 3; Ö-Þórkötlustaðir LJ, 4

GK-011:019 *Randeyðarstígur* gata leið

63°50.470N 22°23.054V

"Randeyðarstígur er gata á milli Hrauns og Þórkötlustaða og var hann farinn áður fyrr, er aðalumferðargatan lá fyrir neðan Þórkötlustaði og var þar komið á Eyrargötuna 027.", segir í örnefnaskrá LJ. Tóftir Hraunkots 051 eru austast í túninu, um 300 m austnordæstur af bæjarhúsum 001, við túngarðinn. Gatan milli Hrauns og Þórkötlustaða lá í austur-vestur í gegnum hraunið með stefnu á kotið.

Frá Hraunkoti vestur að Þórkötlustöðum eru sléttuð tún.

Það sér móta fyrir götunni í hrauninu austan Hraunkots og best í landi Hrauns. Hins vegar er hún horfin í túninu vestan kotsins.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 3

GK-011:020 *Markhóll* heimild um landamerki

63°50.473N 22°22.779V

Í örnefnaskrá NN segir: "Austast á merkjum móti Hrauni er bás inn í klettana er heitir Markbás þar utar er tangi er gengur fram í sjó og heitir Slok og upp af honum er Slokahraun þar ofar er Markhóll smáhóll upphlaðinn á Leiti milli bæjanna." Þarna eru tveir hólar, grórir í toppinn, alveg á kampinum og er Markhóll sá syðri af þeim. Girðing liggur þarna í suður frá Austurvegi með stefnu á hólinn.

Umhverfis hólinn er úfið mosagróið hraun.

Hann er um 7 m hár, gróinn í toppinn og sker sig greinilega úr umhverfinu. Ekki er að sjá í honum neinar hleðslur en má vera að honum hafi verið rutt upp, enda mjög hár.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir NN, 1

GK-011:021 *Þjóðsaga* legstaður

63°50.371N 22°23.087V

Í örnefnaskrá NN segir: "Í túninu austur af bæ er sagt að sé leiði Þórkötlu." Ekki er vitað hvar það muni vera.

Hættumat: hættu, vegna sléttunar

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir NN, 1

GK-011:022 *Hraunsgarðar* garðlag herslugarður

63°49.908N 22°23.980V

"Norður af honum [Leiftrunarhóli] er Stekkjartún 017, sem nær að Flæðitjörn...Vestan Flæðitjarnar eru hlaðnir grjótgardar, Hraunsgarðar.", segir í örnefnaskrá LJ. Gardarnir eru beint vestur af Nesvör 024, fast vestan vegarins um Nesið.

Gardarnir eru í úfnu hrauni, uppgrónu að hluta.

"Hraunsmenn þurrkuðu þar skreið, þegar þeir lentu í Nesvör.", segir í örnefnaskrá LJ. Gardarnir liggja þarna um allt og virðast ekki fylgja neinu ákveðnu mynstri. Þeir eru hlaðnir úr hraungrýti, fallnir að miklu leyti. Umför grjóts



eru varla fleiri en þrjú.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 1

Ljósmynd: Hraungarðar, horft í suður

GK-011:023 *Krabbagerði* garðlag herslugarður

63°50.001N 22°23.876V



"Norður af honum [Leiftrunarkhóli] er Stekkjartún 017, sem nær að Flæðitjörn...Vestan Flæðitjarnar eru hlaðnir grjótgardar, Hraungarðar 022. Skotti er nokkuð stór pollur ofan kampsins norðan Vararinnar og þar norður af er hóll, flatur að ofan með hlöðnum grjótgörðum, kallaður Krabbagerði.", segir í örnefnaskrá LJ. Krabbagerði er um 70 m austan við rústir Hafnar sem var nyrsti bærinn í Nesinu en þær blasa við þegar vegurinn um Nesið sveigir suður úr hrauninu.

Hóllinn sjálfur er gróinn og allt umhverfis hann, nema til austurs þar sem stórgrýttur kampurinn skriður inn í landið.

Hleðslur eru alveg fallnar og virðist sem grjót hafi verið fjarlægð úr þeim, því aðeins eru eftir grjótraðir grónar í svörðinn. Af þeim má hins vegar sjá hvernig mynstrið var, þ.e.

líklega sex aðskildir garðar í austur-vestur. Hver og einn er 10-12 m langur og um 1 m á milli þeirra.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 1

Ljósmynd: Krabbagerði, horft í austur

GK-011:024 *Nesvör* heimild um lendingu

63°49.925N 22°23.743V

"Niður undan og norðan Leiftrunarkhóls er Stekkjarfjara... Síðan tekur við Vörin stundum kölluð Nesvör til aðgreiningar frá Buðlungavör... Upp af Vörinni og norðan við Flæðitjörn er Sundvörðuhóll, þar stendur Sundvarða 065", segir í örnefnaskrá LJ. Nesvör er u.þ.b. í miðju Þórkötlustaðanesi austanverðu, um 100 m sunnan rústanna af Höfn sem var nyrsti bærinn í Nesinu.

Mjög hár og stórgrýttur sjávarkampur.

Guðsteinn Einarsson segir: "Meðan árabátarnir voru, var Buðlungavör 013 notuð, alltaf þegar fært þótti, en í öllu misjöfnu var lent í Nesinu, sem kallað var, og áttu þeir Þórkötlustaðamenn því aflann eftir hverja vertíð á tveim stöðum. Þetta breyttist þegar vélar komu í bátana (trillur). Eftir það var eingöngu lent í Nesinu." Þarna eru steypar leifar bryggjunnar (reist 1932-3) nú uppfullar af grjóti sem sjórinn hefur rutt upp í þær.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 2; GE Frá Valahnúki, 39-42

GK-011:025 *Látragötur* gata leið

63°49.756N 22°23.844V



"Látragötur eru slóðar úr vestur enda Stekkjartúns 017 fram í Látur.", segir í örnefnaskrá LJ. "... úr vesturenda Stokkátúns og fram í látrin eru götuslóðar, sem Látragötur heita." segir í Sögu Grindavíkur I. Stekkjartún er fast sunnan við Þórshamar sem er syðsta bæjarrústin í Nesinu. Í Stekkjartúni eru margir troðnir götuslóðar sem stefna í suðvesturhorn túnsins en hverfa þar út í úfið hraunið. Þar sér þó móta fyrir þeim á köflum.

Slóðarnir liggja í grónu túni en einnig mótar fyrir þeim í hrauninu sunnan við túnið.

Göturarnar eru ekki sérlega djúpar en afar greinilegar, allt að fjórir paldrar saman.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 2; Saga Grindavíkur I, 45

Ljósmynd: Látragötur, horft í suður eftir Stekkjartúni 011:017

GK-011:026 *Brunnflatir* heimild um brunn

63°50.368N 22°23.799V

"Framundan Krabbagerði í flæðarmálinu og við syðri enda Herdísarvíkur eru háar klappir nefndar Draugur. Þar norður af er vík, Herdísarvík. Upp af henni í norðurenda eru kletthólar, sem heita Kóngar. Upp af Kóngum tekur við Kóngahraun...og inn undir miðju Nesi í norðvestur frá Kóngahrauni er hár hóll með grasþúfu í toppinn, sem heitir Gjáhóll. Hjá Gjáhól er löng lægð...sem heitir Gjáhólsgrjá.... Síðan tekur Þórkötlustaðabót við og

skiftist hún í tvo hluta. Fyrst Syðri-bót og síðan Heimri-bót... Upp af Heimri-bót eru sandflatir nefndar Brunnaflatir.", segir í örnefnaskrá LJ. Fast sunnan við hraðfrystihúsið, um 400 m vestsuðvestur frá bæjarhól 001, er Heimri-bót og sunnan hennar Syðri-bót. Upp af þeim til vesturs eru Brunnflatir. Eftir þeim liggur vegurinn um Nesið.

Brunnflatir voru áður söndugar en eru nú uppgrónar allt vestur í hraunið.

"Neðst á Brunnflötum við kampinn var grafinn brunnur, þar sem skepnum var vatnað áður en brunnur var grafinn hjá Þórkötlustöðum. Eftir Brunnflötum lá gata 027 og sunnan við sandorpnar hæðir vestur af Brunnflötum, við norður enda Gjáhólsgjáar í átt að Rifinu (Eyri).", segir í örnefnaskrá LJ. Í norðurenda Brunnflata, um 100 m sunnan hraðfrystihússins og um 50 m vestan kampsins, er gróin hringlaga gróp um 1 m í þvermál. Umhverfis hana er talsvert af grjóti gróið í svörðinn. Óvíst er hvort þetta eru leifar brunnsins því skv. örnefnaskrá var hann við kampinn og má vera að hann sé fyrir löngu kominn undir hann.

Hættumat: hætta vegna landbrots

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 3

GK-011:027 *Eyrargata* heimild um leið 63°50.323N 22°24.022V

"Framundan Krabbagerði í flæðarmálinu og við syðri enda Herdísarvíkur eru háar klappir nefndar Draugur. Þar norður af er vík, Herdísarvík. Upp af henni í norðurenda eru kletthólar, sem heita Kóngar. Upp af Kóngum tekur við Kóngahraun...og inn undir miðju Nesi í norðvestur frá Kóngahrauni er hár hóll með grasþúfu í toppinn, sem heitir Gjáhóll. Hjá Gjáhól er löng lægð...sem heitir Gjáhólsgrjá...Síðan tekur Þórkötlustaðabót við og skiftist hún í tvo hluta. Fyrst Syðri-bót og síðan Heimri-bót...Upp af Heimri-bót eru sandflatir nefndar Brunnaflatir.", segir í örnefnaskrá LJ. Brunnflatir 026 eru grónar sandflatir nyrst og austan í Nesinu. Vestan við þær, í hrauninu er Gjáhóll gróinn í toppinn með tveimur hundapúfum.

Úfið mosagróið hraun.

"Neðst á Brunnflötum við kampinn var grafinn brunnur 026, þar sem skepnum var vatnað áður en brunnur var grafinn hjá Þórkötlustöðum. Eftir Brunnflötum lá gata og sunnan við sandorpnar hæðir vestur af Brunnflötum, við norður enda Gjáhólsgjáar í átt að Rifinu (Eyri). Hét hún Eyrargata en lítið markar fyrir henni nú.", segir í örnefnaskrá LJ. Gatan hefur líklega legið í austur-vestur yfir Nesið að Rifinu sem nú hefur verið opnað og gert að höfn Grindavíkur. Ekki sér til götunnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 3

GK-011:028 heimild um leið 63°50.580N 22°23.778V

"Önnur gata en Eyrargata 027 er norðar og liggur um Kirkjuhóla og fram hjá Hópi.", segir í örnefnaskrá LJ. Kirkjuhólar eru um 600 m vestnorðvestan við Þórkötlustaði 001 fast sunnan við Austurveg (þ.e. núverandi þjóðveg).

Uppgrónir hraunhólar.

Gatan lá í austur-vestur á milli Hóps og Þórkötlustaða og áfram austur. Í Kirkjuhólum er gatan horfin en austar, sunnan undir Austurvegi um 400 m norðvestur af bæjarhól 001 beint norðan Klappar og Teigs, er hún vel greinileg. Þar hefur grjót verið fjarlægt úr götunni og ræðað meðfram henni. Auk þess sér móta fyrir henni í hrauninu milli Þórkötlustaða og Hrauns. Gatan lá nokkurn veginn eins og vegurinn sunnan við Efra-Land og Heimaland liggur nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 3

GK-011:029 *Vötnin* heimild um þvottastað 63°50.260N 22°23.845V

"Framundan Krabbagerði í flæðarmálinu og við syðri enda Herdísarvíkur eru háar klappir nefndar Draugur. Þar norður af er vík, Herdísarvík. Upp af henni í norðurenda eru kletthólar, sem heita Kóngar. Upp af Kóngum tekur við Kóngahraun...og inn undir miðju Nesi í norðvestur frá Kóngahrauni er hár hóll með grasþúfu í toppinn, sem heitir Gjáhóll. Hjá Gjáhól er löng lægð...sem heitir Gjáhólsgrjá... Síðan tekur Þórkötlustaðabót við og skiftist hún í tvo hluta. Fyrst Syðri-bót og síðan Heimri-bót... Upp af Heimri-bót eru sandflatir nefndar Brunnaflatir... Austur af Heimri-bót taka við Vötnin. Þar rennur ósalt vatn um fjöru...", segir í örnefnaskrá LJ. Í Neskrikanum, um 500 m suðvestur af bæjarhól 001 ganga svartar klappir úti sjó, þar eru Vötnin.

Ofan við klappirnar er stórgrýttur kampur en sandfjara næst þeim.


Engar fornleifar eru á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 3; Saga Grindavíkur I, 47

GK-011:030 *Eyvindarhús* bæjarstæði býli 63°50.511N 22°23.771V

Um 350 m norðvestur af bæjarhól 001 og um 100 m vestan við Búðir er steypur grunnur á smá bungu í sléttuðu



túni. Þar voru Eyvindarhús. Umhverfis eru sléttuð tún en óslétt grýtt svæði til norðurs. Hjáleiga 1703: "Eivindarhús." JÁM III. Eyvindarstaðir hét kot í norðvesturhorni Þórkötlustaðatúns 1918. Þar stóð síðast timburhús en það ásamt Miðhúsum (sjá túnakort 1918) var flutt í Járngerðarstaðahverfi um

1950. Eitthvað er af grjóti utan í grunninum, ein greinileg hleðsla, þrjú umför, fast austan við hann. Vestan við grunninn er smá hóll og talsvert af grjóti í honum. Norðan í honum er grjóthlaðin tóft um 5x5 m að stærð. Hleðslur eru fallnar að hluta en umför mest fjögur og hleðsluhæð um 0,7 m. Til vesturs úr tóftinni gengur grjóthlaðinn garður, um 10 m, en sveigir þá til suðurs um túnið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 12; Túnakort 1918

GK-011:031 heimild um hjall

63°50.420N 22°23.424V

21.9.1670: "Áður en Sigmundur [Jónasson] tók við búi á Þórkötlustöðum, voru hús öll á jörðinni skoðuð og metin... Útihús voru fjós, hlaða, smiðja og skemma og loks tveir hjallar, annar heima við bæ, en hinn frammi á nesinu." Saga Grindavíkur I. Óvíst er hvar hjallarnir voru en líklegast er að þeir hafi verið nálægt lendingunum, Buðlunguvör 013 og Nesvör 024.

Heimildir: Saga Grindavíkur I, 129

GK-011:032 Borgarkot bæjarstæði býli

63°50.442N 22°23.470V

1840: "Tómthúsið er kallað Borgarkot og stendur fyrir norðan bæinn vestasta." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar býlið var. Hnit tekið norðan við Vestari-Vesturbæ, í túninu vestan við Valhöll. Þar er hóll í sléttuðu túni, um 40 m norður af Vestari-Vesturbæ, en engar tóftir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSGK, 139

GK-011:033 garðlag herslugarður

63°50.421N 22°22.861V



Slokahraun er á merkjum Þórkötlustaðahverfis og Hrauns, þar eru leifar fiskgarða. Ef gengið er austur með sjávarkampinum frá Þórkötlustöðum í átt að Hrauni er komið í Slokahraun fast austan við túngarðinn 046.

Slokahraun er mosagróið apalhraun og liggja landamerkin um mitt hraunið.

Garðarnir eru hlaðnir úr hraungrýti og liggja þvers og kruss um hraunið án þess að mynda ákveðið munstur. Þeir eru mosagrónir en misvel standandi, hleðsluhæðin er milli 0,5-1 m. Umför eru allt að tíu. Garðarnir teygja sig allt austur fyrir Markhól 020, en eru þá í Hraunslandi. Svæðið er um 100x100 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Saga Grindavíkur I, 47

Ljósmynd: Herslugarðar, horft í norðaustur að Hrauni

GK-011:034 vegur traðir

63°50.391N 22°23.440V

Á milli Vestari-Vesturbæjar og Miðbæjar eru traðir suður að sjávarkampi, eins og sést á túnakorti 1918.

Hlaðnir kálgarðar beggja vegna traðanna.

Traðirnar eru um 30 m langar og um 3 m breiðar, þó aðeins breiðari í nyrsta hlutanum. Hleðslurnar eru grjóthlaðnar en allgrónar á köflum. Hleðsluhæðin er mest um 1,5 m og umför allt að átta. Breidd hleðslna er um 0,5 m. Akfær slóði liggur eftir tröðunum fram að sjávarkampi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:035 gerði kálgarður

63°50.426N 22°23.383V


Kálgarður er um 20 m austnorðaustan við Miðbæinn 001, fast norðan við Þórkötlustaðaveg en sunnan við skemmurnar sem þar standa og hesthústóft 009. Hann er sýndur á túnakorti 1918.

Fast austan við kálgarðinn liggur heimreið að Einlandi (GK-014-001) og Bjarmalandi, en austan hennar eru sléttuð tún.

Garðurinn er um 22x16 m að stærð. Hann er grjóthlaðinn en hleðslur eru nú mjög grónar. Þær standa þó allar nema suðurveggur sem er horfinn að hluta, en þar er steypugrunnur sem gæti hafa rofið hann. Hleðsluhæð er mest um 1,5 m og umför allt að átta. Op eru a m k. tvö, annað í norðurenda austurveggjar en hitt á miðjum vesturvegg. Þar mótar fyrir hlöðnum tröppum, en talsverð lækun er niður í garðinn að vestanverðu. Í norðausturhorni garðsins er kofi með grjóthlöðnum veggjum en steypur að innan. Hann er um 4x3,5 m að stærð og hleðsluhæð um 1,5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

**GK-011:036** gerði kálgarður

63°50.522N 22°23.388V


Samkvæmt túnakorti 1918 eru kálgarðar um 20 m vestan við Móa um 200 m norður af bæjarhól 001, þeir eru enn greinilegir.

Umhverfis þá eru sléttuð tún, en í túninu austan garðanna er önnur kálgarðaþyrping (037).

Garðarnir eru um 58x20 m að stærð. Hleðslur eru bæði úr torfi og grjóti, þó sumstaðar eingöngu grjóti. Hólfín eru fjögur og liggja hvert af öðru í norður-suður. Hleðsluhæðin er mest um 1 m og umför allt að tíu. Úr austurvegg yrrsta hólfins liggur garðlag til norðurs, um 26 m langt, torf- og grjóthlaðið. Einnig liggur grjóthlaðinn garður til austurs úr suðausturhorni syðsta hólfins að kálgarðaþyrpingu 037. Engin ummerki er að sjá um hús að Móum nema það sem stóð syðst 093 á milli kálgarðaþyrpinganna tveggja (036 og 037) samkvæmt túnakorti 1918. Ekki er þó um eiginlegar tóftir að ræða heldur greinilega bungu í túninu sunnan í garðlaginu sem liggur á milli kálgarðaþyrpinganna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

**GK-011:037** gerði kálgarður

63°50.511N 22°23.337V


Samkvæmt túnakorti 1918 voru kálgarðar umhverfis bæjarhús að Móum, um 200 m norður af bæjarhól 001 og um 20 m austan við kálgarða 036. Kálgarðarnir eru enn greinilegir.

Umhverfis þá eru sléttuð tún.

Gerðin eru um 34x20 m að stærð, hlaðin úr torfi og grjóti. Hólfín eru þrjú, eitt stakt vestast sem snýr í norður-suður, með op til vesturs. Austan við eru tvö samliggjandi hólf sem snúa í austur-vestur og eru bæði opin til vesturs. Hleðsluhæð er mest um 1,5 m og umför allt að átta. Úr suðvesturhorni vestasta hólfins liggur grjóthlaðinn garður til vesturs að kálgarðaþyrpingu 036. Leifar húsanna að Móum, sem samkvæmt túnakorti stóðu þarna, eru ekki sýnilegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918


**GK-011:038** gerði kálgarður

63°50.542N 22°23.549V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 er kálgarður um 300 m norður af bæjarhól 001, um 20 m austan við Garðbæ. Hann er enn greinilegur.

Sléttuð tún eru umhverfis garðinn.

Garðurinn er um 32x13 m að stærð, að mestu torfhlaðinn, utan norðurveggjar sem er grjóthlaðinn. Austurveggur er fallinn að hluta. Op er til suðurs og hugsanlega í norðvesturhorni. Hleðsluhæð er mest um 1,5 m og umför sex í norðurvegg. Úr norðvesturhorni liggur grjótgarður til vesturs um 8 m og úr norðausturhorni liggur grjótgarður til norðurs um 40 m og sveigir þá til austurs umhverfis sléttuð tún sem þarna er.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:039 gerði kálgarður 63°50.509N 22°23.543V

Um 30 m sunnan við kálgarð 038, fast suðaustan við Garðbæ, er annar kálgarður. Garðurinn er sýndur á túnakorti frá 1918.


Umhverfis hann eru sléttuð tún.

Kálgarðurinn er fremur lítill, um 16x5 m, en hefur e.t.v. verið stærri því vesturhlíð hans er horfin. Hleðslur eru úr torfi, mest um 1 m á hæð.

Gerðið er enn er notað til ræktunar.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918



GK-011:040 gerði kálgarður

63°50.529N 22°23.594V




Um 300 m norðvestur af bæjarhól 001 og um 30 m norðvestan við Garðbæ er kálgarðaþyrping sem sýnd er á túnakorti 1918.

Sunnan gerðanna eru sléttuð tún en norðan þeirra eru bárujárnsklædd útihús.

Kálgarðarnir eru um 44x28 m að stærð og skiptast í þrjú hólf. Hleðslur eru ýmist úr torfi, grjóti eða hvoru tveggja. Mikið er af ýmiskonar braki í gördunum og virðast hleðslurnar einnig hafa verið rofnar að hluta. Hleðsluhæðin er mest um 1,5 m og umför allt að sex. Úr miðjum norðurvegg gengur garðbrot til norðurs og er hugsanlegt að þar hafi verið a m k. eitt hólf til viðbótar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918



GK-011:041 tóft


63°50.535N 22°23.779V

Um 50 m norður af rústum Eyvindahúsa 030 er grjóthlaðin tóft.

Umhverfis er grýtt og mishæðótt tún.

Tóftin er um 3x4 m að stærð, mjög gróin og sigin. Hleðsluhæð er varla meiri en 0,2 m en eitthvað hefur verið steypit í vesturvegg hennar. Tóftin er opin til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-011:042 tóft smiðja

63°50.528N 22°23.723V

Tóft er í túninu um 350 m norðvestur af bæjarhól 001, um 50 m austnorðaustur af rústum Eyvindahúsa 030 og um 20 m vestan við Búðir. Þar voru smiðja og fjárhús frá Eyvindahúsum. Um 15 m vestan við tóftina er steypustokkur í túninu, leifar vindmyllu. Líklega samsvarar tóftin húsi sem sýnt er á svipuðum stað á túnakorti 1918.

Umhverfis tóftina er grýtt og óslétt tún.


Tóftin er um 11x5 m að stærð, torf- og grjóthlaðin. Hún er tvískipt, með op til vesturs á nyrðra hólfinu en til suðurs á syðra hólfinu. Bæði hólfin eru full af grjóti sem að einhverju leyti hefur hrunið úr veggjunum en þó einnig aðflutt. Hleðslur standa grónar og er hleðsluhæð mest um 1,5 m og umför allt að sex.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:043 gerði

63°50.512N 22°23.679V



Beint sunnan við Búðir, um 300 m norðvestur af bæjarhól 001, er steypustokkur á hæð í túninu. Vestan í hæðinni, utan í grjótgardi sem þarna er, er grjóthlaðið gerði.

Umhverfis er sléttuð tún.

Gerðið er um 10x6 m að stærð, grjóthlaðið utan í túngarð sem myndar norðurvegg hans. Hleðsluhæð er mest í norðurvegg, þ.e. túngarði, eða um 1 m og umför allt að


sex. Aðrir veggir eru lægri og grónari. Op er á gerðinu til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:044 Gamla-rétt tóft rétt

63°50.621N 22°23.551V

Um 350 m norður af bæjarhól 001 í hraunjaðrinum norðvestan við Efra-Land er grasbali inn í hraunið. Í honum,



við túngarðinn 046, er hlaðin kró sem nefnd er Gamla-rétt.

Sunnan við balann er sléttað tún en hraun norðan við hann. Um hraunið, fast norðan túngarðsins liggur Austurvegur í austur-vestur.

Balinn hækkar nokkuð upp í hraunið til norðurs og myndar grjóthlaðinn túngarðurinn umgjörð um hann norðan- og vestanverðan en hleðsla gengur til suðurs úr túngarðinum og myndar austurvegg réttarinnar. Suðurvegg vantar og er réttin því hálfopin til suðurs. Allar eru hleðslurnar úr grjóti mest um 2 m háar og umför grjóts allt að tólf. Innst, þ.e. nyrst, í balanum liggur hleðsla þvert á réttina og myndar lítið hólf við túngarðinn. Réttin er um 30x12 m að stærð.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Ljósmynd: Gamla-rétt, horft í norður

GK-011:045 tóft fjós


63°50.623N 22°23.507V

Um 350 m norður af bæjarhól 001 í hraunjaðrinum fast norðan við Efra-Land er tóft. Þar voru fjós og hlaða.

Uppi á hraunbrúninni liggur túngarðurinn í austur-vestur og fast norðan hans fer Austurvegur um hraunið. Sunnan við tóftina er sléttað tún.

Tóftin er um 8x9 m að stærð en nú sjást einungis norður- og suðurveggur, báðir grjóthlaðnir. Suðurveggur er um 1 m hár og um sex umför af tilhöggnu grjóti. Hann er fremur breiður eða um þrjú umför á þverveginn. Steypt hefur verið í hann norðanverðan. Norðurveggurinn er hlaðinn utan í hraunbrekkuna og mun signari en hinn. Hann er um 1 m hár og allt að sex umför af óhöggnu grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-011:046 garðlag túngarður

63°50.635N 22°23.428V

Túngarðurinn umlykur túnið á Þórkötlustöðum, þó vantar upp á hann í suður- og vesturluta. Á túnakorti frá 1918 nær túnið aðeins norður að Eyvindarhúsum 030, Búðum, Miðhúsum og Garðbæ. Í dag nær það hins vegar norður fyrir Efra-Land, Heimaland og Þórsmörk, allt norður að Austurvegi, og liggur túngarðurinn þar um.


Umhverfis túnið er að mestu hraunlendi, uppgróið til vesturs og norðurs en úfið og lítt gróið til austurs. Að sunnan er stórgryttur sjávarkampur.

Garðurinn er einfaldur, allt að 2 m hár og mest um tólf umför af ótilhöggnu hraungrýti. Hleðslur standa víðast allvel enda er garðinum haldið við. Úr garðinum ganga ótal garðar og garðbrot sem skipta túninu niður í skika.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

Ljósmynd: Túngarður, horft í austur




GK-011:047 Hvammur bæjarstæði bústaður

63°50.604N 22°23.390V

Um 350 m norður af bæjarhól 001 og um 100 m austan við Efra-Land, fast norðaustan við Þórsmörk, er 3 m hár steyptur skorsteinn og við hann eru tóftir Hvamms.

Túngarðurinn 046 liggur þarna uppi á hraunbrekkunni norðan og austan tóftanna en sunnan þeirra er þýft tún.

Það sem eftir stendur af íbúðarhúsi er skorsteinninn og grjóthlaðinn grunnur um 5x5 m að stærð. Hann er mest um 1,5 m á hæð og um tíu umför tilhoggins grjóts. Steypt hefur verið í hleðsluna í austurvegg. Í brekkunni austan tóftarinnar er önnur tóft, e.t.v. einhverra útihúsa. Hún er tveggja hólfa og er niðurgráfin í brekkuna. Hún er um 3,5x6 m að stærð og vantar vesturvegg. Hleðsluhæð og umför eru svipuð og í hinni tóftinni. Svæðið allt er um 15x8 m.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:048 hús útihús

63°50.603N 22°23.345V

Kofi er um 350 m norður af bæjarhól 001 og um 20 m austan við tóftir Hvamms 047, í brekkunni sunnan undir túngarðinum 046.


Gróin brekka og þýft tún sunnan hennar.

Kofinn er um 4x3 m að stærð, torf- og grjóthlaðinn með timburlaup. Dyr eru á honum til suðsuðvesturs. Kofinn er byggður inn í brekkuna og er um 2 m háur upp í burst. Hæð hleðsla er um 1 m og umför um fimm.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:049 tóft útihús

63°50.384N 22°22.912V




Hlaðin tóft er suðausturhorni túns, um 400 m austur af bæjarhól 001 þar sem túngarðurinn 046 gengur niður í sjávarkampinn.

Þýft og óslétt tún sem markast af sjávarkampinum til suðurs og úfnu hrauni til austurs.

Tóftin er hlaðin úr fremur stóru grjóti og eru hleðslur mjög signar. Suðurveggur er alveg horfinn, líklega undir kampinn. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m og umför mest þrjú. Tóftin er um 10x10 m að stærð og myndar hálfhring við sjávarkampinn.

Hættumat: hætta, vegna landbrots



GK-011:050 tóft útihús

63°50.377N 22°23.030V

Um 200 m austur af Buðlungu GK-012:001 eða um 300 m austur af bæjarhól 001 er grjóthlaðinn túngarður 046 norður-suður. Austan í honum er grjóthlaðin tóft. Um 40 m suðsuðvestan við tóftina eru fjárhústóftir 012.

Óslétt og grýtt tún.


Tóftin er mjög heilleg um 10x4 m að stærð, einföld. Hleðsluhæðin er um 1,5 m og umför grjóts um sex, en vesturveggur er lægri. Tóftin er opin til austurs þar sem austurvegg vantar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:051 Hraunkot bæjarstæði bústaður

63°50.470N 22°23.054V

Austast í túni við túngarðinn 046 um 350 m austnordaustur af bæjarhól 001 eru tóftir býlisins Hraunkots, sem sýnt er á túnakorti 1918.



Sléttuð fjárbeitartún vestur að bæjarhúsum en mosavaxið úfið hraun er austan túngarðsins.

Tóftirnar eru á litlum hól austast í túninu upp við túngarðinn. Efst og austast eru tvær tóftir. Sú nyrðri er um 14x6,5 m að stærð og skiptist í fjögur hólf, þar af er eitt enn undir þaki. Syðri tóftin er aðeins eitt hólf um 6x6 m að stærð. Úr suðausturhorni hennar liggur grjóthlaðin renna í suðvestur um 11 m löng. Í henni er eitthvað af steypu og járnbraki. Hún er mjög gróin. Um 8 m austan við tóftina er grjóthlaðið garðbrot um 6 m langt er liggur í norður-suður. Báðar tóftirnar eru grjóthlaðnar en eitthvað er af steypu í þeirri syðri. Vestan við þær eru tveir torf- og grjóthlaðnir kálgarðar. Sá nyrðri um 18x10 m að stærð með op til norðurs. Í norðvesturhorni hans er dæld, um 2,5x4 m, með grjóthlöðnum börmum, líklega tóft. Syðri kálgarðurinn er um 16x18 m að stærð með op til vesturs og í nordausturhorni. Í því síðarnefnda eru grjóthlaðnar tröppur niður í garðinn. Vestan við garðinn miðjan er dálítil dæld í túninu, um 4x2 m, en lítið er af grjóti í henni. Úr suðausturhorni garðsins liggur garðlag til austurs um 24 m langt úr torfi og grjóti. Sunnan þess mótar fyrir þriðja kálgarðinum. Garðarnir vestan tóftanna eru báðir niðurgrafnir en hlaðið er í barmana. Á milli þeirra eru traðir í austur-vestur sem liggja nokkuð hærra en



og grjóthlaðnir kálgarðar. Sá nyrðri um 18x10 m að stærð með op til norðurs. Í norðvesturhorni hans er dæld, um 2,5x4 m, með grjóthlöðnum börmum, líklega tóft. Syðri kálgarðurinn er um 16x18 m að stærð með op til vesturs og í nordausturhorni. Í því síðarnefnda eru grjóthlaðnar tröppur niður í garðinn. Vestan við garðinn miðjan er dálítil dæld í túninu, um 4x2 m, en lítið er af grjóti í henni. Úr suðausturhorni garðsins liggur garðlag til austurs um 24 m langt úr torfi og grjóti. Sunnan þess mótar fyrir þriðja kálgarðinum. Garðarnir vestan tóftanna eru báðir niðurgrafnir en hlaðið er í barmana. Á milli þeirra eru traðir í austur-vestur sem liggja nokkuð hærra en

garðarnir. Hleðsluhæð er mest um 1,3 m og umför allt að sex. Svæðið allt er um 46x60 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

Ljósmynd: Hraunkot, horft í austur

GK-011:052 tóft útihús


63°50.522N 22°23.814V

Tóft er í túninu um 200 m norðvestur af bæjarhól 001, austan vegarins sem sveigir norður af Þórkötlustaðavegi í átt að Garðhúsum, Búðum o fl.

Grýttur uppgróinn melur.

Tóftin er grjóthlaðin um 6x4 m að stærð. Hleðsluhæð er mest í norðurvegg eða um 1 m en umför eru allt að fjögur. Eitthvað hefur verið steyp í hleðslurnar á stöku stað en þær eru mjög þykkar eða um 0,5 m. Tóftin er opin til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-011:053 gerði kálgarður


63°50.559N 22°23.712V

Kálgarður er austan við heimreiðina að Búðum, um 350 m norðvestur af bæjarhól 001.

Gerðið er nú innan hrossagirðingar í smápýfðu túni.

Garðurinn er torfhlaðinn, mjög siginn en mótar þó greinilega fyrir honum. Hann er um 10x8 m að stærð en hleðsluhæð varla meiri en 0,3 m. Op er ekki greinilegt en þó líklega í suðvesturhorni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-011:054 tóft útihús


63°50.571N 22°23.780V

Um 400 m norðvestur af bæjarhól 001, sunnan undir Austurvegi sér vel móta fyrir gamla veginum um Kirkjuhóla 028. Um 20 m sunnan við hann er tóft.

Grýttur en uppgróinn melur.

Tóftin er torf- og grjóthlaðin um 3x3 m að stærð. Tóftin er opin til suðurs þar sem suðurvegg vantar. Hún er fallin að mestu en hleðsluhæð er varla meiri en 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-011:055 hleðsla rétt


63°50.465N 22°23.918V

Grjóthlaðin rétt er um 400 m vestur af bæjahól 001, vestan við frystihúsið og sunnan Þórkötlustaðavegar.

Umhverfis eru sléttuð tún til norðurs og vesturs en vegur liggur fast sunnan og austan réttarinnar.

Réttin er um 35x35 m að stærð og grjóthlaðin. Hleðsluhæð er um 1,5 m og umför allt að tíu en veggir eru um 0,5 m þykkir. Grjót er tilhoggið að verulegu leyti og virðist möl hafa verið notuð til að þétta hleðslurnar. Almennigur í miðið er um 35x18 m að stærð og nokkurn veginn ferhyrndur. Sex dilkar eru að vestanverðu við hann, sjö að austanverðu og tveir að sunnanverðu. Hlið eru öll úr timbri. Réttinni er viðhaldið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-011:056 gerði kálgarður


63°50.517N 22°23.898V

Gerði er um 400 m norðvestur af bæjarhól 001, um 40 m sunnan við Klöpp og Teig og fast sunnan við Þórkötlustaðaveg.

Gerðið er í sléttuðu túni sem hallar nokkuð til suðurs, en sunnan þess er réttin 055.

Gerðið er hlaðið úr hraungrýti og eru hleðslur fallnar að nokkru leyti. Hleðsluhæð er mest um 1 m og umför allt að sjö. Hólfin virðast hafa verið tvö en vestara hólfið er ógreinilegt og suðurveggur alveg horfinn. Op er á eystra hólfinu til vesturs, en á því vestara til norðurs. Garðurinn er um 22x14 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




GK-011:057 gerði kálgarður

63°50.545N 22°23.988V

Kálgarðar eru um 500 m norðaustur af bæjarhól 001, fast suðaustan við Stafholt sem er vestasta húsið við Þórkötlustaðaveg.

Gerðin eru í sléttuðu túni sem hallar nokkuð til suðurs.

Kálgarðarnir eru þrír samliggjandi í norður-suður, samtals um 50x22 m að stærð. Hleðslur eru ýmist úr torfi og grjóti eða eingöngu grjóti, en þær síðarnefndu eru heillegri. Hleðsluhæð er mest um 1,3 m og umför allt að sjö. Vestan í nyrsta garðinum, sem enn er í notkun, eru garðbrot líklega leifar annars hólfis. Einnig er lítil tóft vestan



í vesturvegg hans, torfhlaðin og um 2x2 m að stærð. Austan við nyrsta garðinn mótast ógreinilega fyrir öðru gerði. Op er í norðausturhorni nyrsta gerðisins. Miðgerðið hefur op til suðurs og líklega einnig til norðurs en austurhluta norðurveggjar vantar. Við suðurvegginn eru tvær dældir, líklega beð til ræktunar, og á milli þeirra tvö torfhlaðin garðbrot. Í norðausturhorni miðgerðisins er lítið torfhlaðið tóftarbrot um 2x2 m. Syðsta gerðið er grjóthlaðið með op til vesturs. Til suðurs úr suðausturhorni þess liggur grjóthlaðinn garður um 30 m og sveigir þá til vesturs. Um 35 m vestan við syðsta gerðið undir brekku mótast fyrir öðru niðurgröfnu gerði. Um 14 m norðan við það er torfhlaðin tóft, um 2,5x2 m, með op til suðurs. Um 6 m norðan og vestan við hana eru garðbrot, annars vegar torfhlaðið í austur-vestur og hins vegar grjóthlaðið í norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:058 tóftir


63°50.546N 22°24.019V

Um 500 m vestur af bæjarhól 001, fast sunnan við Stafholt er lítið klettabelti í norður-suður. Vestan í því eru tóftir og hleðslubrot.

Tóftirnar eru í sléttu túni.


Tóftirnar eru þrjár aðskildar. Sú nyrsta er torfhlaðin og um 4x3 m að stærð. Hún er opin til norðvesturs og er byggð utan í klett að suðaustanverðu. Um 14 m sunnan við hana er önnur tóft um 4x2 m að stærð og mikið rofin. Austurveggur hennar er grjóthlaðinn en suður- og vesturveggir úr torfi. Um 2 m norðvestan við hana er mikið af vaðsteinum grónum í svöðinn. Um 6 m sunnan við tóftina er þriðja tóftin. Sú er torfhlaðin og um 3x1,5 m að stærð. Um 6 m vestan við miðtóftina er steiptur grunnur og eitthvað af grjóthleðslum utan í honum. Hleðslur eru allar mjög signar og er hæð þeirra varla meiri en um 0,2 m. Svæðið er um 32x18 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-011:059 gerði kálgarður

63°50.384N 22°24.023V



Kálgarðar eru um 500 m vestur af bæjarhól 001, austan undir hraunjaðrinum, nyrst í Þórkötlustaðanesi.

Kálgarðarnir eru í þýfðu og grýttu graslendi.

Gerðin eru a.m.k. átta talsins og liggja í norður-suður hver af öðru. Hleðslur eru allar úr hraungrýti og fallnar að mestu leyti. Hleðsluhæð er um 0,3 m. Tóft er nokkurn veginn fyrir miðri gerðaröðinni, uppi í hraunbrúninni er tóft. Hún er um 3x3 m að stærð, með op til austurs. Hún er byggð inn í hraunið að vestanverðu en hlaðið með börmum. Hleðsluhæð er um 1 m en eitthvað hefur verið steipt í hleðslurnar. Svæðið allt er um 80x32 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:060 tóftir

63°50.322N 22°23.951V

Norðarlega í Þórkötlustaðanesi liggur vegarslóði til austurs, nokkurn veginn að Vötnunum 029, af veginum sem liggur suður Nesið. Tóftir eru fast sunnan vegslóðans, um 500 m vestur af bæjarhól 001.


Uppgróinn sandur er allt austur að sjávarkamp.

Svæðið allt er um 15x12 m að stærð. Ekki er unnt að greina eiginlegar tóftir heldur aðeins mjög greinilegar bungur eða hóla, sex talsins, sem skera sig úr umhverfinu. Talsvert er af grjóti í þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:061 gerði kálgarður

63°50.149N 22°23.994V



Norðarlega í Þórkötlustaðanesi er pípuhlið á veginum sem liggur suður Nesið. Sunnan við það gengur gróinn en grýttur tangi út til austurs. Kálgarður er sunnarlega á honum, inn undir hrauninu norðanverðu.


Landinu hallar lítið til norðurs.

Kálgarðurinn er um 38x36 m að stærð, grjóthlaðinn en hleðslur eru

að mestu fallnar. Hleðsluhæð varla meiri en 0,3 m og umför mest tvö. Hólfin eru þrjú frá austri til vesturs, en auk þess eru tvö lítil hólfi, annað utan í miðjum vesturvegg og hitt sunnan í norðurvegg miðhólfsins. Austasta hólfið er langminnst. Op eru ógreinileg því víða eru hleðslurnar rofnar og erfitt að dæma hvort um op sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

GK-011:062 gerði kálgarður



Norðarlega í Þórkötlustaðanesi er pípuhlið á veginum sem liggur suður Nesið. Sunnan við það gengur gróinn en grýttur tangi út til austurs. Kálgarður er í honum miðjum, um 50 m austan vegarins.

Landinu hallar lítið til norðurs.

Kálgarðurinn er grjóthlaðinn, um 18x16 m að stærð. Hleðslur eru fallnar að mestu og hleðsluhæð varla meiri en um 0,3 m og umför mest tvö. Op eru tvö, til norðurs og austurs. Við eystra opið eru um 7 m langar hleðslur til vesturs inn í gerðið sitt hvoru megin opsins. Við vesturvegg eru tvö hleðslubrot, líklega leifar einhverskonar beða. Við miðjan suðurvegg er ferköntuð gróp um 0,5x0,5 m að stærð og um 0,3 m á dýpt, algróin.

Hættumat: engin hætta

Ljósmynd: Kálgarður, horft í austur

63°50.180N 22°24.035V



GK-011:063 gerði kálgarður


Um 400 m sunnan við pípuhliðið á veginum í Þórkötlustaðanesi sveigir vegurinn til austurs. Þegar komið er út úr sveigjunni er gróinn vegslóði til vesturs af veginum og við hann eru kálgarðar.

Kálgarðarnir eru í gróinni hvilft í hrauninu.

Svæðið allt er um 40x50 m. Vestast eru tveir torf- og grjóthlaðnir kálgarðar og skiptast báðir í tvö hólfi. Um 20 m eru á milli þeirra og er sá syðri um 18x8 m en sá nyrðri um 20x8 m. Nyrðri garðurinn er afgangur og virðist enn í einhverri notkun. Um 4 m austan við hann er kofi undir þaki. Hann er um 3x2 m að stærð hlaðinn úr torfi og grjóti en laupur úr timbri. Um 8 m austan við kofann, fast vestan vegarins, eru grjóthleðslubrot. Gerðin eru ýmist torf- eða grjóthlaðin og eru hleðslur signar. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m og umför allt að þrjú.

Hættumat: engin hætta

63°50.034N 22°24.178V



GK-011:064 gerði kálgarður


Um 400 m sunnan við pípuhliðið á veginum í Þórkötlustaðanesi sveigir vegurinn til austurs. Þegar komið er út úr sveigjunni er gróin hvilft austan vegarins og í henni eru kálgarðar.

Þeir sjást vel af veginum.



Vestast, þ.e. næst veginum, er þriggja hólfa gerði, um 24x13 m að stærð. Það er grjóthlaðið nema austurveggur miðhólfsins sem er torf- og

63°50.044N 22°24.031V



grjóthlaðinn. Op virðist aðeins eitt til austurs. Í suðausturhorni vestasta hólfsins og við austurvegg austasta hólfsins eru hlaðin hólfi, einskonar beð. Hleðslur gerðisins standa grónar, hleðsluhæð er mest um 1 m og umför allt að sex. Miðhólf þess er afgangur að hluta og virðist enn í einhverri notkun. Um 10 m suðaustan við

kálgarðinn er annað gerði. Það er um 19x15 m að stærð og aðeins er eitt hólfi. Hleðslur eru fallnar og aðeins eitt umfar grjóts eftir. Op er ógreinilegt.

Hættumat: engin hætta

Ljósmynd: Kálgarður, horft í austur

GK-011:065 varða mið

63°49.898N 22°23.763V



Við bryggjuna í Nesvör 024 í Þórkötlustaðnesi eru tvær sundvörður.

Vörðurnar eru í grónu en ósléttu og grýttu túni norðan við rústir Þórshamars sem er syðsta húsarústin í Nesinu. Eystri varðan er fast vestan við landinguna í Vörinni 024 norðaustur af Þórshamri, fast við sjávarkampinn. Sú vestari er um 50 m vestsuðvestar.

Hleðsluhæð varðanna er um 2 m og eru þær mest um 1,5 m í þvermál. Umföer grjóts eru um 15.

Hættumat: engin hætta

Ljósmynd: Sundvörður, horft í austur

GK-011:066 tóftir herslubyrgi

63°49.741N 22°23.855V

Sunnan við Nesvör 024 er gróið en grýtt tún, Stekkjartún 017. Sunnan og suðaustan þess tekur við úfið mosagróið hraun. Í hrauninu eru ótal rústir herslubyrgja og herslugarða.

Úfið og mosagróið hraun.

Hleðslur eru úr hraungrýti en að mestu fallnar. Byrgin virðast hafa verið um 2x2 m að stærð og er skammt á milli þeirra. Svæðið er um 200x100 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

GK-011:067 garðlag túngarður

63°49.799N 22°23.820V

Syðsta húsarústin í Þórkötlustaðnesi er Þórshamar. Sunnan hennar er gróið en grýtt tún, Stekkjartún 017, sem er umlukið túngarði að hluta.


Utan túngarðsins er úfið mosagróið hraun til suðurs og vesturs en stórgrýttur sjávarkampur til austurs. Norðan hans er grýtt graslendi.

Túngarðurinn er grjóthlaðinn en hleðslan er fallin að mestu og aðeins eitt umfar hraungrýtis eftir víðast hvar. Hann myndar U og er opinn mót norðri þar sem rústir Þórshamars standa.

Hættumat: engin hætta

GK-011:068 gerði kálgarður

63°49.826N 22°23.803V



Um 20 m sunnan við Þórshamar, sem er syðsta húsarústin í Þórkötlustaðnesi, er steypustokkur á hæð í túninu. Sunnanundir hæðinni er gerðishleðsla.

Umhverfis er grýtt og óslétt tún, Stekkjartún 017.

Gerðið er torf- og grjóthlaðið, nema vesturveggur sem er eingöngu grjóthlaðinn.

Hleðslur standa grónar og er hleðsluhæð um 1 m og umföer grjóts þrjú. Gerðið er um


12x7 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Op er á því til suðurs.

Hættumat: engin hætta

GK-011:069 tóft

63°49.830N 22°23.767V

Tóft er utan í túngarðinum 067 í Stekkjartúni 017 um 50 m austsuðaustur af Þórshamri, sem er syðsta húsarústin í Þórkötlustaðnesi.




Stekkjartún er grýtt og óslétt tún.

Tóftin er grjóthlaðin utan í brekku að austan- og sunnanverðu. Hún er um 6x4 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Syðra hólfíð er opið mót vestri og mjög heillegt. Hleðsluhæð í því er um 1,5 m og umföer allt að átta. Nyrðra hólfíð er fallið að mestu og aðeins eitt umfar grjóts eftir. Op er ekki greinilegt. Úr norðausturhorni hólfins liggur fallin grjóthleðsla til norðurs um 20 m löng.

Hættumat: engin hætta

GK-011:070 tóftir fjárhús

63°49.845N 22°23.704V



Austnorðaustan við Þórshamar, syðstu húsarústina í Þórkötlustaðnesi, er Flæðitjörn. Um 15 m suðaustan við hana eru tóftir. Þar voru fjárhús.

Í grýttu og ósléttu túni við sjávarkampinn.

Tóftirnar eru grjóthlaðnar en hleðslur grónar. Tóftirnar eru um 15x12 m að stærð.

Hleðsluhæð er mest um 1,5 m og umföer allt að sjö. Tvær samliggjandi húsatóftir eru í norðvesturhorni en sunnan þeirra er gerði. Vestari tóftin er um 6x3 m að stærð en sú eystri

minni eða um 3x2 m. Op eru á þeim báðum til suðurs fram í garðinn en á garðinum til vesturs og norðurs. Op vestari tóftarinnar er alheilt með steinhellu yfir. Í gerðinu mótar greinilega fyrir um sjö beðum eftir ræktun.

Hættumat: engin hætta

GK-011:071 tóft


63°49.825N 22°23.654V

Um 60 m austan við tóftir 070, alveg við sjávarkampinn, er tóft.

Í ósléttu og grýttu túni.

Tóftin er einföld, um 8x5 m að stærð, torf- og grjóthlaðin. Hleðslur standa grónar, mest um 1 m háar og umför allt að fjögur. Op er á tóftinni til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna landbrots



GK-011:072 tóft


63°49.803N 22°23.659V

Um 40 m sunnan við tóft 071, um 100 m suðaustur af Þórshamri, er önnur tóft.

Í ósléttu og grýttu túni.

Tóftin er einföld, torf- og grjóthlaðin og um 6x5 m að stærð. Hleðslur eru þykkar og standa grónar. Hæð þeirra er mest um 1,6 m og umför grjóts allt að fjögur. Op er á tóftinni til suðurs.

Hættumat: engin hætta



GK-011:073 hleðsla


63°49.813N 22°23.630V

Um 30 m austsuðaustan við tóft 071 er gróin hraunhöll við sjávarkampinn. Austan í hólum er hleðsla, einskona byrgi.

Í ósléttu og grýttu túni.


Í hólum austanverðum eru hraunklettar og hleðslur utan í þeim. Hleðslurnar eru mest um 1 m á hæð og umför allt að sjö. Neðan við þær er mjög mikið af grjóti og spýtnadrasli. Byrgið er um 8x6 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna landbrots



GK-011:074 tóft

63°49.837N 22°23.823V



Um 15 m suður af rústum Þórshamars er tóft.

Vestan við hana er mosavaxið hraun en annars gróið óslétt tún norður að Þórshamri.

Tóftin er um 4x3 m að stærð, grjóthlaðin en torf er yfir hleðslum. Hleðsluhæð er tæpur 1 m og umför grjóts mest sex. Op er til norðvesturs en framan við það er lítil dæld og einhverskonar renna sem virðist

ganga inn undir tóftina.

Hættumat: engin hætta

Ljósmynd: Tóft, horft í suðaustur



GK-011:075 vegur leið

Austnorðaustan við Þórshamar er Flæðitjörn og meðfram henni sunnanverðri liggur heimreiðin, upphlaðin að hluta.

Óslétt og grýtt tún er sunnan Flæðitjarnar og umhverfis Þórshamar.

Þar sem heimreiðin liggur við suðurbakka Flæðitjarnar er hún upphlaðin, á um 50 m löngum kafla. Hleðslan er um 2 m breið.

Hættumat: engin hætta

GK-011:076 gerði kálgarður

63°83.908N 22°40.130V


Kálgarðar eru um 550 m vestsuðvestur af bæjarhól 001, sunnan undir hraunjaðrinum vestan vegarins í Þórkötlustaðanesi.

Kálgarðarnir eru í uppgrónu hrauni.

Hleðslurnar eru úr hraungrýti, fallnar að mestu og farið að gróa yfir þær.

Þó má vel greina lögun kálgarðanna. Um er að ræða fjögur sambyggð hólfrá austri til vesturs alls um 50x14 m. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Op eru ógreinileg ef nokkur hafa verið.


Hættumat: engin hætta



GK-011:077 gerði kálgarður

63°83.734N 22°40.255V

Norðarlega á veginum í Þórkötlustaðanesi liggur slóði af honum til vesturs að olfútönkum. Fast sunnan slóðans, um 50 m frá veginum, eru gerði.




Í uppgrónu hrauni.

Um er að ræða tvö tengd hólfið, bæði grjóthlaðin. Hleðslur eru fallnar að mestu og óljósar á köflum. Hleðsluhæð er vart meiri en 0.3 m. Syðra hólfið er um 12x8 m að stærð og mótar fyrir litlu hólfi í suðvesturhorni þess. Úr suðausturhorni þess liggur grjótgarður um 6 m langur. Nyrðra hólfið er um 13x8 m og úr norðausturhorni þess liggur um 10 m langur grjótgarður. Hólfin tengjast með grjótgarði sem liggur á milli vesturvegja þeirra.

Hættumat: engin hætta

GK-011:078 gerði kálgarður

63°50.322N 22°24.132V



Um 50 m norðan við pípuhliðið á veginum um Þórkötlustaðanes og um 100 m vestan við veginn er kálgarður. Hann er um 30 m suðvestan við kálgarða 076.


Í uppgrónu hrauni.

Garðurinn er grjóthlaðinn og fallinn að hluta. Hann er um 12x12 m að stærð með op til norðurs í norðausturhorni. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m og umför allt að þrjú. Við austurvegg er torfhláðið hólfi um 4x3 m að stærð. Hæð torfhleðslna er varla meiri en 0,2 m.

Hættumat: engin hætta

GK-011:079 tóft

63°83.319N 22°40.130V



Grjóthlaðin tóft er í gróinni hvílft í hrauninu, um 200 m vestur af rústum Hafnar, sem var nyrsta býlið í Þórkötlustaðanesi.


Tóftin er í uppgrónu hrauni.

Tóftin er norðan til í hvilftinni og myndar norðurbarmur hvilftarinnar norðurvegg hennar. Hún er um 8x6 m að stærð og hleðsluhæð um 1 m. Op er ekki greinilegt.

Hættumat: engin hætta

GK-011:080 kofi fjárhús

63°83.259N 22°40.083V




Grjóthlaðinn kofi er um 100 m vestsuðvestur af rústum Hafnar, nyrsta býlisins í Þórkötlustaðanesi, um 60 m suðvestur af tóft 079. Þar voru fjárhús.

Kofinn er í grónum hvammi í uppgrónu hrauni.

Hann er norðan til í hvamminum og myndar norðurbarmur hvammsins norðurvegg kofans. Kofinn er um 9x3,5 m að stærð og hleðsluhæð um 1,5 m. Bárújárnsþak er á

honum og dyr á vesturgafli.

Hættumat: engin hætta



GK-011:081 tóft

63°83.259N 22°40.083V

Hleðsluleifar eru á barmi hvilftarinnar sem kofi 080 er í, um 10 m norðvestur af honum. Um 6 m suðvestur af hleðsluleifunum er sigrin tóft.


Í uppgrónu hrauni.

Hleðslurnar eru hrundar að mestu en hafa líkast til lokað af litla lægð á barmi hvilftarinnar. Hæð þeirra er mest um 0,3 m. Um 6 m suðvestur af hleðslubrotunum eru mikið signar leifar grjóthlaðinnar tóftar. Hún er um 6x5 m að stærð og opin til suðurs þar sem suðurvegg vantar. Hleðsluhæð tóftarinnar er mest um 0,2 m.

Hættumat: engin hætta

GK-011:082 tóft

63°83.211N 22°39.871V



Um 40 m suður af tóft 086 er djúpur hvammur. Vestast í hvamminum er stór tóft.

Í grónum hvammi í uppgrónu hrauni.

Tóftin er grjóthlaðin um 11x7 m að stærð. Hleðslur standa grónar og er hæð þeirra um 1,5 m. Op er ekki greinilegt.

Hættumat: engin hætta

Ljósmynd: Tóft, horft í vestur



GK-011:083 hleðsla

63°83.193N 22°39.864V

Um 8 m suður af tóft 082 er breið grjóthleðsla.

Hleðslan er í uppgrónu hrauni.

Hún er mjög greinileg þótt farið sé að gróa yfir hana. Hún er um 6x3 m á stærð. Gæti verið herslugarður. Hleðsluhæð er um 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

GK-011:084 garðlag túngarður


63°49.999N 22°23.957V

Höfn var nyrsta býlið í Þórkötlustaðanesi og eru steyptar rústirnar enn greinilegar.

Umhverfis þær er grjóthlaðinn túngarður.

Í grónu en óslétu túni.

Túngarðurinn er siginn og hruninn á köflum en stendur allvel annarsstaðar. Hæð hans er mest um 1 m og umför allt að sex. Túnið innan garðsins er bungótt og óslétt. Í suðausturhorni garðsins er tóft (A). Hún er um 11x3 m að stærð og mjög sigin. Hún er opin í báða enda en einnig virðist vera op á henni til suðurs. Eitthvað er af grjóti í henni. Önnur tóft (B) er fyrir miðjum austurvegg túngarðsins, gróin og óljós. Hún er um 11x4 m að stærð. Ekkert grjót er í henni.




Hættumat: engin hætta

GK-011:085 tóft útihús

63°49.968N 22°23.943V

Utan við suðvesturhorn túngarðsins 084 um Höfn, fast austan við veginn um Þórkötlustaðanes er íshústóft og önnur eldri um 4 m sunnan við hana. Tóftirnar eru í óslétu túni.

Íshústóftin er niðurgrafin að hluta og grjóthlaðin. Hún er um 7x6 m og nokkuð sigin. Hleðsluhæð er mest um 1,3 m og umför allt að tíu en hleðslur eru einnig fremur þykkar. Yfir hleðslunum er torf. Op virðist vera til austurs. Syðri tóftin er um 16x8 m að stærð, mjög gróin og ógreinileg. Hún virðist vera sambyggð túngarðinum 084 að norðanverðu. Op er ekki greinileg.



Hættumat: engin hætta


GK-011:086 tóft

63°49.950N 22°23.958V

Vestsuðvestur af rústum Hafnar og um 10 m vestur af veginum eru salthústóftir.

Í grónum hraunbolla innan um uppgróið hraun.

Tóftin er tveggja hólfa og grjóthlaðin en torf er yfir hleðslunum. Hún er niðurgrafin að hluta, um 10x8 m að stærð og nokkuð sigin. Hleðsluhæð er mest um 1 m og umför um sex. Op eru ekki greinileg en voru líklega til norðurs. Sunnan við vestara hólfið er dæld sem gæti verið þriðja hólfið. Ekkert grjót er í dældinni. Um 18 m vestan við tóftina er önnur grjóthlaðin tóft. Hún er um 3x2 m að stærð og opin til suðvesturs. Hún virðist vera byggð sunnan í náttúrulegri rás í hraunið.



Hættumat: engin hætta

GK-011:087 hleðsla

63°83.187N 22°39.931V

Grjóthleðsla er uppi á vesturbarmi hvammsins sem tóft 082 er í, um 20 m vestur af tóftinni.

Í uppgrónu hrauni.

Hleðslan er greinileg þótt farið sé að gróa yfir hana. Aðeins er einn veggur, um 3 m á lengd og um 0,5 m breiður. Hleðsluhæðin er um 0,4 m. Hugsanlega var þetta fyrirhleðsla, til að loka hvamminn af.

Hættumat: engin hætta


GK-011:088 tóft

63°83.187N 22°39.931V

Í djúpum hvammi, um 4 m vestur af hleðslu 087 er grjóthlaðin tóft.

Í uppgrónu hrauni.

Tóftin er í suðurenda hvammsins sem er skeifulaga frá suðri til norðausturs. Tóftin er um 6x5 m að stærð og myndar suðurendi hvammsins suðurvegg hennar. Hún er hlaðin úr hraungrýti og er hleðsluhæð um 1,7 m. Op er í norðvesturhorni.




Hættumat: engin hætta

GK-011:089 tóft

63°49.928N 22°23.877V

Fast austan vegarins um Þórkötlustaðanes, þar sem slóði liggur frá honum til austurs að Nesvör 024, er tóft. Um




70 m austsuðaustan við tóftina eru steypar leifar Arnarhvols sem var miðbýlið í Nesinu. Í grónu en grýttu graslendi.

Tóftin er um 6x5 m að stærð, grjóthlaðin en torf er yfir hleðslunum. Hleðslurnar standa grónar, hæstar um 1 m og umför allt að fimm. Op er ekki greinilegt þó líklega á vesturvegg. Austan tóftarinnar eru um 50 m að sjávarkampinum og þar á milli eru hrundar grjóthleðslur, mjög óljósar. Hlutverk tóftanna er óþekkt en líklega voru þetta salthús eða íshús.

Hættumat: engin hætta

GK-011:090 tóft

63°49.899N 22°23.906V



Um 60 m sunnan við slóða sem liggur að Nesvör 024, fast austan vegarins um Nesið, eru tvær tóftir þétt saman.

Í ósléttu túni.


Tóftirnar eru grjóthlaðnar en torf er yfir hleðslunum. Sú syðri stendur talsvert hærra og er um 6x4 m að stærð en sú nyrðri er um 5x6 m. Hleðsluhæð er um 1,3 m og umför allt að átta en tóftirnar eru niðurgrafnar að hluta. Op er til vesturs á nyrðri tóftinni en óljóst með syðri tóftina. Við suðausturhorn syðri tóftarinnar er lítil klöpp og hleðsla á milli hennar og

tóftarinnar.

Hættumat: engin hætta

GK-011:091 tóft

63°49.913N 22°23.883V



Fast austan vegarins í Nesinu þar sem slóði liggur af honum austur að Nesvör 024 er tóft.

Í grónum slakka við slóðann.


Tóftin er um 10x5 m að stærð hlaðin utan í hraunklöpp að sunnanverðu. Suðurveggur er hlaðinn ofan á klöppina. Hleðslur standa grónar, mest um 2 m háar og umför allt að átta. Op er á tóftinni til norðurs. Vestan við tóftina er sléttað og grjóthlaðið plan, um 6x3 m að stærð og umför grjóts fjögur. Austan tóftarinnar

eru hleðslubrot.

Hættumat: engin hætta

GK-011:092 tóft

63°83.200N 22°39.968V



Um 15 m norður af tóft 088, utan í austurbarmi hvilftarinnar, er enn ein tóftin.

Í uppgrónu hrauni.

Austurbarmur hvilftarinnar myndar austurvegg tóftarinnar. Hún er um 3x2 m að stærð og opin til suðurs. Tóftin er grjóthlaðin og hleðsluhæð um 1 m.

Hættumat: engin hætta

GK-011:093 tóft útihús

63°50.522N 22°23.388V


Móar eru býli sem sýnt er á túnakorti 1918 um 200 m norðan við bæjarhól 001, á milli kálgarðapyrpinga 036 og 037. Aðeins ein tóft er greinileg af bæjarhúsum á Móum, norðan í garðlaginu á milli kálgarðapyrpinganna eins og sýnt er á túnakorti.


Í sléttuðu túni.

Um er að ræða greinilega bingu í túni en ekki eiginlega tóft. Hún er um 4x3 m að stærð og ekkert grjót er í henni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918





GK-012 Buðlunga

1703: Hjáleiga frá Þórkötlustöðum. JÁM III, 13. Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 84.

GK-012:001 Buðlunga bærstæði býli

63°50.381N 22°23.258V

Í sóknarlýsingu 1840 segir: "Klöpp og Bullunga; báðar þessar hjáleigur voru í landsuður frá bænum [Þórkötlustöðum] að sjá, niður í sjóinn, en eru báðar færðar hærra upp í túnið síðan aldamótin." Buðlunga er austasti og syðsti bærinn við Þórkötlustaðaveg. Buðlungubærinn stóð áður sunnan við skemmu sem nú stendur um 60 m suðaustan við núverandi íbúðarhús.

Sunnan við skemmuna er nú malarplan.

Suðaustan í skemmuni eru tóftir Klappar 013:001, en hugsanlegt er að vestasti hluti þeirra tófta hafi tilheyrð Buðlungu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JJ, 84; SSGK, 139

GK-012:002 Buðlunga bærstæði býli

63°50.400N 22°23.309V

Í sóknarlýsingu 1840 segir: "Klöpp og Bullunga; báðar þessar hjáleigur voru í landsuður frá bænum að sjá, niður í sjóinn, en eru báðar færðar hærra upp í túnið síðan aldamótin." Í örnefnaskrá AG segir: "Túnið á Buðlunga liggur að vörinni og sundvarðan var þar neðst í túni." Buðlunga er austasti og syðsti bærinn við Þórkötlustaðaveg. Steypt íbúðarhúsið er lágrest og stendur um 100 m austsuðaustur af Miðbænum á Þórkötlustöðum 011:001.

Norðan og sunnan við Buðlungu eru sléttuð tún en austan og vestan hennar er malarplan.

Um 60 m suðaustan við Buðlungu er bárujárnsklædd skemma og suðaustan í henni eru tóftir Klappar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir AG, 1; JJ, 84; SSGK, 139; Túnakort 1918

GK-013 Klöpp

1703: Hjáleiga frá Þórkötlustöðum. JÁM III, 13. Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 84

GK-013:001 Klöpp bærstæði býli


63°50.381N 22°23.253V

Í sóknarlýsingu 1840 segir: "Klöpp og Bullunga; báðar þessar hjáleigur voru í landsuður frá bænum að sjá, niður í sjóinn, en eru báðar færðar hærra upp í túnið síðan aldamótin." Um 60 m suðaustan við núverandi íbúðarhús á Buðlungu stendur bárujárnsklædd skemma og suðaustan í henni eru tóftir Klappar. Þar var síðasti Klapparbærinn. Austan skemmunnar er hrossagirðing og lenda tóftirnar að mestu leyti innan hennar. Annars er umhverfis hana sléttuð malarplan.

Svæðið allt er um 50x40 m. Tóftirnar eru tvær, sú syðri minni og væntanlega útihús. Hún er um 9x5 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Vestara hólfíð er opið til vesturs en hið eystra til suðurs. Fast norðvestan í tóftinni er steypustokkur, e.t.v. einhverskonar þró. Um 10 m norðan við tóftina eru tóftir Klapparbæjarins en skemman hefur rofið norðvesturhluta þeirra. Þær eru mjög greinilegar en ekki er um neinn bæjarhól að ræða. Tóftirnar eru um 22x14 m að stærð og skiptast í sex hólf og gang. Vestasta hólfíð er enn undir þaki en mjög sigið. Op eru þrjú, til suðurs, norðurs og vesturs. Báðar tóftirnar eru mjög heillegar. Hleðslur eru úr torfi og grjóti. Hleðsluhæð er mest um 1,3 m en umför allt að átta. Grjótið er að einhverju leyti tilhöggvið. Umhverfis tóftirnar eru grjóthlaðnir túngarðar um 1 m háir. Suðurhluti þeirra liggur alveg í stórgrýttum sjávarkampinum en þó er vel hægt að greina hleðsluna. Norðan í henni miðri er tóftarbrott, mjög ógreinilegt en talsvert er af grjóti í því. Um 20 m sunnan við nyrðri tóftina eru grjóthleðslurnar tvöfaldar og mynda einskonar traðir, um 10 m langar, suður á kampinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSGK, 139



GK-013:002 Klöpp bærstæði býli

63°50.364N 22°23.119V

1840: "Klöpp og Bullunga; báðar þessar hjáleigur voru í landsuður frá bænum að sjá, niður í sjóinn, en eru báðar færðar hærra upp í túnið síðan aldamótin." segir í sóknarlýsingu. Um 120 m austur af núverandi íbúðarhúsi í

Buðlungu GK-012:002 og um 20 m vestan við fjárhústóftir GK-011:012 eru hólur í túninu, greinilega manngerðir.

Um 10 m sunnan við hólana er stórgrýttur sjávarkampur en umhverfis þá er óslétt beitartún.

Hólarnir eru fjórir og liggja í austur-vestur meðfram kampinum. Sá austasti er langstærstur eða um 11x8 m og um 2m á hæð. Talsvert er af grjóti í honum en ekki er hægt að greina lögun þess mannvirkis sem þar hefur verið. Ekki er vitað hvar Klöpp stóð áður og má vera að tóftirnar séu fyrir löngu horfnar undir sjávarkampinn. Hnit er hins vegar tekið við þessa hóla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: JJ 1847, 84; SSGK, 139; Túnakort 1918

GK-014 England (Einland)

1703: Hjáleiga frá Þórkötlustöðum. JÁM III, 13. Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 84.

GK-014:001 *England (Einland)* bæjarstæði býli

63°50.458N 22°23.394V



1840: "Einland, rétt fyrir norðan austasta heimabæinn." segir í sóknarlýsingu. Norðan við Miðbæinn GK-011:001 stendur Valhöll, nýlegt íbúðarhús. Austan við það stendur timburhús í niðurníðslu, lítið en háreist, það er Einland. Austan við Einland er Bjarmaland. Ekki er búið í Einlandi.

Umhverfis eru sléttuð tún.

Ekki er um neinn bæjarhól að ræða. Fast norðan við timburhúsið eru tóftir, fullar af bárujárns- og timburbraki. Vestan í þeim eru steypur laupur, leifar fjóss. Tóftirnar eru um 8x10 m að stærð og skiptast í þrjú hólf. Op eru til suðurs, austurs og norðurs.

Hleðslur standa grónar allt að 1,7 m á hæð. Þær eru úr torfi og grjóti og umför grjóts mest tíu. Steypt er í hleðslurnar á stöku stað. Um 10 m norðaustur af tóftunum er annað tóftarbrot, alveg hrundið. Það virðist hafa verið steyp að hluta. Vestan við steypu fjósleifarnar er einnig tóftarbrot, allt samfallið. Fast austan við tóftirnar eru garðhleðslur og um 10 m austan við þær mótur fyrir bogadregnum torfhlöðnum garði. Umhverfis tóftirnar er afar grýtt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: JJ 1847, 84; SSGK, 139; Túnakort 1918

GK-015 Lambhúskot

1703: Hjáleiga frá Þórkötlustöðum. JÁM III, 13. 1847: Enn hjáleiga frá sama stað. JJ, 84, en ekki getið 1840 - SSGK, 139.

GK-015:001 *Lambhúskot* bæjarstæði býli

63°50.479N 22°23.567V



Á túnakorti frá 1918 eru tvö hús um 160 m norðaustur af bæjarhól á Þórkötlustöðum GK-011:001 nefnd Lambhús. Þar var þurrabúð og hét með réttu Lambhúskot. Tóftirnar eru um 20 m austur af kálgarði GK-011:010.

Í sléttuðu túni.

Bæjarhóll er greinilegur þótt lár sé, mest um 0,5 m. Svæðið er um 40x15 m að stærð og sker sig úr umhverfinu vegna lits og lögunar þúfna. Um er að ræða þústir en ekki greinilegar tóftir nema á einum stað nokkurn veginn fyrir miðju svæðinu. Þar er ein tóft um 6x5 m að stærð. Hún er mjög sigin og gróin en op er greinilegt til suðurs. Ekkert grjót er að sjá í tóftinni né á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: JJ 1847, 84; Túnakort 1918

GK-027 Húsatóptir

33 hdr. 1840, óviss 1703. Konungsjörð og lá til Viðeyjarklausturs. "Selstöðu hefur jörðin langvaranlega haft þar sem heitir á Selsvöllum, er þangað bæði langt og erfitt að sækja." Hjáleigur: Kóngshús og Garðhús. JÁM III, 20. 1836: "Seld með fleiri kóngsjörðum þetta ár, fyrir 630 ríkisdali í silfri til þáverandi landseta. Höfðu Viðeyingar hér áður útræði." SSGK, 136. 1847: Jarðardýrleiki 33 1/3 hdr. JJ, 85. "Til forna átti Staður rétt til vatnssóknar í Baðstofu í Húsatóftalandi. Til endurgjalds áttu Húsatóftir þangfjörutak á Stað." GB Mannfólk, 39. Kaupstaður var á Húsatóptum og var lent við Kóngshellu. Jörðin fór í eyði 1946 - GB Mannfólk, 91. Fimm tómtúsbylí voru byggð í landi Húsatófta á árunum 1906-1934; Dalbær (1906-46), Vindheimar (1911-34), Blómsturvellir

(1914-22), Hamrar (til 1930) og Reynistaður (1934-38).


1703: "Túnið er á næstliðnu vori þann 19. maí virt aldeilis fordjarfað að fjórðungi sínum. Þeir eftirverandi fjórðungar mjög spiltir af sandi og enn hætt við meiri skaða. Engjar öngvar. Mestalt land jarðarinnar hraun og sandi undirorpið." JÁM III, 20. 1840: "...fyrir norðan og útnorðan túnið er víðast hvar náttúruleg gyrðing af lágum hraunhömrum, sem þar gjá er kölluð; líkt er og fyrir sunnan túnið sjálfgerð gyrðing af sama efni, em þeim mismun, að hér liggur túnið fram á klettana, þar sem það að norðanverðu hefir skýli af þeim og liggur upp undir þá...Mörgum þykir fallett á bæ þessum því þar eru stór tún, slétt og fögur, þegar í blóma standa; eru þau og allvel ræktuð." SSGK, 136



GK-027:001 Húsatóptir bæjarhóll bústaður


63°49.965N 22°30.531V

1840: "Bærinn stendur spottakorn frá sjó, á háum og víðsýnum fleti..." segir í sóknarlýsingu. Á túnakorti frá 1918 eru sýndar tvær húsaþyrpingar en tvíþýli var á Húsatóptum. Tóftir gömlu bæjanna eru þar sem nýrra íbúðarhúsið stendur nú, uppi á brekkunni ofan vegarins. Annars vegar eru tóftir fast austan við húsið (A) og hins vegar um 15 m vestan þess (B).



Tóftirnar eru enn greinilegar að hluta en sléttað hefur verið fyrir golfvelli allt umhverfis þær.

"Frá þeim tíma [þ.e. verslunarinnar] er gólfid þar í bæjardyrnum steinlagt með tígulsteini. Aðrar menjar sjást þar ekki. Er líklegt, að kaupmanns'húsin" hafi verið rifin þegar verzlunin lagðist niður, en svo aftur byggður bóndabær í "tóftum" þeirra, og fengið þar af nafnið, sem hann hefir nú." segir Brynjúlfur Jónsson í grein frá 1903. Íbúðarhús úr steini var byggt á bæjarhólnum 1930 en fram að því hafði verið þar torfbær - GB Mannfólk, 83. 1786 voru heima á Húsatóftum íbúðarhús verslunarmanna, byggt 1777, 10,6 x 7 m að stærð, múrað í binding með torf og grjóttveggjum að utan en göflum úr timbri. Einnig var þar íbúðarhús beykisins, byggt 1779, 7,2x4,4 m að stærð m. veggjum úr torfi og grjóti en þak úr timbri - GB Mannfólk, 117-118. Eldra íbúðarhúsið sem nú stendur á Húsatóptum, byggt 1930, stendur neðar og vestar en tóftirnar. Það hýsir nú golfskála Grindvíkinga. Tóftirnar (A) fast austan við nýrra íbúðarhúsið eru á hól, um 1 m háum og um 50x50 m að stærð. Þær eru tveggja hólfanna en á milli hólfanna er steypur pallur. Vestara hólfid er um 6x4 m að stærð með op í suðausturhorni. Úr því liggur einnig torf- og grjóthlaðinn garður um 14 m langur til suðurs. Þá tekur við steypur kantur til austurs og norðurs. Við austurgافل hólfins eru steypur tröppur, tvö þrep niður í það. Sólallur hefur verið byggður inn í hólfid. Eystra hólfid er um 6x3 m að stærð og er á brún brekkunnar ofan við heimreiðina að íbúðarhúsinu. Það er niðurgrafið að hluta og er op á austurgafli. Úr suðausturhorni eystra hólfins liggur torf- og grjóthlaðið garðbrot til suðurs í átt að steypu kantinum. Hleðslur beggja hólfanna eru úr torfi og grjóti, mest um 2 m háar. Umfögrjóts eru




mest tíu. Um 20 m norðaustan við tóftir (A) eru aðrar tóftir (B). Þar eru leifar eins húss og kálgarðs. Þar er ekki um neinn bæjarhól að ræða. Kofatóftin er um 5x4 m að stærð með op til suðurs fram í kálgarðinn. Hann er um 18x8 m að stærð með op í norðausturhorni næst kofatóftinni. Um 10 m vestan við tóftina og garðinn er annað garðlag, um 36 m langt í norður-suður en sveigir þá til austurs um 14 m. Úr norðausturhorni kofatóftarinnar liggur einnig garðlag, hlykkjótt, um 17 m langt í norðaustur. Norðan þess er sléttað fyrir golfvelli. Hleðslur eru allar úr torfi og grjóti, mest um 1,5 m háar í kofatóftinni. Umföer grjóts eru allt að sex.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918; JJ 1847, 85; SSGK, 136; BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902" Árb. 1903, 44; GB Mannfólk, 83, 117-118

GK-027:002 tóft útihús

63°49.885N 22°30.799V



Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús eða rétt í norðvesturhorni túnsins. Grjóthlaðin tóft er um 270 m vestur af bæjarhól 001 við norðvesturenda golfvallar, fast austan í túngarðinum 033.

Tóftin er í grónu holti vestan við sléttaðan golfvöll.


Tóftin er um 8x8 m að stærð. Hún er grjóthlaðin en fallin að mestu og er hleðsluhæð um 0,2 m. Suðurveg og helming austurveggjar vantar. Tvær grjóthrúgur eru í tóftinni við austur- og vesturvegg.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918

GK-027:003 tóft útihús

63°49.992N 22°30.549V



Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús eða rétt austast í túninu. Um 50 m austnorðaustur af bæjarhól 001 er tóftarbrót sem samsvarar 003 á túnakorti.

Fast sunnan við tóftarbrótið er vegslóði í austnorðaustur en norðan við það er golfvöllur.

Tóftin er mjög sigin, um 8x6 m að stærð og opin til suðvesturs. Hún er utan í túngarðinum 033 og hann myndar norðurvegg hennar sem er þó mjög óljós.

Túngarðurinn liggur til norðaustur úr tóftinni en er horfinn suðvestan við hana. Tóftin er torf- og grjóthlaðin, hleðsluhæð er mest um 0,5 m en umföer grjóts eru ekki greinileg.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918

GK-027:004 *Kóngshús* bæjarstæði bústaður

63°49.485N 22°30.591V

Hjáleiga 1703, JÁM III. "Hjáleigan Kóngshús stóð niður við Húsatóttavör ..." segir Í Sögu Grindavíkur. Fast vestan Tóftavara 011 er stór klöpp sem á standa rústir sjóhúss, er líklegt að hjáleigan hafi verið á svipuðum stað. Klöppin er alltaf uppúr sjó en getur orðið umflotin á flóði. Hún er grasi gróin að hluta.

Ekki eru aðrar tóftir á klöppinni en steypurústin, en sunnan í klöppinni standa tveir fúnir timburstaurar úr sjó.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: JÁM III, 21; Saga Grindavíkur I, 119

GK-027:005 *Garðhús* bæjarstæði býli

63°49.965N 22°30.531V

Hjáleiga 1703, JÁM III. Í Sögu Grindavíkur segir: "... ekki er ljóst, hvar hjáleigan, sem nefnd var Garðhús árið 1703, stóð." Hún fær sama hnit og bæjarhóll 001.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, 22; Saga Grindavíkur I, 119

GK-027:006 *Stekkjartún* örnefni stekkur

63°49.674N 22°29.095V

Í örnefnaskrá segir: "Fyrir vestan Markhól er Hvalvík... Vestan Hvalvíkurkletta er Jónsbás, u.þ.b. 80 m breiður... Vestan Jónsbáss er hár malarkampur, sem kallaður er Stekkjartúnskampur." "Tóftabrunnar er fast vestan við gamla veginn, vestan við Bjarnagjá. Þá er Stekkjartúnsharð og vestan við það Stekkjartún, sem er upp af Jónsbás og Stekkjartúnshampi... Ofan við Stekkjartún er Stakibrunnar." Markhóll er gróinn hóll í sjávarkampinum á landamerkjum Húsatópta og Járngerðarstaða. Við Bjarnagjá, sem er vatnsfyllt gjá fast austan við Markhól, standa tvær skemmur í niðurníðslu og liggur vegslóði að þeim af þjóðveginum. Tóftabrunnar, sjóvatnstjarnir, eru vestan við Markhól en vestan þeirra og norðan Jónsbásarkletta, svartra klappa við sjóinn, er Stekkjartún. Það er um 1,3 km suðaustur af bæjarhól 001.

Stekkjartún er klettótt og óslétt graslendi með mörgum litlum sjóvatnstjörnum.

"14. janúar 1902 sigldi enski togarinn Anlaby í strand við Stekkjartúnshampi...og fórst öll skipshöfnin.", segir í örnefnaskrá. Engar fornleifar eru í Stekkjartúni og má vera að þær séu komnar undir sjávarkamp en landbrot er

mjög mikið á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 1-2, 5; GB Mannfólk, 20, 21

GK-027:007 *Vörðunes/Vörðunestangi* varða mið
Í örnefnaskrá segir: "Fyrir vestan Markhól er Hvalvík... Vestan Hvalvíkurkletta er Jónsbás, u.þ.b. 80 m breiður... Vestan Jónsbáss er hár malarkampur, sem kallaður er Stekkjartúnskampur... Vestan Stekkjartúnskamps eru klettabásar, nefndir Sölvabásar... Vestan Sölvabása skagar tangi fram í sjó. Heitir hann Vörðunes, en er í daglegu tali nefndur Vörðunestangi. Beint upp af honum, u.þ.b. 1 kílómetra, er stór hlaðin varða.", segir í örnefnaskrá. "Tvær vörður með dálitlu millibili stóðu á bakkanum tæpum 200 metrum austan við Vatnslón. Vörður þessar heita Sundvörður." Varðan er um 800 m austur af bæjarhól 001, fast norðan þjóðvegur í norðaustur frá húsum fiskeldisins. Varðan er í uppgrónu hrauni.

63°49.929N 22°29.614V



Í örnefnaskrá segir: "Þegar þær bar í háan hraunstand í háhrauninu og í Höskuld, hnjúk austan í Þórðarfelli, þá var verið á réttu Djúpsundi... Var því miði haldið, þar til Hvirflavörður bar saman á Snúningnum. Þá var sveigt til vinstri inn á Staðarvík, en þaðan var greið leið inn í Staðarvör og Tóftarvör, þótt brimhroði væri. Snúningur var nefnt, þar sem beygjan var tekin, og talað um að vera komin á Snúning." Varðan er hlaðin úr hraungrýti og er um 2 m á hæð. Hún er mest um 1,5 m í þvermál og umfór grjóts eru um tíu. Hleðslur standa. Vörðurnar voru áður tvær en aðeins önnur þeirra er enn til staðar. Sú sem er horfin var suðvestar, þar sem hús fiskeldisins standa nú.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 2, 6; GB Mannfólk, 20

Ljósmynd: Sundvarða, horft í norður

GK-027:008 *Þvottaklappir* heimild um þvottastað

63°49.755N 22°30.423V

Í örnefnaskrá segir: "Svoltil vík, Vatnslónavík, er vestan við Vatnslónskletta. Vestan hennar eru Þvottaklappir. Á þeim eru daufar uppsprettur." Í Sögu Grindavíkur I segir: "Þar næst komum við að Þvottaklöppum, sem draga nafn af því, að þegar lágsjávað var, rann þarna mikið vatn niður í fjöruna og var farið þangað með þvott frá Hústóttum og hann skolaður. Var það kallað "að fara í Vötnin."" Vatnslónavík er fyrir suðvestan fiskeldið, um 1 km suðaustur af bæjarhól 001. Vestan við víkina eru Þvottaklappir, en þær eru næstu klappir til austurs við Tóftaklöppina 010.

Þær eru í söndugri fjöru fast sunnan við golfvöllinn austanverðan.

"Þegar búið var að þvo og sjóða þvottinn, var farið með hann niður á klappir þessar og hann skolaður þar. Efst í Þvottaklöppunum voru hlóðir, og var ullin soðin yfir þeim og hún síðan skoluð á klöppunum.", segir í örnefnaskrá. Þvottaklappir eru svartar klappir í sjó fram, grónar í toppinn. Uppspretturarnar er ekki hægt að sjá nema á mikilli fjöru. Ummerki hlóðanna eða annarra mannvirkja eru engin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 2-3; Saga Grindavíkur I, 30; GB Mannfólk, 20

GK-027:009 *Barlestarsker* heimild

63°49.485N 22°30.591V

Í örnefnaskrá segir: "Vestasti hluti hennar, beint niður undan Húsatóftum, milli Þvottaklappa og Garðafjöru, var í daglegu tali nefndur Vik. Syðst í Garðafjöru er skerjatangi, sem heitir einu nafni Barlestarsker." Við sjóinn um 600 m suðvestan við Húsatóftir er stór klöpp og á henni eru steypar rústir sjóhúss 004. Austan við klöppina er önnur klöpp, Tóftaklöpp, og utan eða sunnan við hana eru tvö sker, það eru Barlestarsker. Svartar klappir og sker í sjó fram.

"Þar munu verzlunarskipin fyrrum hafa tekið barlest. Upp af þeim er stór og mikil klöpp, sem heitir Kóngshella. Í einu af Barlestarskerjum var festarbolti gegnt öðrum í Bindiskeri í Vatnstanga í landi Staðar. Keðja mun hafa legið þvert yfir víkina milli festarboltanna og voru verzlunarskipin á dögum kóngsverzlunarinnar svínbundin við keðjuna, þar sem þau lágu á víkinni (Ath. svínbinda: binda skipin bæði aftan og framan langsum á keðjuna, þannig að hliðin lægi að henni.) Boltinn í Barlestarskerjum var stór, fleygmyndaður bolti með auga í efri endanum. Hann var lengi notaður sem hestasteinn á hlaðinu á Húsatóftum, en er nú týndur. Festarboltinn í Bindiskeri er enn á sínum stað.", segir í örnefnaskrá. 1903: "Voru skipin bundin á 3 vegu við járnbolta, sem festir voru í klappir. Tveir af þeim voru í Húsatóftalandi, en einn í Staðarlandi. Jón bóndi Sæmundsson á Húsatóftum lét, nálægt 1850, taka upp báða þá boltana, sem í hans landi voru, og færa heim til bæjar. Er annar

þeirra nú hafður fyrir hestastein." segir Brynjúlfur Jónsson í grein í Árbók 1903. Ekki er unnt að komast út í Barlestarsker nema á mestu stórstraumsfjöru.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 3; GB Mannfólk, 21; BJ í Árbók 1903, 45

GK-027:010 *Tóftaklöpp* heimild um hjall

63°49.485N 22°30.591V

"Búðarhella er upp af Kóngshellu og upp af henni Tóftaklöpp. Hún er stærst klappanna.", segir í örnefnaskrá. Tóftaklöpp er um 100 m norðaustur af steyptri bryggju og um 600 m suðvestur af bæjarhól 001. Hún er vestasti hluti skerjatangans, austan við grónu klöppina sem steypa sjóhúsrústin 004 stendur á.

Svartar klappir og sker í sjó fram, lítið gróið í toppinn.

"Á henni stóðu fiskhjallar áður fyrir", segir í örnefnaskrá. Guðsteinn Einarsson segir: "... þar hafði lengi staðið sjávarhús frá Húsatóftum, en þau voru farin af fyrir síðustu aldamót og þá komin upp á bakkann fyrir ofan." Engar fornleifar eru á Tóftaklöpp.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 4; GE Frá Valahnúk, 20-21



GK-027:011 *Tóftavör* heimild um lendingu

"Vestan hennar [Tóftaklappar] er Tóftavör, vestast í Garðafjöru. Búðasandur tekur við af henni til vesturs.", segir í örnefnaskrá. Tóftavör er á milli Tóftaklappar 010 og grónu klapparinnar 004 sem steypa sjóhúsrústin stendur á. Um 600 m suðvestur af bæjarhól 001.

Sandfjara og svartar hraunklappir í sjó fram.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 4

Ljósmynd: Tóftavör 011, Tóftaklöpp 010, Kóngshella 034 og Barlestarsker 009 fjær en Búðasandur 012 nær. Horft í suðaustur

GK-027:012 *Búðasandur* heimild um þingstað

63°49.475N 22°30.706V

"Upp af Kóngshellu er Búðarhella. ... Næstur er Búðasandur er tekur við af Garðafjöru allt frá Tóftavör, sem er vestast í Garðafjöru." GB Mannfólk, 21. Í örnefnaskrá segir: "Danska verzlunarhúsið stóð á litlum hól u.þ.b. 80 m upp af Tóftavör. Ennþá sést móta fyrir grunni þess." Í sóknarlýsingu 1840 segir: "Stóðu höndlunarhúsin niður við sjó nálægt Hvirflunum en kaupmenn bjuggu heima á Húsatóftum." "Á innri klöppinni [ofan við Kóngshellu], sem er mun hærri, hafði krambúðin síðast staðið. Þar stóð enn fiskisöltunarhús Húsatóftarmanna, er eg reri þar, 1865 og 1866; og þar á klöppinni var aflanum skift eftir róðra og gjört að fiskinum. Þá var þó klöppin umflotin af sjó í stórstraumsflóðum. Nú er hún enn meira umflotin og ekki þykir lengur óhætt að hafa hús á henni. Hefir það nú verið flutt í land, og sjást engin merki eftir byggingu á klöppinni." segir Brynjúlfur Jónsson í grein frá 1903. Rétt vestan við Tóftavör 011, um 500 m suðvestur af bæjarhól 001, er hóll við sjávarkampinn og á honum sumarbústaður kallaður Staðarhóll. Má vera að það sé hóllinn sem talað er um, en fast sunnan við hóllinn er Búðasandur.

Gróinn hóll í sjávarkampi við suðvesturenda golfvallar.

"Verzlun var í Grindavík áður, en hætt var við hana snemma á 18. öld. Höfnin var rétt við prestsetrið Stað, við hólma, sem hjallur er nú á. Skipin lágu milli hans og skers, sem heitir Barlest. Í Hólmanum eru enn kengir úr jární, sem skipin voru bundin í. Tangi gekk út að skerinu, og hét Búðartangi, af því verzlunarhúsin stóðu þar, en nú er tanginn að mestu brotinn af brimi." ÞT Ferðabók I, 179 "Fyrir mörgum árum var verið að grafa þar fyrir sjóhúsi. Þá fannst þar lóð, 100 pund að þyngd, sem bar merki Kóngshöndlunar." GB Mannfólk, 85. 1787 voru þar þessar byggingar: Búðin, byggð 1779, 12,5 x 7,5 m að stærð; Eldhús með múraðri eldstó, 6 x 4 m og Gamla pakkhúsið (sennilega eldri verslunarbúð) einnig 12,5x7,5 m að stærð - GB Mannfólk, 117. Verslun var tekin upp á ný í Grindavík árið 1664 en hafði fram til 1639 verið í Járngerðarstaðalandi. Kaupmenn "fluttu sig nú um set vestur í Arfadal í landi Húsatótta. Þar var ráðið í umtalsverðar framkvæmdir og á uppdrætti, sem Kristófer Klog gerði af Grindavíkurhöfn árið 1751 ... má sjá verslunarhús niðri við ströndina. Þau stóðu skammt frá svonefndum Hvirflum, þar sem heitir Búðasandur ..." segir í Sögu Grindavíkur I, 255. Á uppdrættinum sést tvílyft hús, talið vera krambúðin sem reist var 1731 og minna hús sambyggt við austurendann. Þetta hús mun hafa staðið fram undir lok 18. aldar, en 1779 hafði ný krambúð verið byggð. Saga Grindavíkur I, 255-56. Kaupsigling var í Staðarvík til 1745 en eftir það var aðeins siglt til Básenda, þó ennþá væri verslað í húsunum í Grindavík. Árni Jónsson keypti húsin á Búðasandi 1789, krambúð, eldhús og "gamla pakkhús" en hann varð gjaldþrota 1796 og lagðist þá verslun alveg af í Grindavík. Verslunarhúsin voru rifin 1806. Saga Grindavíkur I,

256-65. Hóllinn er um 50x30 m að stærð en engar fornleifar eru á honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 4; SSGK, 136-37; GB Mannfólk, 21, 85; BJ í Árb. 1903, 44-45; Saga Grindavíkur I, 255

GK-027:013 tóft útihús

63°49.954N 22°30.562V


Á túnakorti 1918 er sýnt útihús og kálgarður u.þ.b.á milli bæjarþyrpinganna tveggja 001 (A) og (B). Torfkofi og kálgarður eru fast vestan við nýrra íbúðarhúsið á Húsatóftum, um 50 m vestan við bæjarhól 001 (A).

Tóftirnar eru í grónu túni en sléttað malarplan er norðan við þær.

Kofinn er enn undir þaki en mjög siginn. Hann er um 4x4 m að stærð, torf- og grjóthlaðinn með timburlaup. Op er á honum til norðvesturs. Um 10 m vestan við kofann er torf- og grjóthlaðinn kálgarður. Hann er um 13x9 m að stærð með op til norðausturs. Norðvesturhluti hans er rofinn burt. Hleðsluhæð er mest um 1 m og umför allt að fimm.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918



GK-027:014 tóft útihús

63°49.952N 22°30.516V


Á túnakorti 1918 er sýnt tvískipt útihús fast sunnan við syðri bæjarþyrpinguna 001 (A).

Um 30 suðsuðvestur af bæjarhól 001 (A) í brekkunni ofan heimreiðarinnar að nýrra íbúðarhúsinu er tóft.

Í gróinni brekku.

Tóftin er um 5x4 m að stærð og opin til vesturs. Hún er grjóthlaðin utan í brekkuna að norðanverðu. Hleðsluhæð er um 1,2 m og umför grjóts allt að átta. Bárujárnsbrak er í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-027:015 gerði kálgarður


63°49.925N 22°30.555V

Á túnakorti 1918 er langur og mjór kálgarður sýndur syðst í túninu um 80 m vestur af bæjarhól 001 (A). Kálgarðurinn er á brekkubrúninni ofan heimreiðarinnar að nýrra íbúðarhúsinu.

Í gróinni brekku.

Gerðið liggur í norður-suður og er um 8x16 m að stærð. Það er niðurgrafið og myndar brekkana austur- og vesturveggi þess en túngarður 033 suðurvegg. Austur- og vesturveggur mætast í horni í norðurenda garðsins þannig að hann er þríhyrndur. Torf og grjót er í öllum hleðslum en hleðsluhæð er mest um 1 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-027:016 gerði kálgarður

63°49.931N 22°30.534V

Á túnakorti 1918 er þríhyrndur kálgarður syðst í túninu um 70 m vestsuðvestur af bæjarhól 001 (A). Hann er í brekkubrúninni ofan heimreiðarinnar að nýrra íbúðarhúsinu.


Í gróinni brekku.

Gerðið er þríhyrnt, um 8x5 m að stærð og mjög gróið. Op er óljóst en líklega í vesturenda. Gerðið er byggt utan í brekkuna og myndar hún norðurvegg þess.

Norður- og suðurveggur mætast í vesturenda í hvössu horni og mynda. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og er hæð þeirra mest um 1 m en umför grjóts um þrjú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918



GK-027:017 tóft útihús


63°49.875N 22°30.683V

Tóft er í túninu, við túngarðinn 033, um 50 m vestan við golfskálann og tæpa 300 m vestur af bæjarhól 001.

Tóftin er í grónu holti.

Tóftin er um 7x5 m að stærð og er byggð inn í túngarðinn. Hún skiptist í tvö hól sem bæði eru opin til suðurs. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en mjög gróin og sigin.

Hleðsluhæð er mest um 0,4 m og umför allt að þrjú. Úr suðvesturhorni tóftarinnar liggur túngarðurinn 033 til vesturs, aðeins um 4 m langt túngarðsbrot liggur til austurs úr miðjum austurvegg tóftarinnar. Þar hefur túngarðurinn verið rofinn vegna vegagerðar.



Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-027:018 brú samgöngubót

63°50.362N 22°32.238V



Á Preststíg 022 um 1,6 km norðvestur af bæjarhól 001 er komið að gjá sem heitir Hrafnagjá. Þar hefur verið hlaðin brú yfir gjáanna.

Hrafnagjá er breið og gróin gjá í mosagrónu hrauni. Hún er alldjúp á köflum en þar sem brúin liggur yfir hana er hún ekki nema um 2 m á dýpt.

Hleðslan er úr hraungrýti, mjög heilleg og er í norðausturenda gjárinnar. Hún er um 2 m há, 2 m breið og um 4 m löng en mjög gróin að ofan. Umför grjóts eru mest um átta. Um 8 m sunnan við brúnna er önnur gjá eða анги úr megingjánni og er þar önnur sambærileg hleðsla en mun minni. Sú er aðeins um 2,5 m löng, 2 m breið og tvö umför grjóts.

Hættumat: engin hætta

Ljósmynd: Hlaðin brú, horft í norðaustur

GK-027:019 Pústi heimild um leið

63°49.755N 22°30.658V

"Í Arfadal, neðan við túnið á Húsatóftum, eru Pípuklettur... Neðan þeirra, með sjávargötu frá Húsatóftum, er lítill klettur eða hóll, sem Pústi heitir. Þar hvíldu menn sig gjarnan, er sjófang var borið heim.", segir í örnefnaskrá. Pústi er stakur gróinn smáklettur á miðjum golfvellingnum sunnan Þjóðvegarins um 300 m suðvestur af bæjarhól 001. Hann er miðja vegin milli Húsatópta 001 og Tóftavara 011.

Umhverfis Pústa er golfvöllur.

Pústi er um 1 m á hæð, bungumyndaður og mjög gróinn. Ekki sér móta fyrir leiðinni sem þarna á að hafa legið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 6; GB Mannfólk, 21

GK-027:020 garðlag herslugarður

63°49.536N 22°30.900V

"Út undir Hvirflum eru klettur, sem heita Háavíti og Lágavíti. Í þeim eru mörg grjótbyrgi, og var fiskur þurrkaður í þeim, áður en söltun kom til.", segir í örnefnaskrá. Í hrauninu fast norðan við Þjóðveg og um 500 m vestur af bæjarhól 001 eru margir greinilegir grjóthlaðnir herslugarðar.

Í sendnu uppblásnu hrauni.

"Sjást þar [í Grindavík] enn ótal garðar og smábyrgi, er Skálholtsmenn höfðu til að herða á fisk sinn." ÞT Ferðabók I, 178-79. Garðarnir eru hlaðnir úr hraungrýti en fallnir að mestu leyti. Aðeins um tvö umför grjóts standa eftir í þeim flestum. Þeir teygja sig líklega eitthvað yfir í Staðarland líka. Svæðið er líklega um 100x50 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 6; ÞT Ferðabók I, 178-79

GK-027:021 Nónvörður varða eyktamark

63°49.807N 22°30.797V

"Vestur af Húsatóftum er landið nokkru hærra og heita þar Hæðir suðvestur af bænum. Á þeim eru Nónvörður, eyktamark frá Húsatóftum.", segir í örnefnaskrá. Vörðurnar eru tvær og standa á hárrí ógróinni hraunbungu norðan við Þjóðveginn, fast vestan við golfvöllinn og um 250 m vestur af bæjarhól 001. Fremri varðan sést greinilega af Þjóðvegi.

Í sendnu, uppblásnu hrauni.

"Þegar Tyrkir komu til Grindavíkur 1627, lentu þeir skipi sínu við Ræningjasker í landi Staðar. Gekk þá Staðarprestur upp á efstu brún Hæðanna, hlóð þar þrjár vörður og mælti svo fyrir um, að Grindavík skyldi ekki verða rænd, á meðan í þeim stæði steinn yfir steini. Hefur það orðið að áhrínsorðum, enda standa Nónvörður að nokkru enn.", segir í örnefnaskrá. Vörðurnar eru tvær og er sú fremri syðst á hraunbungunni en hin um 50 m norðar. Báðar eru hlaðnar úr hraungrýti og eru um 1,2 m á hæð. Umför grjóts eru um sjö.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 7; GB Mannfólk, 22, 28

GK-027:022 *Prestastígur* gata leið

63°50.897N 22°33.202V

"Vestur af Grýttugjá, upp undir jaðri apalhraunsins (Eldborgarhrauns), er Hrafnagjá... Frá Hrafnagjá er einstigi um hraunið frá Sauðabæli út í Óbrennishóla. Troðningur þessi eða einstigi er fær öllum, þótt slæmur sé.", segir í örnefnaskrá. Gatan liggur í norðvestur upp frá vestanverðu túni á Húsatóptum í Hafnir. Leiðin er ranglega merkt með skilti við þjóðveginn austan Húsatópta. Frá túninu á Húsatóptum að Eldvörpum liggur gatan um mosagróið hraun mjög úfið á köflum. Norðan Eldvarpa er landið sléttara, grónara og auðveldara yfirferðar.



1840: "Sá fjórði og síðasti vegur, sem út úr sókninni liggur og alþjóðarvegur má nefnast, liggur upp frá Húsatóttum, í útnorður ofan í Hafnirnar, og er hann sá eini, sem héðan verður farinn þangað." segir í sóknarlýsingu. Leiðin er vörðuð alla leið í Hafnir og eru flestar vörðurnar miklar og breiðar og vel uppistandandi. Leiðin er líka stikuð enda vinsæl gönguleið. Samkvæmt skiltinu er hún 12 km löng.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 8; GB Mannfólk, 22; SSGK, 129-30

Ljósmynd: Prestastígur, horft í suður

GK-027:023 *Skothóll* heimild um skotbyrgi

63°50.253N 22°31.911V

"Tóftakrókar eru heiðarland á svæðinu frá Tóftatúni og vestur að apalhrauninu... Vestast í Tóftakrókum er Skothóll í mörkum milli Húsatófta og Staðar, fast upp undir apalhrauninu (Eldborgarhrauni). Skothóllsgjá liggur eftir endilöngum hólnum frá norðaustri til suðvesturs.", segir í örnefnaskrá. Skothóll er um 1,2 km norðvestur af bæjarhól 001, um 100 m vestan við brún apalhraunsins, rétt vestan við Prestastíg 022. Um hann liggja landamerki milli Húsatófta og Staðar.

Í uppgrónu helluhrauni.

"Á Skothól hefur líklega verið legið fyrir tófu.", segir í örnefnaskrá. Skothóll er hraunhóll, allhár og gróinn með hundapúfu í toppinn. Hann er mjög áberandi í landslaginu. Hóllinn er klofinn af um 1 m djúpri gjá að sunnanverðu. Engar fornleifar eru við Skothól og óvíst hvort þar hafi verið skotbyrgi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 7-8


GK-027:024 tóftir útilegumannabústaður


63°51.238N 22°31.236V

Í örnefnaskrá segir: "Miðkrókakriki teygist langt inn í apalhraunið [Eldborgarhraun] úr vesturjaðri Tóftakróa. Í norðvestur af honum, út í apalhrauninu, er dálítið sléttlendi og eru þar nokkur grjótbýrgi, er gefa til kynna, að þar hafi fólk hafzt við, er vildi fara huldu höfði. Byrgin eru vel falin í apalhrauninu, en frá staðnum ber Sundvörðuna í Gyltustíg í Þorbirni." Ef gengið er eftir Árnastíg 036 upp frá austanverðu túninu á Húsatóptum skal fylgja honum þar til hann gengur þvert á girðingu sem liggur um hraunið í austur-vestur. Skal þá sleppa stígnum og sveigja til vesturs með girðingunni en rudd braut er meðfram henni um hraunið. Um 750 m vestar sveigir girðingin til suðurs og skal þar fara yfir hana og er þar greinilegur troðningur um hraunið til norðurs. Um 2 km norðar eru tóftirnar í kvos í hrauninu, en troðningurinn liggur alla leið að þeim.

Kvosin er mosagróin en snauð af öðrum gróðri. Umhverfis hana rís úfin hraunbrúnnin og girðir hana af. Kvosina er ómögulegt að greina fyrir en komið er að henni og úr henni má hvergi sjá til byggða.

FRIDLÝSTAR MINJAR. ""Útilegumannabæli" svo nefnt, í hraunkvos norðvestur af túninu." friðlýst 25.10.1930, þinglýst 15.11.1938. 1883: "Frá Járngerðarstöðum í Grindavík fórum við upp í Eldvarpahraun ... Í því skoðaði ég á einum stað gamlar, mosavaxnar rústir. Þær er mjög illt að finna, á afskekktum stað í versta brunahrauni. Þar hefir líklega







einhvern tíma í fyrndinni verið athvarf manns, sem einhverra orsaka vegna hefir orðið að flýja úr byggðinni. Ekki er hægt að sjá þessar rústir, fyrir en maður er rétt kominn að þeim. Standa þær í kvos, á flötum hraunbletti, og há hraun allt í kring. Fram á miðjum fletinum eru þrjár kofar, allir hlaðnir úr hraunhellum og hleðslan virðist einföld. Gjört hefir verið yfir byrgi þessi með stórum hraunhellum. Allir eru kofar þessir smáir, 5-6 m að lengd, og snúa dyrnar til norðurs. Stærsti kofinn er inni í hraunviki; hafa hraunbrúnirnar verið notaðar fyrir vegg. Bak við þennan kofa var hlaðin tótt, djúp eins og brunnur. Þar fundum við hálfvína, tilteigda spýtu undir mörgum hraunhellum og mosa. Önnur hringmynduð rúst var þar í nánd. Uppi á hæstu hraunbrúninni fyrir ofan var enn eitt byrgi, alveg eins og það hefði verið notað til þess að skyggast um. Allar eru rústir þessar mjög gamlar, því á þeim var nærri eins þykkt mosalag

eins og á hrauninu sjálfu. Enginn veit neitt um þessa kofa; þeir fundust af tilviljun 1872." ÞT Ferðabók I, 177-78. Í ornefnaskrá segir: "Getgátur eru um, að þarna hafi menn flúið - annaðhvort undan ræningjum eða drepsóttum eða þá að ófrjálsir menn hafi hafzt þarna við, en engar sagnir eru um mannavist þarna. Sléttar klappir eru þarna og hraunið hátt umhverfis. Á klöppum þessum, nálægt miðju, eru þrjú byrgi í röð frá austri til vesturs. Auk þess er rúst af kofa norðaustast í þessari hvilft, undir hárra hraunpípu. Þröngum og djúpum hraunkrika vestan við rústina hefur verið lokað með grjótgardi og virðist þar hafa verið fjárrétt."

Rannsókn Brynjúlfs Jónssonar sumarið 1902: "Útleigumannabæli hafa menn álitid rústir nokkrar í hrauninu fyrir ofan Húsatóftir, svo sem 1 1/2 kl.tíma leið þaðan ef mannavegur væri. En líttfært er að komast þangað nema á einn veg, með því að fara langan krók og þó mjög vandfarið. Má nærri geta, að þar er lítið um mannaferðir, þar eð enginn vissi af rústum þessum fyr en þær fundust af tilviljun litlu eftir 1870...Rústirnar er í kvos, þar sem hraunið hefir klofnað og sinn hraunriminn oltið fram hvorumegin, eftir flötu hrauni, sem áður hefir storknað. Sér að eins á einn veg út úr kvosinni, og á þeim stað er það, sem koma má þangað hesti, ef gætilega er farið. Við fundum 7 tóftir og var hver laus við aðra. Tvær eru afsíðis, suður með austurbrúninni, þær eru litlar og huldar mosa. Inni í kvosinni eru 3 tóftir, sem mynda röð yfirum hana þvera. Hin stærsta þeirra er við vesturbrúnina, nálægt 6 al. löng. 2 fðm. austar er önnur 5 al. löng og þá 7 fðm. austar en hin þriðja, 4 al. löng, og er hún við austurbrúnina. Allar eru þær jafnvíðar: rúml. 2 al.; þær eru byggðar af smáum hraunhellum og aðrar stærri hafa myndað þak, en eru nú fallnar ofan í. Veggirnir standa lítt haggðir; eru gaflar hæstir og dyr á hliðinni við annan gaflinn, eins á öllum. Vindaugu eru á veggjum og göflum. Eigi snúa þær göflum saman og eigi heldur hliðum, en horfa skáhalt hver við annarri. Ekki virtust okkur þær líklegar til íbúðar, en hefðu getað verið geymsluhjallar, t.a m. fyrir þurrkað kjöt. Í kvosarbotninum er hringmynduð tóft, svo lág, að veggirnir eru mosa huldur. Það gæti verið niður hrunin fjárrétt. En eigi bendir það þó til þess er Sæmundur [Jónsson á Járngerðarstöðum] sagði: að í henni hefði hann fundið ösku og skörung úr járn. Inn frá stærstu tóftinni er í hraunbrúninni glufa milli kletta. Sú glufa hefir verið notuð notuð fyrir tóft; hlaðið í skörð og svo reft yfir með breiðum hraunhellum. Þær eru nú fallnar ofan í og hleðslan að nokkru leyti líka. Þetta kynni hefzt að hafa verið íveruhúsið. Þar er skjól gott og fylgsni gott. En ólíklegt er að menn hafi getað dvalið til lengdar á þessum stað. Þar hefir víst verið "á flestu góðu mesta óhægð". Þar hefir ekkert verið til eldiviðar, því þá hefir mosinn ekki verið kominn. En gerum ráð fyrir, að íbúar hafi eigi kært sig um eld, hafi eigi viljað láta reyk sjást eða reykjarlykt finnast frá hýbýlum sínum. En þá er einn gallinn þó verstur. Þar fæst ekkert vatn nema regnvatn, eða snjór á vetrum...Ekki er hægt að skilja, til hvers litlu tóftirnar, sem fyrst getur, hafa átt að vera. Þær eru svo smáar, að það er eins og börn hafi bygt þær að gamni. Og trúa myndi ég, að þetta væri alt saman eftir stálpuð börn t.a m. 10-14 ára gamla drengi ef líklegt væri, að þeir hefðu komið á þennan stað. En það sýnist mér ekki vera." Árbók 1903.

1959: "Skammt vestur af Sundvörðunni, sem er við austurbrún þess hluta Grindavíkurhrauns, sem við hana er kennt, er hraunkvos, sem er opin móti vestri. Hefur apalhraunið þar fyrir austan kvíslast í tvennt og þannig myndað kvosina. Í kvosarbotninum er slétt helluhraun, alþakið mosa, en litlum öðrum gróðri. Í kvos þessari eru rústir af mörgum smáum kofum, hlöðnum úr grjóti, og tvær rústir eru uppi á brún apalhraunsins fyrir sunnan kvosina. Rústir þessar eru mjög vel faldar inni í hrauninu, og þær eiga að jafnaði engir leið um, enda voru þær ókunnar, þar til þær fundust af tilviljun veturinn 1872. ... Tótt 1, er uppi á brún apalhraunsins, og bendir Þorvaldur Thoroddsen á, að það sé alveg eins og hún hafi verið notuð til að skyggast um. Stærð 3,70 X 2,50 (utanmál) og 2,10 X 0,80 (innanmál), hæð 1,05. Nokkrum metrum neðar er tótt 2, sem líkist einna helst litlum turni. Stærð 1,40 m X 1,20 m (innanmál), hæð 1,05 m. Tóttirnar 3, 4 og 5 mynda röð þvert yfir kvosina. En hvorki snúa þær göflum né hliðum saman, heldur horfa skáhallt hver við annarri. Allar eru tóttirnar heldur litlar, ef um mannaústaði væri að ræða. Syðsta tóttin (nr. 3) er um 4 m að lengd að utanmáli, en að innanmáli 2,70 m X 1,20. Miðtóttin (nr. 4) er 3,70 m á lengd að utanmáli, en að innanmáli 2,50 m X 1,10 m. Báðar þessar tóttir eru tvíhlaðnar. Aftur er nyrzta tóttin (nr. 5) einhlaðin. Hún er að utanmáli 3,80 m X 1,50 m, en að innanmáli 3,30 m X 0,90 m. Á veggjum og göflum tóttanna eru dálítill vindaugu, og hefur Brynjúlfur Jónsson bent á, að þær hefðu getað verið geymsluhjallar fyrir þurrkað kjöt. Sérstaklega virðist það vera augljóst um tótt 5, sem er einhlaðin með fjórum vindaugum. Stærsta tóttin (nr. 6) innst í kvosinni hefur verið byggð inni í hraunviki, og að


norðanverðu hefur hraunbrúnnin verið notuð fyrir vegg. Þessi tótt er langmest úr lagi gengin af öllum tóttunum, svo að erfitt er að ákveða lögun hennar og stærð. Þó virðist hún hafa verið um 4 m á lengd að innanmáli og 1,50 m á breidd, þar sem hún er breiðust. Í henni hefur verið milligerð, sem skipti henni í tvö herbergi. Bendir Brynjúlfur á, að þessi tótt sé líklegust til að hafa verið mannabústaður. Enn fremur getur Þorvaldur Thoroddsen þess, að bak við þennan kofa sé önnur tótt, djúp eins og brunnur, og þar hafi hann fundið titelgda spýtu undir mörgum hraunhellum og mosa. Varla getur hér verið átt við aðra tótt en innri endann á sjálfri tóttinni í hraunvikinu, en hann hefur verið aðskilinn frá hinum hlutanum með millivegg og Þorvaldur því kallað hann sérstaka tótt. Þetta eru einu trjáleifarnar, sem fundizt hafa í rústunum, og annars er ekkert, sem bendir til að nokkur spýta hafi verið í þeim. Reft hefur verið yfir allar tóttirnar með hraunhellum, en þakið er allsstaðar dottið niður og hellurnar eru inni í tóttunum eða við þær. Stærstu hellurnar eru um 80 X 90 cm að stærð. Tótt 7 er hringmynduð, og veggir hennar eru miklu lægri en hinna tóttanna. Segir Brynjúlfur eftir Sæmundi bónda á Járngerðarstöðum, að þar hafi hann fundið ösku og skörung úr járni. Ef gert er ráð fyrir að tóttin í hraunvikinu hafi verið aðal-íveruhúsið á þessum stað, liggur næst að halda, að hringmyndaða tóttin hafi verið eldhús eða eldstæði. Tóttirnar nr. 8 og 10 eru mjög litlar og ómerkilegar að sjá. En tótt 9 er einkennilegust allra tóttanna. Eiginlega eru það þrjár tóttir, sem snúa göflum saman, en öðrast hver í sína áttina. Þessar tóttir eru miklu minni en tóttirnar inni í kvosinni. Í einni þessara tóttanna er ein þakhella enn óhöggð, og eru það einu leifarnar af uppistandandi þaki í rústum þessum. Að lokum skal þess getið, að



skammt fyrir norðan kvosina, sem rústirnar eru í, er annað hraunvik, sem gengur inn af sömu hraunsléttunni. Innst í því hefur verið hlaðið upp í öll skörð, svo að þar hefur myndazt aðhald, sem varla hefur verið gert til annars en að handsama fé. Hraunvik þetta er opið að framan, svo að varla hefur verið um eiginlega fjárrétt að ræða. ... öruggt vatnsból er ekki nær en í hraungjá einni um 20 mínútna gang sunnar í hrauninu ... Enn fremur er á sumum árstímum hægt að fá vatn rétt við kofana (að minnsta kosti var þar vatn í maí 1950). ... Þær eru alþaktar mosa og hljóta því að vera nokkurra alda gamlar." Ólafur Briem, *Útilegumenn og auðar tóttir*, 1959.

Svæðið allt er um 200x160 m að stærð og eru á því tíu tóftir. Fjórar tóftir (6, 7, 9, og 10) eru utaní eða við hraunjaðarinn. Tvær tóftir (1 og 2) eru afskekktar uppi á hraunbrúnninni en fjórar tóftir (3, 4, 5 og 8) eru í miðri kvosinni. Allar tóftirnar eru hlaðnar úr misstórum hraungrýtismolum en reft hefur verið yfir þær með hraunhellum. Þær eru nú fallnar og liggja ýmist í tóftunum eða

við þær. Mesta hleðsluhæð er 1,3 m í tóftum 1 og 6 en umför grjóts eru allt að átta. Hleðslur standa grónar í flestum tóftunum og er á þeim álíka þykkur mosi og á hrauninu umhverfis kvosina. Tóftirnar eru allar fremur smáar og þröngar nema helst tóftir 6 og 7 sem eru rúmmestar. Gluggar eða "vindaugu" eru á tóftum 3, 4 og 5, varla stærri en 30x20 cm. Allar eru tóftirnar einfaldar nema tóftir 5, 6 og 9. er hafa fleiri en eitt hólf. Uppi á hraunbrúnninni eru sem fyrr segir tvær tóftir. Tóft 1 er um 2x3 m að stærð og hefur op til suðurs. Hleðsluhæð í henni er mest um 1,3 m og umför grjóts allt að átta. Um 5 m norðan við hana er tóft 2. Hún er afar sérkennileg, hringlaga og um 80 cm í þvermál. Þar af leiðandi er hún afar rúmlítill innan. Hleðsluhæðin er um 1 m og umför allt að sex. Ekkert op er á henni. Nyrst í miðri hraunkvosinni eru sem fyrr segir tóftir 3, 4, 5 og 8. Þær þrjár fyrstnefndu eru í línu í norður-suður. Tóft 3 er um 2x3,5 m að stærð með op til suðurs í suðausturhorni. Tveir gluggar eru á henni, á austur- og norðurvegg. Um 10 m norðan við tóftina er tóft 4. Sú er um 2x3 m að stærð með op til suðurs í suðvesturhorni. Á henni er a.m.k. einn gluggi á austurvegg. Tóft 5 er um 3 m norðan við tóft 4. Hún er um 4x1 m að stærð með op til austurs. Tóft 5 er líklega tveggja hólfa, gæti þó verið að milliveggurinn sé aðeins hrun úr öðrum veggjum. Á henni eru tveir gluggar, á suður- og austurvegg. Í tóftum 3-5 er hleðsluhæðin um 1 m og umför grjóts eru allt að sex. Tóft 8 er um 10 m austan við tóft 3. Hún er bogalöguð og aðeins um 1x1 m að stærð. Tóftin er opin til til norðvesturs. Hleðsluhæð í henni er aðeins um 0,3 m og umför grjóts tvö. Tvær tóftir eru norðaustast í kvosinni utaní hraunjaðrinum. Tóft 6 er norðar en hún er reist við hraunklökkina þannig hún myndar hluta veggjanna. Hún er um 6x4 m að stærð með op til suðausturs. Tóftin er greinilega tveggja hólfa auk einskonar andyrís sem gæti verið hið þriðja. Hleðsluhæð er mest um 1,3 m og umför grjóts allt að átta. Um 6 m sunnan við tóft 6 er tóft 7. Sú er hringlöguð með op til vesturs. Hún er um 2 m í þvermál innanvert. Hleðslur eru mjög lágar eða um 0,3 m og umför grjóts eitt til tvö. Suðvestast í kvosinni eru tóftir 9 og 10 og eru þær tóftirnar sem fyrst er komið að þegar gengið er inn í kvosina. Tóft 9 er norðar og er hún um 4x2 m að stærð. Hún er þriggja hólfa en afar sérstök og er í raun þrjár tóftir er snúa göflum



saman. Op eru á hverju hólfi, til austurs, vesturs og suðurs. Hólfin eru svo lítil að fullorðinn karlmaður kæmist ekki fyrir í þeim en barn gæti setið þar í hnipri. Yfir suðurhólfinu er enn ein þakhella uppistandandi, en það er sú eina í tóftunum öllum. Um 12 m suðvestan við tóft 9 er tóft 10. Hún er 2x1 m að stærð með op til vesturs. Hleðsluhæð í tóftum 9 og 10 er um 0,8 m og umför allt að sex.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 8-9; ÞT Ferðabók I, 177-78; BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902" Árb. 1903, 45-46; Ólafur Briem ÚAT, 156-65

GK-027:025 *Byrgjahólar* tóft herslubyrgi

63°50.159N 22°30.646V



"Vestan við Tóftatúnið eru Byrgjahólar. eru þar mörg hlaðin byrgi frá þeim tímum, er allur fiskur var hertur.", segir í örnefnaskrá. "Nokkur [fiskbyrgi] eru enn að mestu uppistandandi í hrauninu fyrir norðan Húsatóftir." GB Mannfólk. Norðvestan við túnið á Húsatóptum, ofan Hjálmagjár 028, eru margar byrgjatóftir á dreif.

Í uppgrónu hraunholti.

"Byrgi þessi voru yfirleitt kringlótt og hlaðin í topp. Á þeim voru lágur dyr, vafalaust til þess að stórgripir kæmst ekki inn í þau. Þau voru hlaðin úr stórgrýti, og blés vel í gegnum þau. Fiskurinn var hengdur á slár inni í byrgjunum. Aðeins eitt þessara byrgja er nú vel uppistandandi.", segir í örnefnaskrá.

"Sjást þar [í Grindavík] enn ótal garðar og smábyrgi, er

Skálholtsmenn höfðu til að herða á fisk sinn." ÞT Ferðabók I, 178-79. Byrgin eru nú flest meira og minna fallin nema eitt. Það er fast ofan við túnið norðaustanvert, á lágum hraunhól um 300 m norðaustur af bæjarhól 001. Tóftin er um 3x3 m að stærð og hringlaga. Hún er um 1,5 m í þvermál með op til vesturs. Opið er mjög lágt, um 0,5 m, og um 0,5 m breitt. Yfir því er hraungrýtishella. Tóftin er grjóthlaðin og er hleðsluhæðin um 1,5 m en umför allt að tíu. Þakið er fallið saman ofan í tóftina. Fast við rústina norðanverða er mikið af grjóti, fallnar hleðslur eins eða tveggja byrgja til viðbótar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 9; GB Mannfólk, 21-22, 118-119; ÞT Ferðabók I, 178-79

Ljósmynd: Fiskbyrgi, horft í austur

GK-027:026 *Baðstofa* lind vatnsból

63°50.089N 22°30.210V



"Norðaustur af Tóftatúni er Baðstofa, mikil gjá 18 faðma djúp, þar af er dýpt vatnsins í botni hennar 9 faðmar.", segir í örnefnaskrá. Baðstofa er um 300 m austur af bæjarhól 001, næsta gjá sunnan við Hjálmagjár 028. Úr Baðstofu liggja leiðslur suður í fiskeldið sunnan við þjóðveginn.


Umhverfis gjánna er sendið og lítt gróið hraunholt.

"Í Baðstofu var oft sótt vatn, er brunnar spilltust í stórflóðum. Þótti vatn þar mjög gott. Svo sagði Lárus Pálsson hómópati, að hann tæki hvergi vatn í meðul annars staðar en í Baðstofu. Sögn er um, að Staðarprestar hafi fengið að sækja vatn í Baðstofu gegn því, að Húsatóftarbændur fengju að taka söl í landi Staðar.", segir í örnefnaskrá. Gjáin er mjög djúp niður á vatnsborðið en ekki nema um 3 m breið. Mikill gróður er í henni víða. Brú liggur yfir hana þar sem vatni er dælt úr henni en vatnið er bæði notað til vökvunar á golfvellingum á Húsatóptum og í fiskeldinu sunnan vegarins. Gegnumstreymi er á vatninu í gjánni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 10

Ljósmynd: Baðstofa, horft í austur



GK-027:027 tóft útihús

63°49.971N 22°30.756V

Um 180 m norðnorðvestur af bæjarhól 001, fast við túngarðinn 033 á barmi Hjálmagjár 028, er grjóthlaðin tóft.

Tóftin er á grasi grónum gjábarminum en fyrir norðan hana tekur við lítt gróið hraunholt.

Túngarðurinn er grjóthlaðinn og myndar hann suðurvegg tóftarinnar. Aðrir veggir eru einnig grjóthlaðnir en fallnir og aðeins eitt umfar eftir. Hleðsluhæðin er mest í suðurvegg eða um 0,6 m. Tóftin er um 16x4 m að stærð með op í suðausturhorni þótt svo þar sé allbratt niður gjávegginn. Utan í gjáveggnum, fast sunnan við austurenda tóftarinnar er hleðslubrot. Það er um 4 m langt og um 0,6 m hátt og liggur í norður-suður. Umför grjóts eru mest fjögur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-027:028 *Hjálmagjá* þjóðsaga huldufólksbústaður

63°49.997N 22°30.703V

Í örnefnaskrá segir: "Vestast (norðvestast/efst) í túni Húsatófta byrjar gjá, grasi gróin í botninn... Gjá þessi heitir Hjálmagjá." Gjáin liggur í norðaustur-suðvestur (eins og allar gjár á Reykjanesi) eftir endilöngum túnjaðrinum, ofan við núverandi golfvöll.

Hjálmagjá markar norðvesturmörk túnsins en túngarðurinn 033 liggur á barmi hennar.

"Haft var eftir gömlu fólki, að það hefði oft séð hamrana upplýsta með dýrlegum ljóshjálum, sem báru mjög af lýsiskolum í mannheimi... Sást þá oft huldufólkið úr Hjálmagjá leika þar listir sínar á skautum í tungsljósinu [þ.e.a.s. í lægð í Húsatóftatúni sem kallaðist Dans og þar mynduðust góð svell í frosthörkum á vetrum]", segir í örnefnaskrá. Gjáin sést vel af þjóðveginum sem hamrabelti eftir endilöngu túninu. Hún er misdjúp, aldrei þó dýpri en um 4,5 m, en gróin og falleg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 9, 12

Ljósmynd: Hjálmagjá og grjóthlaðinn túngarður 033 á barmi hennar. Horft í vestur



GK-027:029 *Harðhaus* álagablettur

63°49.999N 22°30.665V

"Sunnan við Dans [sem er norðaustast í túninu] er Kvíalág og Fjósaskák sunnan hennar. Næst er Harðhaus", segir í örnefnaskrá. Harðhaus er ósleginn túnpartur um 120 m norður af bæjarhól 001, fast utan golfvallarins. Umhverfis er sléttaður golfvöllur.

"Þar hraktist aldrei hey. Í óþurrkatíð var Harðhaus sleginn til þess að fá þurrk. Þessi örnefni eru öll vestan og norðan gamla bæjarins og ná Fjósaskák og Harðhaus alveg heim að gamla bæ", segir í örnefnaskrá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 12

GK-027:030 *Kvíalág* örnefni kvíar

63°50.009N 22°30.639V

"Sunnan við Dans [sem er norðaustast í túninu] er Kvíalág og Fjósaskák sunnan hennar. Næst er Harðhaus", segir í örnefnaskrá. Kvíalág er um 120 m norður af bæjarhól 001, inn undir Hjálmagjá 028 austan við Harðhaus 029.

Í sléttuðum golfvelli.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 12

GK-027:031 *Þanggarður* garðlag heygarður

63°49.947N 22°30.515V

"Suðaustan við bæjarhlaðið eru gamlar veggtóftir, er nefndust Þanggarður (sbr. heygarður).", segir í örnefnaskrá. Grónar hleðslur eru utan í hæðinni sem bæjartóftir 001 og nýrra íbúðarhúsið eru á, ofan heimreiðarinnar.

Í gróinni brekku

"Þar var þurrt þang geymt til vetrarins. Var því hlaðið þar upp og tyrft yfir það eins og hey. Á veturna var það svo notað til eldiviðar. Þangið var skorið í fjörunni, helzt þegar stórstreymt var, og reitt á hestum upp á sjávarbakkann til verkunar. Þegar sterkur álandsvindur var, þá var þang oft skorið "undir straum", vafið um það gömlum netariðli og með flóði fleytt í efsta flóðfar og þaðan reitt á hestum á þurrkvöll. Þá var breitt úr þanginu eins og heyi til þurrkunar. Nú var nauðsynlegt, að rigndi vel á þangið, svo úr færi selta. Næst var þangið þurrkað vel, bundið í bagga eins og hey og flutt í geymslur til vetrarins. Oftast var þurru þangi hlaðið í bing í eldhúsinu og brennt á hlóðum. Vel þurrt þang logaði vel, með snarki og neistaflugi, en heldur þótti það léttur eldiviður. Kom sér þá vel að hafa "rekaspýtu í augað".", segir í örnefnaskrá. Gæti verið að þetta garðlag sé nefndur Þanggarður en einnig mögulegt að hér sé einfaldlega um túngarðinn gamla 033 sé að ræða. Hleðslan er


torf og grjóthlaðin en mjög sigin og farið að gróa yfir hana. Hleðsluhæð varla meiri en 0,4 m. Garðlagið er um 20 m langt og um 0,5 m breitt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 12

GK-027:032 Veita garðlag áveita

63°50.100N 22°30.514V



"Litlatún er austasti jaðar Tóftatúns. Vestan þess eru lágir hólur, nefndir

Hrygghólar...Vestan þeirra er slétt flöt, nefnd Veita. Ævafornar

hleðslur eru sunnan hennar og norðan.", segir í örnefnaskrá. Um 200 m norðaustur af bæjarhól 001, norðan við golfbrautina inn undir Hjálmagjá eru hleðslur.

Sunnan og vestan við

hleðslurnar eru sléttaðar golfbrautir en austan við þær taka við lágur hraunbungur eða -hryggir.

"Virðast þær hafa verið ætlaðar til að stöðva vatn á Veitu", segir í örnefnaskrá. Svæðið allt er um 68x34 m. Um er að ræða nokkrar hleðslur úr torfi og grjóti og virðist sú vestasta einfaldlega vera kálgarður. Hann er torf- og grjóthlaðinn, um 24x13 m að stærð og standa hleðslur grónar. Meðfram norðurhlíð garðsins og um 24 m til austurs frá norðausturhorni hans liggur útflött grjóthleðsla um 48 m löng en sveigir þá til suðurs um 30 m. Þar, um 4 m austar, liggur um 34 m löng tvöföld hleðsla úr torfi og grjóti samsíða henni. Úr norðvesturhorni kálgarðsins liggur einnig útflött grjóthleðsla um 10 m löng til vesturs. Hleðsluhæð er mest í kálgarðinum eða um 0,8 m.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 13

GK-027:033 garðlag túngarður

63°49.994N 22°30.713V

"Alllangt suðvestur af Tóftatúni, eins og það er nú, eru rústir gamalla grjótgarða.", segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn er að mestu leyti enn uppistandandi.

Garðurinn umlykur túnið sem að mestu hefur verið sléttað undir golfvöll. Utan hans er uppgróið hraunlendi til austurs, norðurs og suðurs. Vestan við hann er uppblásið og sandorpið hraun.

"Munu það vera hin gömlu mörk Tóftatúnsins.", segir í örnefnaskrá. Garðurinn er fast norðan við veginn sem liggur að nýrra íbúðarhúsinu. Þar er hann torf- og grjóthlaðinn, siginn og gróinn. Í austur hluta túnsins er garðurinn greinilegur á kafla, þ.e. norðan við tóft 003, og er hann þar einnig torf- og grjóthlaðinn. Í norðvesturhluta túnsins, á barmi Hjálmagjár 028 er garðurinn greinilegur, grjóthlaðinn. Hann er einnig greinilegur vestan við túnið þar sem hann er grjóthlaðinn og liggur austan í hraunbungunni sem Nónvörður 021 standa á. Suðurhluti garðsins er horfinn að mestu, en er þó greinilegur við tóft 017. Hleðsluhæð garðsins er mest um 0,7 m. Hann er 400-500 m langur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 13

GK-027:034 Kóngshella heimild um uppsátur

63°49.485N 22°30.591V

"Vestasti hluti hennar, beint niður undan Húsatóftum, milli Þvottaklappa og Garðafjöru, var í daglegu tali nefndur Vik. Syðst í Garðafjöru er skerjatangi, sem heitir einu nafni Barlestarsker. Þar munu verzlunarskipin fyrrum hafa tekið barlest. Upp af þeim er stór og mikil klöpp, sem heitir Kóngshella.", segir í örnefnaskrá. Austan við og aðeins utar en Tóftaklöpp 010 er Kóngshella. Í rauninni er þetta sama klöppin.

Svartar hraunklappir í sjó fram.

"Skoðunargjörð 1755 hermir, að lendning og báta uppsátur sé við Konúngshellu, þar sem verzlunarhúsin þá stóðu", segir í Jarðatali Johnsens.

"Ekki voru verzlunarhúsin þar heima. Þau stóðu á tveimur klöppum austan við höfnina. Þar er nú fjara. Ytri klöppin heitir enn Kóngshella. Þar hafa verzlunarhúsin staðið 1755... En yfir hana hefir hvert stórstraumsflóðið gengið nú lengi og eru þar engar byggingamenjar." BJ, 1903. Engar fornleifar eru á klöppunum.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Húsatóftir, 3; JJ, 85; BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnassýslu sumarið 1902" Árb. 1903, 44


GK-027:035 *Haugsvörðugjá* örnefni 63°51.535N 22°31.597V
"Framan við Sandfellshæð eru hólar sem heita Einiberjahólar. Þeir ná vestur að Haugum við Haugsvörðugjá." Gjáin er bæði í landi Húsatópta og Staðar. Sandfoknir hraunhaugar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GB Mannfólk, 23

GK-027:036 *Árnastígur* varða leið 63°50.065N 22°30.675V
"Sunnan við Klifgjá er Árnastígur, vel rudd braut um apalhraun. Gamli vegurinn milli Staðarhverfisins og Keflavíkur liggur um Árnastíg og Klifgjá, þar norð-austur af er Þórðarfell. Þá er Stapafell og Stapafellsþúfa sem er mikilvægur punktur um landamerki milli ýmissa jarða á Suðurnesjum." GB Mannfólk, 23. "Gamli vegurinn frá Grindavík liggur austan við túnið á Húsatóftum, og liggur hann um Klifgjá vestast í jaðri hennar. Þar er svokallað Klif snarbratt niður í gjána. Er það hálfgerð einstigi og illt yfirferðar með klyfjahesta.", segir í örnefnaskrá. Árnastígur liggur í norður frá Húsatóftum vestur fyrir Þórðarfell til Keflavíkur. Farið er upp með túninu austanverðu og er leiðin merkt með skilti við þjóðveginn austan Húsatópta.
1840: "Syðsti vegurinn, sem bæði kallast Staðar- og Tóttavegur, liggur til norðurs, mjög krókótt, fyrir sunnan Þórðarfell, en þó fram með því að norðanverðu, milli þess og Súlna og Stapafells, og kemur á Járngerðarstaðaveginum á landamerkjum Njarð- og Grindvíkinga, fyrir norðan Stapafell, efst í svonefndri Njarðvíkurheiði." segir í sóknarlýsingu. Leiðin er 16 km löng samkvæmt skiltinu. Hún er vörðuð og stikuð alla leið og standa flestar vörðurnar allvel enn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GB Mannfólk, 23; Ö-Húsatóftir, 10; SSGK, 129

GK-027:037 *Fjósaskák* örnefni fjós 63°49.976N 22°30.564V
"Sunnan við Dans [sem er norðaustast í túninu] er Kvíalág og Fjósaskák sunnan hennar. Næst er Harðhaus.", segir í örnefnaskrá. Fjósaskák er í túninu norðan við nýrra íbúðarhúsið, fast norðan við tóftir 001 (B). Þar er sléttaður golfvöllur.
"Þessi örnefni eru öll vestan og norðan gamla bæjarins og ná Fjósaskák og Harðhaus alveg heim að gamla bæ", segir í örnefnaskrá. Engar tóftir sjást nú á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Húsatóftir, 12; GB Mannfólk, 24

GK-027:038 *Skipadalur* heimild um uppsátur 63°49.895N 22°30.597V
"Neðst í túninu er Skipadalur. Þangað munu vertíðarskipin til forna hafa verið sett í vertíðarlök." GB Mannfólk, 24. Um 140 m vestur af bæjarhól 001 þar sem bílastæðið við Golfskálann er, heitir Skipadalur. Golfskálinn stendur í raun í Skipadal.
Þar er sléttað malarplan.
Engin merki sjást um uppsátrið.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: GB Mannfólk, 24


GK-027:039 tóft útihús 63°49.940N 22°30.519V
Tóft er innan túns um 50 m vestsuðvestur af bæjarhól 001, í brekkunni ofan heimreiðarinnar að nýrra íbúðarhúsinu. Hún er um 20 vestur af tóft 014.
Í gróinni brekku.
Tóftin er ógreinilegri en tóft 014. Hún er torf- og grjóthlaðin utan í Þanggarðinum 031 norðanverðum en hann myndar suðurvegg tóftarinnar. Hún er um 4x3 m að stærð og hleðslur signar. Hleðsluhæð er um 0,6 m. Op er ekki greinilegt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-027:040 heimild um býli 63°49.965N 22°30.531V
1703 voru þrjár hjáleigur á Húsatóftum, þar af ein nafnlaus. Hennar er getið í manntali það ár en ekki í jarðabók. Ekki er vitað hvar hjáleigan var og fær hún sama hnit og bæjarhól 001.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Manntalið 1703

GK-027:041 tóftir sjóbúð

63°49.518N 22°30.655V



Tóftir sjóbúða frá Vindheimum eru 400-500 m suðvestur af bæjarhól 001. Þær eru um 100 m norðan við steypu bryggjuna, fast við sjávarkampinn í Garðafjöru.


Tóftirnar eru í grónu túni en fast norðan þeirra er golfvöllur.

Greinilegasta tóftin er um 7x6 m að stærð og grjóthlaðin. Hleðslur eru grónar og hleðsluhæð um 0,5 m en umför mest tvö. Op virðist vera til norðurs. 6 m vestan við tóftina er hleðslubrot sem liggur í boga í norður-austur. Um 10 m vestan við hleðslubrotið er þúst í túninu, ógreinileg tóft. Hún er um 4x3 m að stærð en ekkert grjót er í henni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-027:042 tóftir

63°49.542N 22°30.658V



Um 50 m norðaustur af tófum 041 eru aðrar tóftir, beint upp af Tóftaklökk 010.

Í grónu túni við sjávarkamp.

Tóftirnar eru grjóthlaðnar, signar og grónar. Um er að ræða fjórar tóftir í hring utan um hlaðinn brunn. Brunnurinn er um 0,5 m djúpur, fylltur sandi. Tvö umför grjóts eru greinileg í honum. Tóftirnar eru allar grjóthlaðnar en steypst hefur verið í þá vestustu. Umför í þeim eru þrjú og hleðsluhæð mest um 0,5 m. Allar tóftirnar nema sú vestasta eru eitt hólf og svipaðar að stærð eða um 3x2 m. Nyrðri og eystri tóftirnar eru opnar til norðurs en sú syðri til suðurs. Vestasta tóftin er um 7x6 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Op eru á henni til suðurs, austurs og vesturs. Um 6 m vestan við hana er grjóthleðslubrot um 4 m langt. Svæðið allt er um 30x26 m að stærð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-027:043 kofi

63°49.777N 22°30.777V



Um 300 m suðvestur af bæjarhól 001, inn undir brekkunni sunnan þjóðveggarins er hlaðinn kofi. Hann er um 70 m norðan við Pústa 019 sem er stakur smáklettur á miðjum golfvellinum.

Kofinn er í grónu túni fast norðan við sléttaðan golfvöll. Norðan við hann er lítið klettabelti í austur-vestur.

Veggir kofans eru grjóthlaðnir með timburlaup og torfþaki. Hann er nokkuð samfallinn en stendur enn undir þaki. Hleðsluhæð er um 1 m og umför fjögur. Hann er um 4x2 m að stærð með dyr til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Ljósmynd: Kofi, horft í norður

GK-027:044 brunnur brunnur

63°49.922N 22°30.552V

Brunnur er við brekkurætur, fast sunnan við kálgarð 015, um 15 m norðan við heimreiðina að nýrra íbúðarhúsinu.


Í gróinni brekku.

Brunnurinn er um 1 m á dýpt og tæpur 1 m í þvermál. Hann er mjög gróinn og fullur af sandi. Grjót er í börmum hans en ekki er unnt að greina umför.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-027:045 tóft lambhús

63°49.834N 22°30.686V



Um 200 m vestur af bæjarhól 001, fast sunnan við þjóðveg eru klettur. Sunnan í þeim er lambhústóft.

Vegslóði liggur meðfram klettunum niður á golfvöllinn.

Tóftin er um 5x4 m að stærð, opin til suðurs. Hleðslur eru signar og grónar. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m og umför þrjú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-027:046 Hamrar bæjarstæði býli


63°49.749N 22°30.775V

Hamrar hét 900 ferfaðma hjáleiga frá Húsatóptum byggð af Jóni Helgasyni fyrrum vitaverði á Reykjanesi. Árið

1930 fluttist hann að Stað og fóru Hamrar þá í eyði. GB Mannfólk, 100. Rústir Hamra eru um 420 m vestsuðvestur af bæjarhól 001, um 150 m austur af rústum Blómsturvalla 047. Sunnan undir þjóðvegi beint sunnan Nónvarða 021.

Í grónum skika norðan í sléttuðum golfvelli.

Um er að ræða einfalda niðurgrafna tóft, um 5x5 m að stærð. Hæð hleðslanna er mest um 1,5 m en mikið er steipt í þær. Norðvestan við tóftina er hleðslubrot um 8 m langt og vinkillaga. Suður frá brotinu liggur sigin og gróin hleðsla, líklega leifar af túngarði. Um 40 m vestan við tóftina er önnur tóft. Sú er tveggja hólfa, um 6x3 m að stærð með op til suðausturs og suðurs. Hleðsluhæð er um 0,5 m en engin steypa er sýnileg í hleðslunum. Líklega er um útihús að ræða.



Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918; GB Mannfólk, 100

GK-027:047 *Blómsturvellir* bæjarstæði býli

63°49.666N 22°30.787V


Þurrabúðin Blómsturvellir er fyrst nefnd í manntali 1914 og var búið þar til ársins 1922 er síðustu íbúarnir hurfu á braut. Upp úr því var húsið rífið. GB Mannfólk, 97-98. Rústir Blómsturvalla eru um 570 m vestsuðvestur af bæjarhól 001. Fast sunnan undir þjóðvegi og austan við malarslóða er liggur suður af honum.

Sléttuður golfvöllur.

Um er að ræða einfalda grjóthlaðna tóft, um 9x7 m að stærð og niðurgrafna að hluta. Hleðslur eru mest um 1,3 m á hæð úr allstóru grjóti. Nokkuð er af útflöttum grjóthleðslum umhverfis tóftina, líklega leifar garða.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918; GB Mannfólk, 97-98



GK-027:048 *Dalbær* bæjarstæði býli

63°49.640N 22°30.788V


Þurrabúðin Dalbær var fyrst reist árið 1906, en þar var búið til ársins 1946. GB Mannfólk, 92-93. Rústir Dalbæjar eru um 600 m vestsuðvestur af bæjarhól 001, um 50 m vestan við rústir Blómsturvalla. Fast sunnanundir þjóðvegi og vestan við malarslóða er liggur suður af honum.

Sléttuður golfvöllur.

Um er að ræða tvær grjóthlaðnar tóftir. Sú nyrðri er þriggja hólfa, um 7x5 m að stærð, með op til vesturs (2) og suðurs. Syðri tóftin er einföld, um 6x5 m að stærð og greinilega grunnur. Um er að ræða gróna upphækkun og grjóthleðslur utani henni. Hleðsluhæð er mest um 1 m í nyrðri tóftinni en aðeins um 0,5 m í þeirri syðri.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918; GB Mannfólk, 92-93



GK-027:049 *Vindheimar* bæjarstæði býli

63°49.566N 22°30.787V


Hjáleigan Vindheimar var reist árið 1911 og var þar búið til ársins 1919. Þá stóð húsið autt til 1925, en var þó notað til samkomuhalda. Á vetrarvertíðum 1924-25 hafði þar bækistöð Gísli Gíslason er réri frá Húsatóptum. Síðast var búið í Vindheimum 1933-34. GB Mannfólk, 94-96. Rústir Vindheima eru um 740 m vestsuðvestur af bæjarhól 001. Um 50 m austan við vegslóðann er liggur suður af þjóðvegi vestast í golfvellingum.


Sléttuður golfvöllur til austurs en uppgróinn hraunmelur til vesturs.

Um er að ræða tvær tóftir utani uppgrónum hraunhól. Syðri tóftin er um 10x6 m að stærð og grjóthlaðin. Í henni miðri eru leifar steyppts skorsteins. Steypur grunnur er yfir tóftinni austanverðri. Uppi á hólnum um 3 m norðan við tóftina er önnur tóft. Sú er um 4x3 m að stærð og opin til vesturs. Hún er samfallin að vestanverðu. Hæð hleðsla í tóftunum er mest um 1 m en steipt hefur verið þær á stöku stað. Nokkuð er af útflöttum hleðslum umhverfis tóftirnar, líklega leifar garða.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918; GB Mannfólk, 94-96






GK-028 Staður

Kirkjustaður. 37,3 hdr. 1847. Skálholtskirkjufjörð. 1657 voru 7 hjáleigur: Krókshjáleiga, Beinróa og Brykrukka, Hús Olafs Sighvatssonar, Hús Daða Símonarsonar, Vestur-Hjáleiga og ein ónafngreindar í eyði - Saga Grindavíkur I, 104. 1703 voru Sjárhús, Krókur og Beinrófa hjáleigur, Bergskot 1803. Staður var prestsetur til 1928 en fór í eyði 1964 og þar með Staðarhverfi - Ö-Staður, 4; GB Mannfólk, 49-50. "Til forna átti Staður rétt til vatnssóknar í Baðstofu í Húsatóftalandi. Til endurgjalds áttu Húsatóftir þangfjörutak á Stað." GB Mannfólk, 39. Á tuttugustu öld byggðust eftirfarandi tómhús í landi Staðar: Merki (1908-43), Lönd (1911-46), og Melstaður (1936-50).

1840: Á Stað eru mikið slétt og í gróanda yfrið fögur tún; eru þau undirorpin afarmiklu sandfoki af öllum vindum frá útnorðri til



landsuðurs, við hvað þau árlega skemmast og til þurrðar ganga. Við aldamótin voru af þeim vel fódraðar 4 kýr, en nú á dögum gefa þau ekki af sér fódur fyrir 1 kú, þó vel í ári láti, og verður því að afla þess, á vantar, kjarna úr fjöru og lyngi úr heiði. Af sjóar ágangi er túninu líka mikill skaði búinn af sunnanveðrum og brimi. Bera þau enn að sönnu menjar eftir mikla flóðið 1798, og munu þó aðrar enn yngri vera. ... Fáir eru kostir við jörð þessa, nema ef telja skal trjáreka, að hverjum eru þó mikil áraskipti, og allgóða fjárgöngu á vetrardag í fjörunni. En þess fleiri mætti telja hennar ókosti, t.d. í áföllum af feykilegu sandfoki, sem og líka sjóargangi í stórflóðum. Aldeilis engin hagabeit á sumardag, hvorki fyrir sauðfé, kýr né hesta, hverjir við minnstu brúkun horast niður af hagaleysi, en búsmali allur þá í sel rekinn, að eigi tapist hér heima né verði mönnum ónýtur fyrir fódurleysi eða gangi á túnunm manna. Vatnsskortur er hér líka mikill, og eigi vatn að fá handa fénaði nema út undir Staðarbergi í gjá, sem fellur að og út í ..." SSGK, 134. 21.1.1925: "gekk sjórinn langt upp á Staðartún, flæddi næstum upp að kirkjugarði, braut stórt skarð í malarkambinn og gróf sig þar niður í mold "svo túnið er nú með öllu varnarlaust fyrir hverju venjulegu stórstraumsflóði." GB Mannfólk, 49.

GK-028:001 Staður bæjarstæði bústaður

63°49.286N 22°31.178V

"Bærinn á Stað stóð eina 4-500 metra upp (norðvestur) frá sjó og var túnið að mestu sjávarmegin við hann." Gamli torfbærinn var við norðvesturhorn kirkjugarðsins austan við steyptar rústir sem þarna eru.

Þarna er nú sléttað tún.

"Grunnur og tröppur steinhússins [b. 1938] sjást enn (1999) rétt norðan við núverandi kirkjugarð. Skv. munnlegri heimild (Ólafur Gamalielson, uppallinn á Stað) stóð síðasti torfbærinn við NV horn núverandi kirkjugarðs. Tóftirnar eftir torfbæinn voru sléttadar út fyrir nokkrum árum en traðirnar eru enn greinilegar norðan við kirkjugarðinn." AS Staður, 7. Úttekt á bænum á Stað frá 1657 er pr. í Sögu



Grindavíkur I, 101-103 og fylgir tilgátuteikning af húsaskipan. Skipan bæjarhúsanna var eins og sýnt er á túnakorti 1918 og var torfbærinn gamli austast en fjós, hesthús og hlaða vestar þar sem steypurústir eru nú. Einu ummerki bæjarins utan steypurústanna eru traðirnar 036. Engin ummerki bæjarhóls eru þar sem bærinn stóð. Á sama stað var byggt steinhús árið 1938 og hefur það líklega raskað hólnum ef nokkur hefur verið.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: Ö-Staður, 4; Túnakort 1918; GB Mannfólk, 47-48

Ljósmynd: Prestsetrið Staður. Gísli Brynjólfsson, *Mannfólk mikilla sæva*, bls. 5

GK-028:002 kirkjugarður kirkja

63°49.282N 22°31.157V

"Kirkjugarðurinn er í túninu fast suðaustan við bæinn og ekki nema 2-3 m á milli skemmunnar og hans. Kirkjan stóð vestarlega í garðinum. - Þann 26. september 1909 var ný kirkja vígð að Járngerðarstöðum og tók sú við af Staðarkirkju, sem þá var aflögð."

Garðurinn er sléttaður að hluta en mörg leiðanna sjást vel. Enginn trjágróður er í garðinum.

Kirkjan var í norðvesturhorni kirkjugarðsins þar sem nú er greinileg bungla í honum. Hún er um 8x8 m að stærð og á henni miðri eru tveir flatir legsteinar. Á eystri steininum má greina letur, þó svo máð að ómögulegt er að lesa það. Á hinum vestari er ekki að sjá neitt letur. Engar leifar eru af kirkjunni. Umhverfis kirkjugarðinn er torf- og grjóthlaðinn garður. Hann er mest um 0,7 m á hæð og umföer grjóts eru um fjögur. Eldri hluti kirkjugarðsins er um 55x30 m að stærð en austurveggur hans hefur nú verið fjarlægður með öllu og garðurinn stækkaður um helming til austurs. Aðeins sér móta fyrir austurveggnum þar sem talsverð lækkun er niður í yngri hluta garðsins auk þess sem klukknaportið stendur þar enn, en nú í miðjum kirkjugarðinum. Portið er úr timbri en í því er klukka sem á er letað; SS. Anlaby 1898 Hull. Það er



skipsklukkan úr Anlaby, litlum togara frá Hull sem fórst með allri áhöfn við Jónsbásarkletta aðfaranótt 14. Janúar 1902. GB, Mannfólk 123-5. Í yngri hluta kirkjugarðsins eru hleðslur eingöngu úr grjóti ólíkt eldri hleðslunum og auk þess töluvert hærri en í eldri hlutanum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Staður, 4; GB Mannfólk 123-5; Túnakort 1918

Ljósmynd: Þúst í norðvesturhorni kirkjugarðs þar sem Staðarkirkja stóð. Horft í norðvestur

GK-028:003 þúst útihús 63°49.202N 22°31.190V

Tvö lítil útihús eru sýnd á túnakorti frá 1918 byggð saman við túngarðinn að vestanverðu og virðist hafa verið hlið á milli þeirra. Annað þeirra var reykhus en óvíst hvaða hlutverki hitt gengdi. Gróinn hóll er í túni um 130 m suðsuðvestur af bæjarstæði 001 og um 50 m norðan við sjávarkampinn. Þar hafa húsin verið.

Í grónu túni.

Mikið er af grjóti í hólnum en engar greinilegar tóftir. Hann er um 20x20 m að stærð og 1,5-2 m hár. Túngarður GK-029:002 liggur frá hólnum bæði til suðurs um 50 m og til vesturs um 100 m.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-028:004 *Brunndalur* heimild um brunn

Í sóknarlýsingu 1840 segir: "... en brunnur er grafinn syðst í túninu, hvar af neyzluvatn er tekið; er það vatnslæmur sjöblendingur." Í örnefnaskrá segir: "Skammt suður af [Hundadal] er Brunndalur, slétt flöt neðst í túni. Liggur hann frá austri til vesturs næst sjávarkampinum. ... Brunnur var beint vestur af Kvíadal [sem er suðaustast í Brunndal]. Hann er nú alveg horfinn í sjávarkampinn. Þessi brunnur mun hafa verið notaður í Staðarhverfinu áður en brunnurinn Dægradvöl var gerður [1914]." Kvosin vestan við rústirnar af Kvídalsbænum heitir Brunndalur. Þarna var fyrrum Kvídalsbrunnurinn en hann er nú löngu horfinn í sjávarkambinn." GB Mannfólk, 34.

Vestan við rústir Kvíadals 031:001 er sjávarkampurinn kominn langt inn í túnið og ómögulegt að vita nákvæmlega hvar brunnurinn hefur verið.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: SSGK, 135; Ö-Staður, 6; GB Mannfólk, 34

GK-028:005 *Sjávarhús* heimild um býli 63°49.281N 22°30.606V

Gömul hjáleiga 1703, þá tvíbýli. Staðarklöpp er um 350 m austsuðaustur af bæjarstæði 001 fast austur af fjárhúsum sem þarna eru nú.

Smáþýft og grytt tún en svartar hraunklappir í sjó fram austan í því.

Í sóknarlýsingu 1840 segir: "Sjávarhús, austur við sjóinn hjá lendingunni; eru þau eyðilögð í mikla flóðinu 1798, og stendur þar nú fiskihjallur á háum, berum kletti; fellur nú sjór á milli klettsins og naustanna í hverju stórstraumsflóði." "Staðarklöpp var umflotin á flóði og mun hér áður hafa verið nefnd Hjallhólmi. Um 1916 mátti sjá tættur hæst á Staðarklöpp, en þeim skolaði síðan burt í flóðum. Tættur þessar hafa líklega verið af gömlum fiskihjöllum ... Líklega hefur hjáleigan Sjávarhús áður staðið á Staðarklöpp." Í GB Mannfólk, 25-26 er talað um hjáleiguna Sjóhús, norðan við Þvottakletta, en að á Staðarklöppinni hafi verið sjóhús fram til 1930 en á bls. 56 segir: "Sjávarhús. Þau stóðu austur hjá Staðarvör en eyðilögðust í Básendaflóðinu 1799. Var síðan reistur þar fiskihjallur á háum, berum kletti og féll sjór milli hans og naustanna í hverju stórstraumsflóði." Guðsteinn Einarsson lýsir þessu svo: "Fiskihjallur eða þeirra tíma söltunarhús var á klöppinni; tóftin að því stóð fram um 1930 og var undir því moldarjarðvegur, ca. 2m á hæð, en er nú öllu skolað í burtu og klöppin ber." GE Frá Valahnúk. Staðarklöpp er svört hraungrýtisklöpp með smá grasbrúsk í kollinn en algerlega ógróin að öðru leyti. Hægt er að ganga út í hana á lágsjávudu en hún er umflotin á flóði. Á henni eru engar tóftir.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: JÁM III, 23; SSGK, 134; Ö-Staður, 8; GB Mannfólk, 25-26, 56; GE Frá Valahnúk, 20-21

GK-028:006 *Krókur* heimild um býli 63°49.261N 22°31.274V

Hjáleiga 1703, "stóð vestur við Móakot." GB Mannfólk, 57. Getið í úttekt á Stað frá 1657.

Gróið tún.

Í sóknarlýsingu 1840 segir: "Krókur, hans sjást nú lítil merki. Eigi [er býlið] af sandi né sjó [eyðilag]t og er [það] í túninu, sem nú er ræktað milli Móakots og Staðar." segir í sóknarlýsingu. Milli Móakots og Staðar er gróið tún en engar tóftir.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: JÁM III, 24; SSGK, 134; GB Mannfólk, 57; Saga Grindavíkur I, 104

GK-028:007 *Krukka* heimild um býli

63°49.258N 22°31.239V

Í sóknarlýsingu 1840 segir: "Krukka veit ég ei, hvenær var lögð í eyði, en þar er nú lambhús. ... Eigi [er býlið] af sandi né sjó [eyðilag] og er [það] í túninu, sem nú er ræktað milli Móakots og Staðar." "Krubbhóll er fast sunnan við Dægradvöl [lægð neðan við Bring]. Sagt er, að á honum hafi fyrir löngu staðið hjáleigan Krukka og dragi hann nafn sitt af henni. Er þar líklega um að ræða sömu hjáleiguna og séra Geir Bachmann nefnir Krukku í sóknarlýsingu sinni... [sú staðsetning] kemur heim við að Krukka hafi staðið á Krubbhól." segir í örnefnalýsingu. Brykkrukka var ein af hjáleigum Staðar í úttekt frá 1657 - Saga Grindavíkur I. Bringur heitir gróinn hryggur sem liggur í austur-vestur fyrir norðvestan kirkjugarðinn, fast sunnan við Þjóðveginn. Lægðin sunnan við hann heitir Dægradvöl og eru í henni steiptar leifar útihúsa frá síðasta bænum á Stað. Fast sunnan við Dægradvöl er hæð eða hóll í túninu, það er Krubbuhóll eða Krukkuhóll. Hann er um 70 m vestur af norðvesturhorni kirkjugarðsins þar sem gamli bærinn á Stað stóð.

Í grónu túni.

"(Ath.: Bæði Á.V. og S.V.G. nefna hólinn Krubbhól, en ekki Krukkuhól og svo gerir Ari Gíslason einnig í lýsingu sinni. Þeir hafa einnig heyrt að hjáleigan Krukka hafi verið á honum - og ekki kannast Á.V. við Krukku. Má vera að hér hafi verið lesið skakkt í handrit sr. Geirs Backmanns. Þó ber þess að geta, að S.V.G. hefur heyrt bæði nöfnin, en telur líklegt, að nafnið Krukka hafi hann lesið í lýsingu Geirs Backmanns eða heyrt þess getið þar", segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er um 30x20 m að stærð og nokkuð hár. Engar tóftir eru á honum eða við hann.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: SSGK, 135; Ö-Staður, 6; GB Mannfólk, 57; Saga Grindavíkur I, 104

GK-028:008 *Beinrófa* heimild um býli

63°49.286N 22°31.178V

Hjáleigu getið í úttekt frá 1657 og hjá Árna Magnússyni 1703. Ekki vitað hvar hún stóð.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: JÁM III, 24; Saga Grindavíkur I, 104; GB Mannfólk, 57

GK-028:009 *Blómsturvellir* heimild um býli

63°49.300N 22°31.088V

Í sóknarlýsingu 1840 segir: "Blómsturvellir, austan til í túninu, af sandi eyðilagðir síðan 1800, og sést þar nú lítt til rústanna." "Skammt austur af kirkjugarðinum var bakki, allstór, nefndur Blómsturvöllur. Hann var fast austan við túnið. Húsatóftir voru austast á Blómsturvelli. Hafa þær líklega verið af samnefndu býli ... Nú hefur verið sléttað úr Blómsturvelli og er þar nú bílastæði við kirkjugarðinn og tóftirnar alveg hornfar. Þá nær nýi kirkjugarðurinn aðeins út á Blómsturvöll."

Sléttað svæði.

"Blómsturvellir eru taldir í byggð í úttektargerð árið 1774." Þar bjó Jón nokkur Knútsson árið 1783. GB Mannfólk, 57, 97. Bæði fyrir norðan og austan kirkjugarðinn er bílastæði.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: SSGK, 134; Ö-Staður, 4-5; GB Mannfólk, 57, 97

GK-028:010 *Bergskot (eystra)* heimild um býli

63°49.284N 22°31.268V

1840: "Bergskot; það er af sandfoki í eyði lagt, stendur á háum bala fyrir norðan Stað, og er þar nú sjóbúð." segir í sóknarlýsingu. "Bergskot var uppi á Bringnum, í norðvestur frá Stað (þ.e. bænum). Þar voru tveir bæir sambyggðir þegar [Árni Vilmundsson f. 1914 og Sigurður V. Guðmundsson f. 1910] mundu eftir." Bringur heitir gróinn hryggur sem liggur í austur-vestur fyrir norðvestan kirkjugarðinn fast sunnan við Þjóðveginn. Uppi á honum, um 100 m norðvestur af bæjarstæði 001 voru Bergskotin. Þar eru nú tóftir jarðhýsis sem var byggt fyrir ekki ýkja löngu.

Gróið tún er allt fyrir sunnan Bring en norðan við hann eru sandblásin hraunholt.

Hjáleiga 1801 og 1803 - komin í eyði 1840 en byggðist á ný 1845 til 1848, þá í eyði til 1855 og aftur frá 1866 til 1870. Á síðasta áratug 19. aldar var þrífilyi um skeið í Bergskoti en býlið fór endanlega í eyði 1927 - GB Mannfólk, 62-65; Saga Grindavíkur II, 43-45. Engar leifar sjást af bæjunum sem þarna stóðu.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: SSGK, 135; Ö-Staður, 4; JJ, 85; Túnakort 1918; GB Mannfólk, 62; Saga Grindavíkur II, 43-45

GK-028:011 *Bergskot (vestra)* heimild um bústað

63°49.268N 22°31.310V

Samkvæmt túnakorti 1918 voru Bergskotin tvö, þ.e. Eystra og vestra. "Bergskot var uppi á Bringnum, í norðvestur frá Stað (þ.e. bænum). Þar voru tveir bæir sambyggðir þegar [Árni Vilmundsson f. 1914 og Sigurður V. Guðmundsson f. 1910] mundu eftir." Bringur heitir gróinn hryggur sem liggur í austur-vestur fyrir norðvestan kirkjugarðinn fast sunnan við Þjóðveg. Uppi á honum, um 100 m norðvestur af bæjarstæði 001 voru Bergskotin. Þar eru nú tóftir jarðhýsis sem var byggt fyrir ekki ýkja löngu.



Gróid tún er allt fyrir sunnan Bring en norðan við hann eru sandblásin hraunholt.

Hjáleiga 1801 og 1803 - komin í eyði 1840 en byggðist á ný 1845 til 1848, þá í eyði til 1855 og aftur frá 1866 til 1870. Á síðasta áratug 19. aldar var þrífýli um skeið í Bergskoti en býlið fór endanlega í eyði 1927 - GB Mannfólk, 62-65; Saga Grindavíkur II, 43-45. Engar leifar eru nú sjáanlegar af bæjunum sem þarna stóðu. Jarðhýsistóftin er einföld um 6x10 m að stærð, samfallin og liggja bárujárnspakið og timburlaupurinn í henni. Hleðslur eru aðallega úr torfi en þó er í þeim eitthvað af grjóti. Umför þó ekki greinanleg. Dyr eru á vesturgafli.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: SSGK, 135; Ö-Staður, 4; JJ, 85; Túnakort 1918;

GB Mannfólk, 62; Saga Grindavíkur II, 43-45

Ljósmynd: Jarðhýsistóft á bæjarstæði Bergskots, horft í austur

GK-028:012 *Nýibær* heimild um býli

63°49.297N 22°31.282V

"Nýibær var utan við Bringinn, nálægt 100 m norður af Bergskoti", segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti frá 1918 segir fyrir norðan eystra Bergskot: "Nýjabæjartættur eru hér í blásnu hrauni." Óvíst er hvar bærinn var en ef hann hefur verið um 100 m norðan við Bergskot hefur hann verið í hraunholtinu norðan þjóðvegarins.

Í sandorpnu hálfgrónu hraunholti.

Jón Jónsson og Guðrún Eiríksdóttir reistu nýbýlið Nýjabæ vorið 1889 og bjó Guðrún þar til 1910 en Jón dó 1902. "Bæ sinn munu þau Jón og Guðrún hafa reist norðan við Staðartúnið þar sem þjóðvegurinn liggur nú út á Reykjanes." GB Mannfólk, 76-77. Engar tóftir eru þar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Staður, 4; Túnakort 1918; GB Mannfólk, 76-77

GK-028:013 *Draugagjá* örnefni draugur

63°49.430N 22°31.021V

Í örnefnaskrá segir: "Sandgjá, svört og dimm. liggur þvert yfir Hvirflana [á merkjum Staðar og Húsatófta]. Hún er kölluð Draugagjá. Nú er hún orðin nær full af sandi." Þjóðvegurinn um Reykjanes liggur þvert á gjána en lítið mótar fyrir henni þar sem hún er nær full af sandi. Þó sést til hennar um 300 m norðaustur af bæjarstæði 001 fast norðan vegarins sem lítið klettabelti í norðaustur-suðvestur.

Hún er í sandorpnu hálfgrónu hraunholti.

Einnig sér lítilliga móta fyrir gjánni fast vestan við afleggjarann að Stað, sunnan undir þjóðvegnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Staður, 7

GK-028:014 *Bindisker* heimild

63°49.291N 22°30.563V

Í sóknarlýsingu 1840 segir: "... þriðji boltinn, úr hverjum hringurinn er farinn, er á Staðarlóð í skeri austur af Sjávarhúsum. Var kaupskipið þannig bundið á þrjá vegu, en atkerum varpað fram af því, og horfði svo á sjó út í landsuður." "Norður af eystri enda Staðarklappar er Vatnstangi, kúptur hryggur út í sjó, og braut á honum þegar alda var. Bolti með hring í er í Vatnstanga, í skeri, sem heitir Bindisker. Er hann á móti þeim, sem var í Barlestarskerjum í landi Húsatófta", segir í örnefnalýsingu. "Utan við Staðarklöpp er lítil klöpp, Vatnstangi, slétt að ofan og í henni miðri stendur járbolti, ferkantaður, ca. 6" á kant og með ca. 4" gati í uppendanum. Utan með boltanum hefur verið rennt blýi. Bolti þessi er talinn vera frá kóngsverzlunartímanum, þegar skipin voru, sem kallað var, svínbundin." GE, 20-21. Staðarklöpp er um 350 m austsuðaustur af bæjarstæði 001 fast austur af fjárhúsum sem þarna eru. Hún er svört hraungrýtisklöpp með smá grasbrúsk í kollinn en algerlega ógróin að öðru leyti. Bindisker er yst í Staðarklöpp.

FRIDLÝSTAR MINJAR. "Festarstólpi úr járn, festur í klöpp við höfnina." friðlýst 25.10.1930, þinglýst 15.11.1938 - Fornleifaskrá, 13. "1903: Í Staðarlandi stendur boltinn enn óhaggaður, en mjög er hann rír orðinn ofantil og sænúinn. Hann er nú hið eina mannaverk, sem minnir á kaupstaðinn." segir Brynjúlfur Jónsson í Árbók. Erfitt er að komast út í skerið og ómögulegt á flóði. Boltann sá ég ekki.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: SSGK, 136; Ö-Staður, 8; GB Mannfólk, 26; GE Frá Valahnúk, 20-21; BJ í Árbók 1903, 45

GK-028:015 *Þvottaklappir* heimild um þvottastað

63°49.369N 22°30.673V

"Ferskt vatn vætlar undan klettunum norðaustan Bjarnasands. Þar skoluðu húsfreyjurnar í Merki og á Löndum þvott sinn og þvoðu ullina. Voru klappirnar því nefndar Þvottaklappir", segir í örnefnalýsingu. Þvottaklappir

eru við sjóinn, fast suðvestan við Hvirflavörðuna 020 og um 500 m austur af bæjarstæði 001. Svartar hraunklappir í sjó fram neðan við stórgrýttan sjávarkamp. Uppsprettur er ekki að sjá við klappirnar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Staður, 7

GK-028:016 *Skökk* heimild um lendingu

63°49.289N 22°30.585V

"Norðan í [Staðarklöpp] er Skökk, lítil vör. Mun nafnið dregið af því, að ekki er hægt að róa beint inn í hana úr Staðarsundinu, heldur verður að taka á sig mikinn sveig." segir í örnefnalýsingu. "Þar var fiskurinn stundum tekinn á land þegar vel stóð á sjó." segir Gísli Brynjólfsson í riti sínu um Staðhverfinga. "Að norðanverðu í Staðarklöpp voru tvær varir, þar sem skip lentu til að losa aflann; hétu Sökk og Litla-Vör." GE, 20-21. Staðarklöpp er um 350 m austsuðaustur af bæjarstæði 001, fast austur af fjárhúsum sem þarna eru.

Hún er svört hraungrýtisklöpp með smá grasbrúsk í kollinn en algerlega ógróin að öðru leyti. Skökk er norðan í henni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Staður, 8-9; GB Mannfólk, 26; GE Frá Valahnúk, 20-21

GK-028:017 *Staðarvör* heimild um lendingu

63°49.286N 22°30.653V

Fast norðan við Staðarklöpp er Staðarvör, flórlögð upp í sandinn. Á.V. og S.V.G. vita ekki með vissu hvenær hún var gerð, en telja sennilegast, að það hafi verið rétt upp úr síðustu aldamótum." segir í örnefnalýsingu. "Innan við Staðarklöpp er Staðarvör, þar sem bátarnir voru settir á land." segir Guðsteinn Einarsson. Staðarklöpp er um 350 m austsuðaustur af bæjarstæði 001 fast austur af fjárhúsum sem þarna eru. Hún er svört hraungrýtisklöpp með smá grasbrúsk í kollinn en ógróin að öðru leyti. Norðan í Staðarklöpp er Staðarvör og sést flórinn vel á fjöru.

Austan við Staðarklöpp og vörina er sandfjara.

Flórinn er hellulagður stórum flötum steinum úr Staðarvörinni uppí sandfjöruna í suðvestur-norðaustur. Hann er um 50 m langur og um 10 m breiður. Eftir flórnum voru bátar dregnir á land.

Hættumat: hættu, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Staður, 8; GE Frá Valahnúk, 20-21

Ljósmynd: Flórlögð lending í Staðarvör, horft í austur



GK-028:018 *Stekkjarklappir* örnefni stekkur

63°48.835N 22°31.474V

"Í framhaldi vestur af Flæðikróknum er nokkurt graslendi ofan við Staðarmalirnar. eru þar tveir hólar, nefndir Stekkjarklappir. Fram af þeim eru klappir fram í sjó, nefndar Stekkjarnef, allbreitt. Sjór flæðir upp á það framan til. Norðvestan við Stekkjarklappir er dálítill pollur, nefndur Vatnsstæði." segir í örnefnalýsingu. "Í framhaldi vestur af Flæðikróknum er nokkurt graslendi ofan við Malirnar. Þar eru Stekkjarklappir og Stekkjarklappir. Benda nöfnin til þess að þar hafi stekkur Staðarprests verið fyrir eina tíð þótt nú sjái þess engin merki. Framundan þeim skagar smáhraunhryggur fram úr Mólunum, sem heitir Stekkjarnef." GB Mannfólk. Stekkjarklappir eru um 1 km suðvestur af bæjarstæði 001, alveg við sjávarkampinn sunnan við vestustu mannvirki fiskeldisins Íslandslax. Í grýttu og ósléttu graslendi.

Stekkjarklappir eru tveir uppgrónir hraunhólar sem standa þétt saman syðst á graslendinu. Mikið er af grjóti á þeim og umhverfis þá, sem sjórinn hefur líklega mokað upp. Engar tóftir eru við Stekkjarklappir og ekki ólíklegt að þær séu fyrir löngu komnar undir sjávarkampinn.

Hættumat: hættu, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Staður, 10; GB Mannfólk, 28

GK-028:019 *Ræningjasker* sögustaður

63°48.356N 22°31.597V

"Fram af Staðarmólum er Ræningjasker, alltaf upp úr sjó. Þegar Tyrkir komu til Grindavíkur 1627, lentu þeir skipi sínu við Ræningjasker", segir í örnefnalýsingu. Ræningjasker er um 1,5 km suðvestur af bæjarstæði 001, framundan vestari enda graslendisins sem Stekkjarklappir 018 eru í. Skerið er skammt austan við eystri Staðarbergsendann.

Stakt sker, stórt og mikið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Staður, 10; GB Mannfólk, 28

GK-028:020 *Hvirflavörður* varða mið

63°49.404N 22°30.676V

Í örnefnaskrá segir: "Í eystri öxl [Þórðarfells] á vörðu að bera, sem er uppi í háhrauni, þannig að hálf varðan sé inn undir fellinu. Í þessari sömu stefnu eru tvær vörður á undirlendi. Þessu miði skal halda, þangað til tvær vörður, sem eru milli Staðar og Húsatófta, bera saman. Þeim skal svo halda inn undir land, og skal þá beygja við, suður á við, í vörina." Vörðurnar voru á Hvirflum sem er hæðardrag á mörkum Staðar og Húsatófta. Syðsta



sundvarðan er á sjávarbrúninni fast vestan við bryggjuna og um 500 m norðaustur af bæjarstæði 001.

Á stórgrýttum sjávarkamp.

"Þá koma Hvirflar; þar eru merki fyrir grunnleiðina inn á víkina. Þau sundmerki eru og landamerkjavörður milli Staðar og Húsatófta ..." GE Frá Valahnúk. "Neðri varðan er ofan við efsta flóðfar, hin um 150 metrum ofar. Vörðurnar eru leiðarmerki á Staðarsundi og landamerki milli Húsatófta og Staðar með stefnu um Skothól í Hauga við Haugsvörðugjá, en hún er á mörkum Húsatófta og Hafnar", segir í örnefnaskrá Húsatófta.

Í sóknarlýsingu 1840 segir: "...skal stýra beint inn á Þórð og vörðuna, þar til tvær vörður, Hvirflar eða Hvirflavörður, auðséðar rétt við sjóinn á bakborða,

bera saman, skal þá sleppa sundmerkjunum og halda beint á vörðurnar, þar til opnar liggja lendingarnar á Stað og Húsatóttum, sem liggja til beggja handa." SSGK, 131. Varðan stendur á steiptum grunni og er um 1,5 m há. Umföer eru um tólf. Steipt hefur verið í hleðsluna en varðan er nýlega endurgerð. Eldri varða stóð á nákvæmlega sama stað en sjórinntók hana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Staðarsund, 1; Ö-Húsatóftir, 4; GE Frá Valahnúk, 20-21; SSGK, 131

Ljósmynd: Syðri Hvirflavarða, horft í suður

GK-028:021 *Hvirflavörður* varða mið

63°49.399N 22°30.730V

Í eystri öxl [Þórðarfells] á vörðu að bera, sem er uppi í háhrauni, þannig að hálf varðan sé inn undir fellinu. Í þessari sömu stefnu eru tvær vörður á undirlendi. Þessu miði skal halda, þangað til tvær vörður, sem eru milli Staðar og Húsatófta, bera saman. Þeim skal svo halda inn undir land, og skal þá beygja við, suður á við, í vörina." Vörðurnar voru á Hvirflum sem er hæðardrag á mörkum Staðar og Húsatófta.

Graslendi ofan við sjávarkamp.


"Þá koma Hvirflar; þar eru merki fyrir grunnleiðina inn á víkina. Þau sundmerki eru og landamerkjavörður milli Staðar og Húsatófta ..." GE Frá Valahnúk. "Neðri varðan er ofan við efsta flóðfar, hin um 150 metrum ofar. Vörðurnar eru leiðarmerki á Staðarsundi og landamerki milli Húsatófta og Staðar með stefnu um Skothól í Hauga við Haugsvörðugjá, en hún er á mörkum Húsatófta og Hafnar", segir í örnefnaskrá Húsatófta.

1840: "...skal stýra beint inn á Þórð og vörðuna, þar til tvær vörður, Hvirflar eða Hvirflavörður, auðséðar rétt við sjóinn á bakborða, bera saman, skal þá sleppa sundmerkjunum og halda beint á vörðurnar, þar til opnar liggja lendingarnar á Stað og Húsatóttum, sem liggja til beggja handa." SSGK, 131. Eina varðan sem eftir stendur er sú syðsta 020. Sú í háhrauninu er ekki varða heldur hraunstampur í Sundvörðuhrauni í Húsatóptalandi.

Heimildir: Ö-Staðarsund, 1; GE Frá Valahnúk, 20-21; SSGK, 131

GK-028:022 tóft lambhús

63°49.072N 22°31.361V



Lambhústóft er við sjávarkampinn sunnan, við austustu mannvirki Íslandslax, um 450 m suðvestur af bæjarstæði 001.

Tóftin er í grýttu og ósléttu graslendi.

Hún er einföld, um 6x4 m að stærð með op til vesturs. Hleðslur eru úr torfi og grjóti en signar. Hleðsluhæð er mest um 0,8 m og umföer grjóts allt að fimm. Mikið er af braki frá fiskeldinu allt umhverfis tóftina.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-028:023 *Básar* heimild um býli

63°49.047N 22°35.766V

"Þá [utan við Sölvabása] koma Flóabásar (kallast nú Hrófabásar), eign Staðarkirkju. Þar skal hafa staðið bær og heitið í Básun." ÁM hafði þetta eftir Eyjólfí Jónssyni á Þórkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum

1703. Hrófabásar eru við vestari Staðarbergsendann austan við Mölvík, en við hana er fiskeldisstöð í eyði. Mjög úfið apalhraun, ógróið eða lítt gróið er á þessu svæði. Engar tóftir fundust á þessu svæði.

Heimildir: ÁM Chorographica, 48-50

GK-028:024 heimild um lendingu

63°49.047N 22°35.766V

"Hrófabásar eru við vestari [Staðar]bergsendann. Í þeim var flóruð vör og sjást hennar enn nokkur merki. Bendir það til þess að þarna hafi eitt sinn verið útræði, en um það eru engar skráðar heimildir - aðeins munnmæli. Í Sölvabásunum áttu Húsatóftir sölvatekju." segir í örnefnalýsingu. Hrófabásar eru við vestari Staðarbergsendann austan við Mölvík, en við hana er eyðilögð fiskeldisstöð.

Mjög úfið apalhraun ógróið eða lítt gróið og svartar hraunklappir í sjó fram er mynda bása.

Flórlögð lending ekki sjáanleg og má vera að sjórinn hafi brotið hana.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Staður, 11; GB Mannfólk, 29

GK-028:025 tóft verbúð

63°49.115N 22°38.053V

"Fyrir innan Krossvíkur tekur við Háleyjaberg og þá Háleyjar. Þar voru talin góð fiskimið skammt undan landi, og rústir og tóttabrot uppi á kámpinum geta bent til þess, að þarna hafi fyrrum verið útræði. Um sjósókn frá Háleyjum eru þó engar öruggar heimildir, en hafi hún verið einhver, er líklegast, að útvegurinn hafi verið frá Húsatóttum. Húsatóttamenn áttu sölvatekju í Háleyjum, og er reyndar alls ekki loku fyrir skotið, að byrgisrústirnar séu leifar eftir þær athafnir. Þeir, sem á sölvafjöruna fóru, hafa að líkindum legið við þarna út frá og sjálfsagt þurrkað sölin, eftir því sem mögulegt var." segir í Sögu Grindavíkur I. Í örnefnalýsingu segir: "Talið er, að á Háleyjum hafi fyrrum verið útræði. Til þess benda m.a. kofarústir frammarlega á Háleyjabungu." sbr. GB Mannfólk, 30. Hið rétta um þessa rúst kemur fram í skýrslu Brynjúlfs Jónssonar frá 1903: "Þar er ágætur lendingarstaður. Skammt vestur frá Krossvíkum, en á landi er þar hraun eitt og ekkert einkennilegt. Að eins er þar ofurlítill rúst eftir sjóbúð, sem bygd var seint á 18. öld. Þá gjörði Grindvíkingur einn, er Jón hét, bæ í Vatnsfelli, þar sem nú er bæ vitavarðar, og hafði útræði frá Háleyjum. En það er langt frá Vatnsfelli, og gat hann ekki sótt sjó að heiman. Því bygði hann búðina. En honum reyndist ókleyft að lifa á þessu nýbylí sínu, og fór þaðan aftur eftir 2 ár. Síðan hefir Háleyjalending ekki verið notuð." Árbók 1903, 44. Leitað 1998 en ekkert fannst.

Heimildir: Saga Grindavíkur I, 24; Ö-Staður, 12; GB Mannfólk, 30; Árbók 1903, 44

GK-028:026 Rafnkelsstaðaberg örnefni býli

63°48.285N 22°40.005V

Um 1860: "Skarfasetur heitir hin yzta tá á Reykjanesi; þá er þar austur frá kallað Rafnkelsstaðaberg, þá Háleygjahæð ..." segir Magnús Grímsson í ritgerð um fornleifar á Reykjanesi. "Fyrir innan Básinn tekur við mishátt berg, 10-40 metra hátt. Það er oftast nefnt Krossvíkurberg, en Guðsteinn Einarsson kveðst einnig hafa heyrt það kallað Rafnkelsstaðaberg. ... Ekki er vitað til þess, að bæjarnafnið Rafnkelsstaðir hafi nokkurn tíma verið til í Grindavíkurhreppi, og reyndar mun engin jörð á Suðurnesjum hafa heitið svo, nema Rafnkelsstaðir í Rosmhvalaneshreppi." Saga Grindavíkur I, 22. Einnig er getið um þennan stað í örnefnalýsingu: "... utar tekur við Krossvíkurberg, sem einnig er nefnt Hrafnkelsstaðaberg (Ath.: í frb. var það oft haft Hraknkelsstaðaberg). Bendir nafnið til að þarna hafi einhvern tímann verið bær."

Gróðurlausir sjávarhamrar.

Brynjúlfur Jónsson getur örnefnisins í grein í Árbók 1903 og telur að þar hafi verið bær nefndur Hrafnkelsstaðir - Árbók 1903, 43-44. Engar fornleifar eru við Hrafnkelsstaðaberg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: MA Landnám Ingólfs II, 262; Saga Grindavíkur I, 22; Ö-Staður, 13; Ö-óbyggð Grindavíkur, 12; Árbók 1903, 43-44

GK-028:027 Mölvík þjóðsaga býli

63°49.258N 22°37.005V

1703: "Þá kemur Mölvík, Staðarkirkjueign. Þar skal og hafa verið bær og þar er vatnsból hjá." ÁM, 48-50. Um 1860: "Þá Mölvík, sem samnefndur bær á að hafa staðið við..." Landnám Ingólfs II, 262. Í Mölvík er fiskeldisstöð í eyði og vegarstöði að henni.

Í Mölvík er graslendi innan um úfið hraunið.

ÁM hafði þetta eftir Eyjólfri Jónssyni á Þórkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703. E.t.v. eini byggilegi staðurinn á stóru svæði en engar tóftir fundust þar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁM Chorographica, 48-50; MA Landnám Ingólfs II, 262

GK-028:028 Sandvík þjóðsaga býli

63°49.293N 22°37.464V

Í Chorographiu Árna Magnússonar 1703 segir: "Þar næst Sandvík, Staðarkirkju eign, skal og hafa verið bær." Um 1860: "... þá Háleygjahæð og Háleygjar, þá Sandgerði tvö við Sandvíkurnar," segir Magnús Grímsson í ritgerð um fornleifar á Reykjanesi. "Þarna er talið að hafi verið verbúð, jafnvel bær, fyrir eina tíð, enda má þetta kallast ein af fáum "byggilegum" stöðum á þessum auðnarslóðum." segir Gísli Brynjólfsson í bók sinni um Staðhverfinga. "Hvorki [Sigurður V. Guðmundsson] né [Árni Vilmundsson] kannast við að hafa heyrt talað um byggð í Sandvík." segir í örnefnalýsingu. Sandvík er næsta vík vestan við Mölvík 027. Vegslóði liggur í Sandvík.

Í Sandvík er dálítið sandblásið graslendi innanum hraunið.

ÁM hafði þetta eftir Eyjólfí Jónssyni á Þórkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703. Engar tóftir fundust í Sandvík.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁM Chorographica, 48-50; MA Landnám Ingólfs II, 262; GB Mannfólk, 29; Ö-Staður, 12

GK-028:029 Háleyjar þjóðsaga býli

63°49.115N 22°38.053V

"Þá koma Háleyjar. Á Staðarkirkja þar hálfan viðreka en Viðeyjarklaustur hálfan, og hefur sá helmingur fylgt Húsatóftum fyrir þá almennilegu leiguna, sem annars af jörðinni gengur. Í Háleyjum skal hafa verið bær." hafði Árni Magnússon eftir Eyjólfí Jónssyni á Þórkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

Á sjálfri Háleyjabungu er grasgróður, en hún er þó minna en 1/3 er gróin og hvergi er bæjarstæði eða sýnilegt vatnsból. Algerlega gróðursnautt er austan og vestan við bunguna.

Engar fornleifar eru á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁM Chorographica, 48-50

GK-028:030 Krossvík þjóðsaga býli

63°48.583N 22°40.043V

"Stóra-Krossvík kemur þá. Hana eignar sér Staðarkirkja í Grindavík, en aðrir eigna hana Neskirkju á Seltjarnarnesi og hefur nú Þorkell í Njarðvík af Nesmönnum rekann þar. Í Krossvík skal hafa verið bær." Þetta hafði Árni Magnússon eftir Eyjólfí Jónssyni á Þórkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

Algerlega gróðursnautt klettaströnd.

Brynjúlfur Jónsson getur örnefnisins í grein í Árbók 1903 og telur að bendi til byggðar áður en hraun runnu þar - Árbók 1903, 44.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁM Chorographica, 48-50; Árbók 1903, 44

GK-028:031 Herkistaðir þjóðsaga býli

63°48.082 022°41.534V

"Þar næst [utan við Krossvík] eru Herkistaðir. Skal hafa verið bær, eign Staðarkirkju." Þetta hafði Árni Magnússon eftir Eyjólfí Jónssyni á Þórkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

Þverhnipt klettaströnd, gróðursnautt.

Engar fornleifar eru á þessum stað.

Heimildir: ÁM Chorographica, 48-50

GK-028:032 Skarfasetur þjóðsaga býli

63°48.052N 022°41.919V

"Næst Herkistöðum er Skarfasetur. Skal hafa verið bær. Eigning er þar óviss. Þar er og gagnslaust öldungis, því þar er engin fjara. Á Skarfasetri halda menn hafa verið kirkju Reyknesinga og er það fremst á nesinu. Segja menn kirkjuna þaðan færða til Staðar í Grindavík og Grindvíkinga til forna hafa sótt kirkju til Hrauns. Þessa bæi meina menn til hafa verið alla áður en nesið brann. En nú er ekkert til baka nema brunahraun og sandar og er þar engum manni byggjandi." Þetta hafði Árni Magnússon eftir Eyjólfí Jónssyni á Þórkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.


Skarfasetur er gróðurlaus klettatöng og er á henni lítill viti.

Engar fornleifar eru á þessum stað.

Heimildir: ÁM Chorographica, 48-50

GK-028:033 hleðsla sundlaug

63°48.662N 022°42.376V



"...örskammt ofan við [Valahnúka] Mölina er gjá í hrauninu, sem heitir Valbjargargjá. Í henni var ylvolgt vatn, og þar var gerð sundlaug um 1930. Laugin var um 30 fermetrar að stærð, og var börnum í Grindavík kennt þar sund. Sjór mun hafa gengið inn í gjána, því dýpi í lauginni fór eftir því, hvernig stóð á sjó. Nú er sundkennsla í gjánni löngu aflögð, en enn má sjá ummerki eftir hana, hlaðinn steinvegg og tröppur niður í vatnið," segir Jón Þ. Þór í

Sögu Grindavíkur.

1998: Sundlaugin er syðst og vestast í túni frá vitavarðabústað, um 10 m norðan við Sjólaug, um 250 m SSV við Reykjanesvita.

Í náttúrulegri sprungu.

Við austurenda sprungunnar hefur veggur verið hlaðinn upp með hraungrýti og myndar "U" á móts við sprunguna. Gengið er niður í laugina norðan til á austurvegg. Hleðslan í norðurenda er 1,5 m há en þar er klöpp í botnin. Suðurendi laugarinnar er 3 m djúpur. Veggurinn í austurenda er um 0,7 m hærri en umhverfið en hefur þó tæplega verið vatnsheldur. Mjög sérstætt mannvirki.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Saga Grindavíkur I, 16-17; Saga Grindavíkur II, 242-43, 254-56

Ljósmynd: Sundlaug í Valbjargargjá. Gísli Brynjólfsson, *Mannfólk mikilla sæva*, bls. 208



GK-028:034 tóft


63°49.106N 22°41.093V

Um 120 m VSV af Gunnhver 021, um 10 m sunnan við veginn að hverasvæðinu er tóft vestan undir lágum hraunhól, grasi grónum.

Í hraundæld, grasi gróid hraun í kring. Hverasvæði norðan og austan við.

Grjóthlaðin tóft. Virðist að einhverju leyti hlaðin utan í náttúrulegan grjóthrygg og er há hundapúfa á austurlangvegg. Þelkan liggur í tóftinni og hefur verið úr rofi og plötum úr sléttu járn. Tæplega mjög gamalt mannvirki og tengist sennilega búskap vitavarda.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



GK-028:035 *Gunnhver* þjóðsaga

63°49.189N 22°41.042V

1841: "Hver er á Reykjanesi, Gunna kallaður, skammt eitt í landnorður af Grasfelli. Bullar hann og sýður í leireðju en ekkert sést tært vatn; er hverinn utan í hól; holan, sem sýður í með mörgum augum, er hér um 12-16 faðmar ummáls og niður að eðjuni fullkomnar þrjár álnir. Fremur líkist hver þessi bullandi feni en nokkrum vatnshver og öldungis ólíkur öllum þeim hverum, ég séð hefi í Borgarfirði, Biskupstungum og Laugardal." - "Um Hveravelli, sem eru norðaustur frá vitanum, er Gunnhver, sem mun vera hérna megin merkjanna. Hann er kenndur við Guðrúnu sálugu Öfundardóttur, sem steypiti sér þar niður á leið yfir í eilífðina." Gunnhver er vel merktur og auðfundinn. Gert hefur verið bílastæði skammt sunnan við hann og gönguleið að honum og pallur við hann.

1860: "Hverir eru hér út á Reykjanesi fæstir mjög stórir og gjósa ei hátt. [. . .] Einn hverinn er stærstur; í honum krakkar eins og katli. Sá hver er kallaður Gunnhver, . . . Í þessum hver endaði afturgangan Gunna eftir að hún var búin að ganga aftur um hríð og valda skaða meðal manna. Upphaf sögunnar var það að prestur nokkur átti í útistöðum við Gunnu sem síðan dó og hóf að ásækja fólk og sérstaklega prest og konu hans. Hún dró bæði hjónin til dauða áður en menn tóku sig saman, fóru til Eiríks í Vogsósum sem gaf þeim hnoða og sagði þeim að láta Gunnu taka í. Það gerðu þeir og Gunna elti hnoðann ofan í Gunnhver og sást ekki síðar." .MG. "...gufuhver einn mikill skammt...frá [Gunnhver] er kominn þar upp á þessari öld...Rétt hjá "Gunnu" er töluverð fúlga af hreinni kísilsýru (kísill), sem lengi var kölluð postulínsnáma, af því að menn hugðu það vera postulín, en lítill arður hefir enn orðið af henni." Bjarni Sæmundsson: Suðurkjálkinn, ÁFÍ 1936, 40. Vilhjálmur Jónsson á Kirkjubóli (d. 1706) átti í útistöðum við kerlingu eina, Guðrúnu Öfundardóttur, út af potti sem hann átti að hafa tekið hjá henni, líklega upp í skuld. Heitaðist hún við hann. Vilhjálmur var viðstaddur greftrun hennar en fannst dauður, blár og beinbrotinn á víðavangi daginn eftir. Var prestur fenginn til að vaka yfir líkinu en þóttist eiga fullt í fangi við að verja það fyrir ágangi kerlingar. Afturgangan magnaðist mjög og næst dó ekkja Vilhjálms en fólk sem fór um þar sem lík hans fannst annaðhvort villtist eða varð vitstola. Þegar afturgangan var orðin svo mögnuð að menn sáu hana fullum sjónum voru sendir menn til séra Eiríks í Vogsósum en þegar þeir fóru af stað aftur frá honum fékk hann þeim hnoða sem þeir skyldu láta Gunnu taka í lausa endann á. Sagði hann að hnoðað mundi þá sjálft velta þangað sem hún mætti vera að ósekju. Sendimenn fóru þá heim og gerðu eins og fyrir þá var lagt. Þegar Gunna tók í lausa endann á hnoðanu valt það af stað en hún á eftir. Sást það seinast til að hvort tveggja hnoðað og Gunna, steypitist ofan í hver þann suður á Reykjanesi sem síðan er kallaður Gunnhver. Sumir segja að hnoðað færi ofan í hverinn, en Gunna héldi í endann; var endinn svo langur að Gunna gat staðið hálfbogin uppi á hverbarminum og trítlar hún þannig einatt til og frá kringum hverinn á blábrúninni hálfbogin. Tveir eru hverirnir og er annar stærri en annar; greinir menn á um það hver hverinn það er. JÁ III, 508-510.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSGK, 142-43; MG Landnámi Ingólfs II; Bjarni Sæmundsson: Suðurkjálkinn, ÁFÍ 1936, 40; Ö-Kalmanstjörn, 4; JÁ III, 508-510

GK-028:036 hleðsla traðir 63°49.301N 22°31.128V
"Traðirnar eru einu leifarnar sem sjáanlegar eru á yfirborði eftir gamla bæinn á Stað. Þær liggja norðan við kirkjugarðinn í átt að NV horni hans." AS Staður, 14. Traðirnar eru greinilegar fast norðan við vestari hluta (eldri hluta) kirkjugarðsins 002.
Gróid tún er þar norðan við kirkjugarð en austan við það er sléttað bílastæði.
Traðirnar eru greinilegar alveg frá bílastæðinu og þaðan í vestur í átt að norðvesturhorni kirkjugarðsins. Þær eru um 30 m langar og 4 m breiðar. Ekki víst að þær hafi verið svo breiðar því vegslóði liggur um þær og er í honum talsvert grjót. Í grasbakkanum beggja vegna slóðans eru grónar torf- og grjóthleðslur um 0,6 m háar. Umför eru um fjögur.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: AS Staður, 14

GK-028:037 heimild um sjóbúð 63°49.286N 22°31.178V
"Sjóbúð fylgdi Stað fram undir síðustu aldamót. Mun hún hafa verið allt frá þeim tíma, er Skálholtsstóll hélt úti skipi þaðan á fyrri öldum, a m k. öðru hverju. Var það eitt af skilyrðum við veitingu brauðsins, að ef formenn Skálholtsstaðar vildu láta skip ganga úr Staðarvör skyldi þeim frjálst uppsátur, búð, vergögn (garðar til að herða fiskinn á) fyrir eitt teinært skip og þaðan af minna. ... Í seinni úttektum er búð þessi talin sem eitt af Staðarhúsum, en hefur minnkað. Sr. Geir Bachmann talar um áttæringssjóbúð og í úttekt frá 1838 segir: 'Sjómannabúð fylgir jörðinni með sex rúmum, 8 stöðum, 2 langböndum með gisnu árefti en veggirnir komnir út en gaflaðið fallið.' ... Eitthvað hefur verið lappað upp á hana síðar, því að þegar sr. Oddur tók við Stað í fardögum 1879 var búðin með 6 rúmum í góðu standi, en er hann fór þaðan 15 árum síðar er sjóbúðin niðurlögð og heyhlaða komin í staðinn." GB Mannfólk.
Ekki er vitað hvar sjóbúðin var.
Hættumat: hætta, vegna sléttunar
Heimildir: GB Mannfólk, 42-43

GK-028:038 *Litlavör* heimild um lendingu 63°49.289N 22°30.585V
"Að norðanverðu í Staðarklöpp voru tvær varir, þar sem skip lentu til að losa aflann; hétu Sökk og Litla-Vör." Staðarklöpp er um 350 m austsuðaustur af bæjarstæði 001, fast austur af fjárhúsum sem þarna eru.
Hún er svört hraungrýtisklöpp með smá grasbrúsk í kollinn en ógróin að öðru leyti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: GE Frá Valahnúk, 20-21

GK-028:039 *Hús Ólafs Sighvatssonar* heimild um bústað 63°49.286N 22°31.178V
Í úttekt frá 1657 er ein af hjáleigum Staðar kölluð Hús Ólafs Sighvatssonar. Ekki er vitað hvar hún stóð.
Húsaskipan er lýst svo í úttektinni: "Búrið með nýjum bita vænum, sterkt og stæðilegt með tveimur dyrastöfum, göngin stæðileg með tveim bitum litlum og einum sperrum. Baðstofan vel stæðileg með 4 bitum og 4 sperrum og 7 stöfum. Skálinn með fjórum bitum og sperrum og 10 stöfum. Göngin fram af skálanum með 2 dyrastöfum og sterkri greinhurð og göngin stæðileg með einum bita og 2 dyrastöfum."
Hættumat: hætta, vegna sléttunar
Heimildir: Saga Grindavíkur I, 104; (Bps A II-9)

GK-028:040 *Hús Daða Símonssonar* heimild um bústað 63°49.286N 22°31.178V
Í úttekt frá 1657 er ein af hjáleigum Staðar kölluð Hús Daða Símonssonar. Ekki er vitað hvar hún stóð.
Hættumat: hætta, vegna sléttunar
Heimildir: Saga Grindavíkur I, 104

GK-028:041 heimild um bústað 63°49.286N 22°31.178V
Í úttekt frá 1657 er getið nafnlausrar hjáleigu sem ekki er vitað hvar stóð.
Hættumat: hætta, vegna sléttunar
Heimildir: Saga Grindavíkur I, 104

GK-028:042 heimild um bústað 63°49.286N 22°31.178V
Í úttekt frá 1657 er nafnlausrar hjáleigu getið. Hún var þá í eyði og er ekki vitað hvar hún stóð.
Hættumat: hætta, vegna sléttunar
Heimildir: Saga Grindavíkur I, 104

GK-028:043 Vestur-Hjáleiga heimild um bústað 63°49.286N 22°31.178V
Í úttekt frá 1657 er getið um Vestur-Hjáleigu "sem virðist hafa staðið í hlaðvarpanum á Beinróu." Ekki er vitað hvar hún stóð.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar
Heimildir: Saga Grindavíkur I, 104

GK-028:044 Gjábakki heimild um bústað 63°49.286N 22°31.178V
Í manntali 1801 er Gjábakki talin ein af fjórum hjáleigum frá Stað. Ekki er vitað hvar hún stóð.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar
Heimildir: Saga Grindavíkur II, 13

GK-028:045 Dægradvöl brunnur brunnur 63°49.262N 22°31.247V
Bringur heitir gróinn hryggur sem liggur í austur-vestur fyrir norðvestan kirkjugarðinn fast sunnan við þjóðveginn. Lægðin sunnan við hann heitir Dægradvöl og eru í henni steypar leifar útihúsa frá síðasta bænum á Stað. Í lægðinni fast vestan við rústirnar er brunnur.
Í grónu túni.

Brunnurinn var gerður 1914 og nefndur Dægradvöl eftir lægðinni. Hann var grjóthlaðinn en nú hefur verið lokað fyrir hann með timburflekum.


Hættumat: hætta, vegna rasks

GK-028:046 tóft rétt 63°49.215N 22°30.745V
Um 400 m suðaustur af bæjarstaði 001, nyrst í Gerðistöngum, er tóft af fjárrétt.

Hún er í grónu en grýttu túni.

Tóftin er um 6x6 m að stærð, grjóthlaðin, bogadregin og opin til norðurs. Líklega hefur grjót verið fjarlægð úr norðurhluta hennar. Hleðslur eru signar og hæð þeirra mest um 0,5 m en umför allt að þrjú. Tóftin er einföld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-028:047 Lönd tóft býli

"Það var árið 1911, að stofnað var nýtt býli í landi Staðar. Það var nefnt á Löndum." GB Mannfólk, 77. Um 250 m suðaustur af bæjarstaði 001, skammt vestan við fjárhús sem þarna standa, eru tóftir. Þar var býlið Lönd.


Tóftirnar eru í grónu túni, en sunnan þeirra liggur moldarslóði í austur-vestur að fjárhúsunum.

Um er að ræða þrjár tóftir þétt saman en svæðið er um 24x12 m að stærð. Austasta tóftin er um 4x4 m að stærð og grjóthlaðin.

Ekkert greinilegt op er á henni. 2 m vestan við hana er tóft, um 6x5 m að stærð. Sú er einnig grjóthlaðin en í norðausturhorni hennar eru steypar tröppur. Þarna hefur íbúðarhúsið verið. Fast norðvestan við hana er þriðja tóftin. Hún er um 4x3 m að stærð og opin til austurs. Hún er grjóthlaðin en steyp hefur verið í hleðslurnar innanverðar. Til vesturs úr tóftinni liggur um 8 m löng útflött grjóthleðsla sem sveigir svo til suðurs um 12 m. Hleðsluhæð er mest í vestustu tóftinni eða um 1 m. Lönd fóru í eyði 1946.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: GB Mannfólk, 77-79




GK-028:048 Merki tóft býli

63°49.394N 22°30.740V

Á Hvirflunum á merkjum milli Staðar og Húsatópta, um 500 m norðaustur af bæjarstaði 001, stóð hjáleigan Merki, byggð 1908.

Býlið stóð í uppgrónu hrauni.

Svæðið allt er um 50x26 m að stærð. Á því eru tvær tóftir, önnur syðst, um 2x2 m að stærð og opin til suðvesturs. Hin er á miðju svæðinu austast. Sú er um 5x5 m að stærð og hefur verið steypur grunnur yfir hana, en þar stóð sumarbústaður sem var rifinn fyrir fáeinum árum. Vestan við tóftina eru kálgarðar, a.m.k. tveir, báðir grjóthlaðnir. Grjóthleðslur eru einnig norðan og sunnan við tóftina. Hleðsluhæð er mest um 0,8 m og umför allt að fimm. Merki fór í eyði 1943.



GK-029 Móakot

Hjáleiga frá Stað. Fyrst er getið um byggð í Móakoti 1822 en býlið fór í eyði 1945. 1869-70 voru tvö Móakot, efra og neðra - GB Mannfólk, 58. Móakot stóð á svipuðum stað - þó ekki sama - og Krókur á 18. öld og má líta á Móakot sem framhald byggðar í Króki - Saga Grindavíkur II, 38.

GK-029:001 *Móakot* bæjarstæði býli 1840: "Móakot, vestan til í Staðartúni", segir í sóknarlýsingu. "Móakot var u.þ.b. 150-200 m í vestur frá Stað. Garður var á milli túnanna. Nú er hann horfinn og túnið sameinað." segir í örnefnalýsingu. "[Núv. íbúðarhús úr steini] stendur hátt á barðinu vestast í Staðartúni ... Hið næsta er gróið tún og grasmóar niður að sjávarkambinum, sem ver þennan dýrmæta gróðurblett fyrir ágengi hafsins. Bærinn stendur uppi fyrir miðri Staðarbótinni, víkinni, sem liggur opin til hafs milli Staðarmalar og Gerðistanga." GB Mannfólk, 57-58. Um 140 m vestur af bæjarstæði GK-028:001 á Stað stendur steinhús í niðurniðslu. Það er síðasta íbúðarhúsið í Móakoti. Vestan við húsið er steipt húsarúst og á milli hennar og hússins eru tóftir gamla bæjarins. Steinhús byggt 1931. Á hæð í grónu túni.

63°49.221N 22°31.349V




Hafði grasnyt. Svæðið allt er um 56x30 m að stærð og eru á því fimm tóftir auk garðhleðslna og hleðslubrota. Hleðslur eru allar signar og víða hlaupnar í þúfur. Þær eru allar úr torfi og grjóti og er hleðsluhæð mest um 0,5 m. Umför grjóts eru allt að fimm. Sjálfar bæjartóftirnar eru um 6,5x5 m að stærð. Þær skiptast í þrjú samsíða hólf sem öll hafa op til suðurs. Bæði austan og sunnan við tóftirnar eru grjóthleðslur, leifar garðlaga. Um 4 m vestan við tóftirnar er steipt rúst og suðvestan í henni er grjóthlaðinn 4x4 m grunnur. Um 20 m norðvestur af bæjartóftinni er 4x3 m stór tóft, útihús. Hún er einföld, torfhlaðin með op til vesturs. Fast norðaustan við tóftina er náttúruleg gjá eða rás, um 1 m á dýpt.

Austast í henni er kofatóft úr timbri, undir þaki. Tvær tóftir eru vestast á svæðinu, önnur um 30 m vestan við bæjartóftina en hin um 10 m vestar. Báðar eru einfaldar, um 3x2 m að stærð úr torfi og grjóti. Eystri tóftin hefur op til norðausturs en sú vestari til vesturs. Báðar útihús. Torf- og/eða grjóthlaðin garðlög umljúka svæðið að hluta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSGK, 134; Ö-Staður, 4; Túnakort 1918; GB Mannfólk, 57-58; Saga Grindavíkur II, 38-39

Ljósmynd: Móakot. Gísli Brynjólfsson, *Mannfólk mikilla sæva*, bls. 57



GK-029:002 heimild um túngarð

63°49.200N 22°31.165V

"Móakot var u.þ.b. 150-200 m í vestur frá Stað. Garður var á milli túnanna. Nú er hann horfinn og túnið sameinað", segir í örnefnalýsingu. Garður er sýndur milli Staðar og Móakots á túnakorti frá 1918, í norður frá útihúsum GK-028:003.

Í túni.

Í túninu á milli Móakots og Staðar er túngarðurinn alveg horfinn. Hins vegar er hluti hans sem enn er greinilegur syðst í túninu, við hólinn þar sem útihús GK-028:003 eru. Úr hólnum liggur túngarður um 50 m suður að sjávarkambinum og um 100 m til vesturs úr honum. Hleðslurnar eru úr grjóti en mjög signar og farið að gróa yfir þær. Aðeins eitt umfar grjóts er eftir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Staður, 4

GK-030 Garðar (Stóragarði)

Hjáleiga frá Stað. Getið er um mann fæddan í Stóragarði 1745 en búskapar þar er fyrst getið 1786 og var búið þar til 1919. Litlagerði hét hjáleiga sem braut í Básendaveðrinu 1799 en 1851 er aftur byggð hjáleiga með því nafni og var þar búið til 1914.

GK-030:001 Stóragerði bæjarhóll býli

63°49.154N 22°30.628V



1840: "Stóragerði, í landsuður frá Stað, fram á Gerðistöngum." segir í sóknarlýsingu. "Staðargerði eða Stóragerði stóð niður á svonefndum Gerðistöngum, u.þ.b. 250 m suður frá Löndum. Venjulega var það bara nefnt Gerði." Tóftir Stóragerðis eru um 550 m suðaustur af bæjarstæði á Stað GK-028:001 yst á Gerðistöngum.

Norðan við þær eru gróin tún


inn til landsins en skammt sunnan við þær tekur við stórgrýttur sjávarkampur.

Hafði grasnyt. "Enn sjást bæjarrústir Stóragerðis vel og bera glöggan vott um híbýli þar og húsaskipan Heim að þessum fornu, grónu rústum liggja fagurlega hlaðnar traðir í mjúkum boga. Fram af bænum hefur verið traustlega hlaðinn kálgarður. Á bæjartóftunum sést að þetta hefur verið reisulegur bær og rúmgóður. Steinlímdir kampar baðstofunnar standa að nokkru leyti enn og bera þögult en greinilegt vitni um mannfólk fortíðarinnar á þessum bæ ..." GB Mannfólk, 68-69. Svæðið allt er um 70x50 m að stærð og eru bæjartóftirnar þar syðst á dálitlum hól. Þær eru um 14x20 m að stærð og skiptast í átta hólf auk gangs. Op eru fjögur til vesturs, tvö til austurs og eitt til suðurs. Hleðsluhæð er mest um 1,3 m og umför grjóts allt að átta. Fast vestan við tóftirnar er torf- og grjóthlaðinn kálgarður um 22x12 m að stærð. Hann er opinn til vesturs og suðurs. Á milli kálgarðsins og tóftanna eru traðir sem síðan sveigja til vesturs meðfram norðurhlið kálgarðsins og þá til norðurs um 30 m. Þær eru torf- og grjóthlaðnar og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Nyrst við traðirnar eru leifar grjóthlaðs túngarðs til vesturs og austurs.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSGK, 134; Ö-Staður, 4; Túnakort 1918; GB Mannfólk, 68-71; Saga Grindavíkur II, 40-42

Ljósmynd: Stóragerði, horft í norðaustur

**GK-030:002 tóft** útihús

63°49.185N 22°30.605V



Á túnakorti frá 1918 er útihús austast í Stóragerðistúni. Um 500 m suðaustur af bæjarstæði á Stað GK-028:001, við sjávarkampinn austast í Gerðistöngum er útihúsatóft.

Hún er í grónu en ósléttu túni en austan við hana er stórgrýttur sjávarkampur.


Tóftin er um 13x4 m að stærð, hlaðin úr torfi og grjóti. Hleðslur eru signar og er hæð þeirra mest um 0,8 m en umför grjóts allt að fimm. Tvö hólf eru greinileg en má vera að þau hafi verið fleiri því mikið af grjóti hefur hrunið inn í tóftina. Op eru óljós en hafa þó líklega verið til norðvesturs á vestra hólfinu.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1918

GK-030:003 Litlagerði hleðsla býli

63°49.122N 22°30.677V



1840: "Í [Básendaflóðinu 1799] braut sjórinn líka Litlagerði; var það á töngunum fyrir vestan Stóragerði, sem við það byggðist; þar, sem Litlagerðishúsin stóðu, er nú hár og stórgrýttur malarkampur", segir í sóknarlýsingu. Í örnefnaskrá segir: "Litlagerði var u.þ.b. 70-100 m í vestur frá Staðargerði, þar í túnjaðrinum. Á túnakorti frá 1918 er sýndur kálgarður og rústir þar sem Litlagerði var með athugasemdinni "Flúið af sjógangi." Tóftir Litlagerðis eru um 80 m vestsuðvestur af tóftum Stóragerðis 001, alveg í sjávarkampinum.

Bæði sunnan og vestan við tóftarbrotið er stórgrýttur sjávarkampur en norðan við það hins vegar gróin tún inn til lands.

Í Litlagerði var þurrabúð. Aðeins er lítið tóftarbrot eftir af býlinu en sjórinn hefur eyðilagt aðrar minjar. Það er einn torf- og grjóthlaðinn veggur í austur-vestur, um 4 m langur og um 0,5 m hár. Norðan við hann er fallin grjóthleðsla en mikið af grjóti fast sunnan við hann. Sjórinn gengur alveg upp að tóftunum sunnanverðum á flóði.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: SSGK, 134; Ó-Staður, 4; Túnakort 1918; Saga Grindavíkur II, 45

GK-030:004 brunnur brunnur

Brunnur er um 10 m norðaustan við þar sem traðirnar sveigja suður á milli kálgarðsins og Stóragerðistóftanna 001.

Hann er í gróinni hvilft fast norðan við bæjartóftirnar 001.

Brunnurinn er um 1,5x1 m að stærð og tæplega 1 m á dýpt. Hann er grjóthlaðinn að innan en hleðslur eru signar og mikið hrúnið úr þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Ljósmynd: Stóragerðisbrunnur

63°49.159N 22°30.635V



GK-030:005 garðlag túngarður

63°49.210N 22°30.761V

Við norðurenda traðanna að Stóragerði 001 eru leifar túngarðs sem liggur í austur-vestur. Að vestan er hleðslan um 12 m löng en sveigir þá til norðurs um 100 m.

Hún liggur í grónu en ósléttu og grýttu túni.

Hleðslurnar eru fallnar að mestu leyti og aðeins eitt umfar grjóts eftir, 0,3 m á hæð.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-031 Kvíadalur

Hjáleiga og tómthús frá Stað. Getið er um menn fædda í Kvíadal 1767 og 1786 og þar var búið skv. manntali 1801 en býlið virðist hafa lagt í eyði eftir það og ekki verið byggt á ný fyrir en 1829 til 1833 en þá aftur í eyði til 1845. Sú byggð stóð aðeins í eitt ár en aftur var búið í Kvíadal 1847 og svo samfleytt til 1919 að býlið lagðist endanlega í eyði. GB Mannfólk, 66-67; Saga Grindavíkur II, 13.

GK-031:001 *Kvíadalur* bæjarstæði býli

1840: "Kvíadalur; þar eru að sönnu tómthús, sem 1837 voru byggð, en stendur nú í auðn aftur. Býli þetta er í suður frá Stað", segir í sóknarlýsingu. Um 250 m suður af bæjarstæði 001 á Stað við sjávarkampinn eru greinilegar tóftir Kvíadals. Norðan við þær eru gróin tún Staðar.



Tóftirnar eru um 15x12 m að stærð og skiptast í a.m.k. sex hólf. Op eru greinileg á öllum hólfunum, þrjú til vesturs, tvö til suðurs og eitt til norðurs. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og standa grónar. Hleðsluhæð er mest rúmur 1 m og umför grjóts allt að sex.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: SSGK, 135; Saga Grindavíkur II, 42-43

Ljósmynd: Kvíadalur, horft í suður

63°49.193N 22°30.996V



4. Fornleifar og byggð

Sá hluti Grindavíkurhrepps sem kannaður var í öðrum áfanga fornleifaskráningar sumarið 2002 er svæðið austan og vestan Grindavíkurkaupstaðar. Að austan er Þórkötlustaðahverfi með Þórkötlustöðum og hjáleigum en að vestan Staðarhverfi með Stað, Húsatóptum og hjáleigum þeirra. Landslag er, eins og dæmigert er fyrir Reykjaneskagann, gróf nútímahraun, misvel gróin, alsett djúpum gjám er teygja sig í suðvestur-norðaustur og ekkert rennandi vatn á yfirborði. Í Þórkötlustaðahverfi eru hraun víða allvel gróin en eftir því sem lengra er farið til vesturs verður hraunið úfnara og gróður minni. Engin byggð er vestan Staðar fyrr en við Reykjanesvita þar sem gróðurvin er í auðninni og mikill jarðhiti. Strandlínan einkennist annarsvegar af þverhníptum standbjörgum í sjó fram og hinsvegar stórgrýttum kampi sem markvisst brýtur sér leið inn í landið. Landeyðing af völdum brimrofs er gríðarleg á þessum slóðum.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, góflögum og öskuhaugum sem hafa hlaðist upp í tímans rás. Þeir geta orðið á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langmikilvægustu minjastaðirnir en jafnframt þeir sem einna verst fóru við uppbyggingu í landbúnaði á nýliðinni öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir. Þar sem kjallarar eru niðurgrafnir geta minjarnar í hólum geryðilagst.

Í 2. áfanga fornleifaskráningar í Grindavík voru skráðir 3 bæjarhólar, á Þórkötlustöðum (**011-001**), Húsatóptum (**027-001**) og í Stóragerði (**030-001**), auk 20 bæjarstæða. Á Þórkötlustöðum og Húsatóptum hefur verið byggt á bæjarhólum í seinni tíð og þeim því verið raskað. Í Stóragerði hefur hinsvegar hvorki verið búið né byggt síðan á 3. áratug 20. aldar og eru bæjarhóll og tóftir óhreyfð. Á Stað er skráð bæjarstæði (**028-001**) þar sem vitað er með vissu hvar bærinn stóð þótt nú sjáist engin ummerki hans á yfirborði. Önnur skráð bæjarstæði eru af hjáleigum lögbýlanna þriggja, Þórkötlustaða, Húsatópta og Staðar. Var víða að finna vel varðveittar tóftir þótt ekki væri um bæjarhóla að ræða. Má nefna Klöpp (**013-001**) og Hraunkot (**011-051**) í landi Þórkötlustaða en Kvíadal (**031-001**) og Móakot (**029-001**) í landi Staðar. Til viðbótar við bæjarhóla og bæjarstæði voru á Þórkötlustöðum,

Húsatóptum og Stað heimildir um allnokkur býli og þurrabúðir sem hafa verið í byggð í lengri eða skemmri tíma á seinni öldum. Þau eru hins vegar farin í eyði og horfin með öllu fyrir manna minni og því vandkvæðum háð að staðsetja þau.

Útihús og túngarðar

Útihús í tünnum og nærri bæjum eru víða horfin vegna seinni tíma rasks á vélaöld, einkum túnasléttunar og byggingarframkvæmda. Þrátt fyrir það er staðsetning útihúsa oftast þekkt, ýmist af túnakortum frá 1918 eða eftir ábendingum heimildamanna. Nokkur útihús voru skráð í túni á öllum þremur bæjunum Þórkötlustöðum, Húsatóptum og Stað. Þórkötlustaðir hafa hins vegar algera sérstöðu hvað þetta snertir en þar voru skráð hátt á annan tug útihúsa innan túns. Aldur tóftanna er þó í flestum tilvikum óþekktur og ekki nema hluti þeirra sýndur á túnakorti frá 1918.

Túngarðsleifar voru einnig skráðar á bæjunum þremur. Aðeins lítið brot er varðveitt af túngarðinum á Stað, þ.e. sá hluti er skipti túni milli Staðar og Móakots (**029-002**). Verulegur hluti túngarða á Húsatóptum (**027-033**) og á Þórkötlustöðum (**011-046**) hefur hins vegar varðveist. Hér hafa Þórkötlustaðir enn sérstöðu því auk túngarðsins sjálfs eru þar margir garðar er skipta tüninu í skika. Flestir þeirra eru hlaðnir úr hraungrýti og allt að 2 m háir. Að auki eru skráðir tveir túngarðar í Þórkötlustaðanesi í landi Þórkötlustaða, annars vegar í Höfn (**011-084**) og hins vegar á Þórshamri (**011-067**), en hvorttveggja eru smábýli er voru í byggð skamma hríð á 20. öld. Á Húsatóptum er að finna túngarðsbrot við hjáleigurnar Hamra (**027-046**), Blómsturvellu (**027-047**), Dalbæ (**027-048**) og Vindheima (**027-049**). Við eldri hjáleigur eru aðeins túngarðar í Stóragerði (**030-005**) í landi Staðar og túngarðsbrot á Einlandi (**011-001**) í landi Þórkötlustaða.

Kuml og kirkjur

Ekki hefur fundist heillegt kuml á skráningarsvæðinu svo að vitað sé. Reyndar greina sögusagnir að leiði Þórkötlulandnámskonu sé að finna í tüninu austur af bænum á Þórkötlustöðum (**011:021**).

Sóknarkirkja var á Stað allt til ársins 1909 að hún var aflögð og önnur vígð í Járngerðarstaðahverfi, þ.e. núverandi Grindavíkurkaupstað. Kirkjugarður Grindvíkinga var hins vegar áfram að Stað og er enn í dag. Kirkjan (**028:002**) stóð í norðvesturhorni

kirkjugarðsins og sér móta fyrir henni þótt eiginlegar leifar séu ekki á yfirborði. Aðrir kirkjustaðir eða bænhús eru ekki skráð á svæðinu.

Leiðir

Alls voru skráðar 9 leiðir í þessum áfanga, 6 í landi Þórkötlustaða og 3 á Húsatóptum. Þar af voru 6 stuttar leiðir á milli bæja eða slóðar er leiddu til áfangastaðar í landi tiltekins bæjar. Þrjár leiðanna geta þó talist þjóðleiðir. Það eru Prestastígur (**027-022**), Árnastígur (**027-036**) og Skógfellsvegur (**011-018**) sem einnig er nefndur Vogavegur. Prestastígur og Árnastígur liggja báðir upp frá Húsatóptum. Sá fyrrnefndi liggur í Hafnir og dregur nafn af því að eftir honum fóru Staðarprestar til messuhalds er þeir þjónuðu í Höfnum. Árnastígur er gamli vegurinn á milli Staðarhverfis og Keflavíkur. Báðar leiðirnar liggja að verulegu leyti um úfin hraun og er merkilegt hve vel ruddar og greinilegar þær eru. Fallegar vörður eru með báðum leiðum og er þeim viðhaldið, enda eru þetta nú vinsælar gönguleiðir. Skógfellsvegur eða Vogavegur liggur frá Þórkötlustöðum, austur fyrir Stóra-Skógfell og í Voga eins og nöfnin gefa til kynna. Afleggjari (**GK-016:020**) er af Skógfellsvegi til Hóps og Járngerðarstaðahverfis, en hann er skráður í fyrsta áfanga skráningarinnar.

Útgerð og verzlun

Eins og eðlilegt verður að teljast voru á svæðinu skráðir allmargir staðir er tengdust fiskveiðum á einn eða annan hátt. Fyrst ber að nefna að flestallar hjáleigur sem skráðar voru á bæjunum þremur höfðu lítil sem engin grasnyt heldur voru þurrabúðir eða tómthús og byggðu afkomu sína á sjósókn. Róið var frá öllum bæjunum og eru landingar í landi þeirra allra, alls 7 talsins. Tvær landingar eru í landi Þórkötlustaða, ein í landi Húsatópta og fjórar í landi Staðar. Á Stað er einnig skráð flórlögð landing (**028:017**), en heimildir eru um að þar hafi verið önnur, sem nú er horfin (**028:024**).

Aðeins voru skráð tvö uppsátur á svæðinu, Skipadalur (**027:038**) á Húsatóptum og Kóngshella (**027:034**) í landi Húsatópta. Hins vegar er ólíklegt annað en þau hafi verið fleiri þótt heimildir greini ekki frá þeim.

Salthús og íshús eru hvergi skráð nema á Þórkötlustöðum en þar er mikill fjöldi þeirra í Þórkötlustaðnesi. Þau eru þó ekki öll ýkja gömul enda var róið úr Þórkötlustanesi fram um miðja 20. öld. Þar að auki má nefna að af öllum þeim fjölda útihúsa sem skráð voru á Þórkötlustöðum höfðu sum fleiri en eitt hlutverk, voru t.d. bæði fjárhús og fiskverkunarhús

o.s.frv. Á Húsatóptum voru á tveimur stöðum skráðar sjóhústóftir (**027:041** og **027:042**). Auk þess eru heimildir um verbúðir, sjóhús og hjalla sem horfið hafa fyrir manna minni og ekki er vitað hvar stóðu.

Skráðar voru sjö sundvörður á svæðinu en þar af eru tvær horfnar. Þrjár eru í landi Þórkötlustaða, tvær í landi Húsatópta og tvær á merkjum milli Húsatópta og Staðar.

Á fimm stöðum voru skráðir herslugarðar og var í öllum tilvikum um að ræða stór svæði alsett hleðslum. Fjögur þessara svæða eru í landi Þórkötlustaða en eitt í landi Húsatópta. Á tveimur stöðum voru skráð svæði með hersluburgjum, á Þórkötlustöðum og á Húsatóptum.

Á Húsatóptum var konungsverslun eftir miðja 18. öld og voru skráðir nokkrir staðir er beinlínis tengdust höndluninni. Þar má nefna Búðasand (**027:012**) og Kóngshellu (**027:034**), en þar er talið er að hús konungsverslunar hafi staðið. Þar eru hins vegar engin ummerki á yfirborði. Einnig eru svonefnd Barlestarsker (**027:009**) þar sem var festarbolti er verslunarskipin voru fest við. Lá keðja úr Barlestarskerjum yfir í festarbolta í Bindiskeri (**028:014**) í landi Staðar.

5. Niðurstöður

Með þessari skýrslu er lokið 2. áfanga skráningar fornleifa í Grindavíkurbænum. Ætla má að með skýrslunni fáiist mjög gott yfirlit um dreifingu og ástand fornleifa á umræddu svæði þótt ekki sé þar með sagt að hún sé tæmandi, enda leynast fornleifar víða. Gengið var á alla þekktu minjastaði og við þá yfirreið fundust allmargir staðir sem heimildir gátu ekki um. Heildarfjöldi skráðra minjastaða í þessum áfanga er 204. Hættumat var gert fyrir alla minjastaði og skiptist þannig að 72 staðir eru ekki sjáanlega í neinni hættu, en 114 staðir teljast í hættu og 10 staðir í stórhættu. Þeir staðir sem teljast í stórhættu eru allir nema einn í landi Húsatópta og stafar hætta þeim af framkvæmdum tengdum golfvelli. Í landi Staðar er einn staður í stórhættu en það er Litlagerði (**030:003**) sem stafar hætta af landbroti.

Langflestir staðanna sem hætta steðjar að eru í námunda við bæi og eru í hættu vegna þess margvíslega rasks sem gjarnan verður í námunda við mannabústaði. Aðrar algengar hættuorsakir eru landbrot, sléttun og framkvæmdir.

Aðeins tveir minjastaðir eru friðlýstir á skráningarsvæðinu, svonefnt “útilegumannabæli” (**027:024**) í Grindavíkurbænum í landi Húsatópta og festarbolti í Bindiskeri (**028:014**) í landi Staðar. Báðir voru friðlýstir 1930.

Varðveisla og kynning minja

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar ónýttir miklir möguleikar. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en flestar aðrar þjóðir og mjög margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Menningartengd ferðaþjónusta er nýtt hugtak hér á landi en er vafalaust vaxandi atvinnugrein.

Ekki þarf mikill tilkostnaður að fylgja kynningu minjastaða. Víða væri til bóta að setja upp skilti með örnefnum, upplýsingum um minjastaði, aldur þeirra og hlutverk. Þetta á einkum við þar sem umferð fólks er mikil, t.d. við skipulögð útivistarsvæði eins og við golfvöllinn á Húsatóptum. Þá mætti hugsa sér að skipuleggja gönguleiðir með tilliti til fornleifa þar sem viðkomustaðir væru vandlega merktir og jafnvel væri hægt að útbúa lítinn bækling með upplýsingum um það sem fyrir augu ber.

Í þessum áfanga skráningar í Grindavíkurkaupstað má sérstaklega benda á eitt svæði sem hefur mikið varðveislu- og kynningargildi. Það er Þórkötlustaðanes en austurhluti þess er í landi Þórkötlustaða (heitir Hópsnes að vestanverðu). Þar er afar fallegt og söguríkt svæði sem gæti hentað vel til kynningar. Nú þegar er ágætur akvegur um nesið og meðfram honum nokkur skilti er veita upplýsingar um hrikaleg sjóslys og mannskaða er orðið hafa úti fyrir nesinu. En meðfram veginum er líka mikill fjöldi minja og skemmtilegra örnefna sem ástæða væri til að kynna fyrir almenningi (sjá skrá yfir fornleifar á Þórkötlustöðum GK-011). Margar minjanna eru raunar ekki ýkja gamlar en það rýrir ekki kynningargildi þeirra nema síður sé því fyrir vikið eru þær afar greinilegar. Auk þess tengjast þær allflestar útgerð í Þórkötlustaðanesi og vitna um lífsbaráttu og örlög fólks í sjávarplássi, sem Grindavík er. Með því að koma upp skiltum er veita upplýsingar um örnefni og minjar mætti gera í Þórkötlustaðanesi einskonar “Söguslóð” sem gengið væri eftir um leið og fræðst væri um líf, störf og örlög fólks á svæðinu fyrr á tímum.

Hér er aðeins nefnd ein hugmynd að kynningu minjastaða á svæðinu. Eflaust mætti hugsa sér miklu fleiri möguleika á því sviði.

Að lokum má nefna nokkra staði er hafa sérstakt varðveislu- og rannsóknargildi. Í fyrsta lagi er hið svonefnda “útilegumannabæli” (**027:024**) í Grindavíkurhrauni. “Bælið” er mjög sérstakur minjastaður sem þegar hefur verið friðlýstur. Þar eru tíu grjóthlaðnar, sérkennilegar rústir í gróinni kvos í miðju hrauninu. Margir hafa velt vöngum yfir tilkomu og tilgangi þessara mannvirkja en ekkert er vitað með vissu um þau og væri forvitnilegat að rannsaka þau nánar.

Vinna mætti mörg spennandi rannsóknarverkefni í tengslum við byggðapróun á svæðinu en hún er með afar sérstökum og fágætum hætti. Um er að ræða þrjá byggðarkjarna, Þórkötlustaðahverfi, Járngerðarstaðahverfi og Staðarhverfi, sem allir byggja tilveru sína að verulegu leyti á sjósókn og verslun, enda land á þessum slóðum varla nýtilegt til meiriháttar búskapar. Þótt e.t.v. megi finna sambærileg dæmi byggðapróunar annarsstaðar á landinu eru þau ekki jafn afgerandi. Í rannsókn af þessu tagi mætti beina sjónum sérstaklega að Staðarhverfi þar sem Þórkötlustaðahverfi, og sér í lagi Járngerðarstaðahverfi, hefur í seinni tíð verið raskað verulega með aukinni byggð. Einnig er áhugavert að beina sjónum að Staðarhverfi á þeim forsendum að hverfið var lengi vel bæði kirkjustaður og verslunarstaður svæðisins.

Prentaðar heimildir

- Árni Magnússon: *Chorographica Islandica* (Safn til sögu Íslands, annar flokkur I, 2), útgefandi Ólafur Lárusson, Rv. 1955.
- Bjarni Sæmundsson: "Suðurkjálkinn", *Árbók Ferðafélags Íslands*, 1936
- BJ:** Brynjúlfur Jónsson: "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902." *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903*, 31-52.
- FEB:** *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 I-II*, Rv. 1943.
- FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Rv. 1983.
- Fornleifaskrá:** Ágúst Ó. Georgson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Rv. 1990.
- FSP:** Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*, Rv. 1945.
- GB Mannfólk:** Gísli Brynjólfsson: *Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók*, Rv. 1975.
- Guðrún Gísladóttir: *Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar í Reykjanesfólkvangi. Ástand og tillögur til úrbóta*, (án útgst.) 1993.
- GE Frá Valahnúk:** Guðsteinn Einarson: "Frá Valahnúk til Seljabótar." *Frá Suðurnesjum*, Rv. 1960.
- Haukur Jóhannesson & Sigmundur Einarsson: "Krisuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og miðaldalagsins", *Jökull* 38 (1988), 71-87.
- Holland, Henry: *Dagbók í Íslandsferð*, Steindór Steindórsson þýddi, Rv. 1960.
- Hooker, William Jackson: *Ferð um Ísland 1809*, Arngrímur Thorlacius þýddi, (án útgst.) 2000.
- JÁ:** *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri III*, safnað hefur Jón Árnason, Rv. 1958.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-13*, Kh. 1913-90; 12-13 Rv. 1990.
- JJ:** Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn, 1847.
- Jón Jónsson: "Um Ögmundarhraun og aldur þess." *Eldur er í norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982*, Rv. 1982, 193-97.
- Kristján Eldjárn: "Kapelluhraun og Kapellulág. Fornleifarannsóknir 1950-1954." *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 1955-1956, 5-34.
- Kristján Eldjárn: "Athugasemd um Kapellulág í Grindavík." *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 1979, 187-88.
- Lúðvík Kristjánsson: *Íslenskir sjávarhættir I-V*, Rv. 1980-86.
- MG:** Magnús Grímsson (Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II), Rv. 1937-1939.
- Ólafur Briem: *Útilegumenn og auðar tóttir*, Rv. 1959.

ÓO: Ólafur Olavíus: *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777* I-II, Steindór Steindórsson þýddi, Rv. 1964-65.

Saga Grindavíkur I: Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur I. Frá landnámi til 1800*, Grindavík 1994.

Saga Grindavíkur II: Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur II. 1800-1974*, Grindavík 1996.

SSÁ: *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfván Jónsson*, Rv. 1979.

SSGK: *Sýslulýsingar og sóknarlýsingar*, (Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III) Rv. 1937-39.

Sveinbjörn Rafnsson: “Um aldur Ögmundarhrauns.” *Eldur er í norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982*, Rv. 1982, 415-24.

Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898* I-IV, Rv. 1913-15.

Óprentaðar heimildir

Túnakort, Þjóðskjalasafn Íslands. Grindavíkurhreppur 1918.

Ö-Hóp ath: Athugasemdir við örnefnaskrá Hóps. Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hóp: Örnefnaskrá Hóps. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hraun AG: Örnefnaskrá Hrauns. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hraun LJ: Örnefnaskrá Hrauns. Loftur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Húsatóftir: Örnefnaskrá Húsatófta. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni en endurunni af Kristjáni Eiríkssyni.

Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ísólfskáli AG: Örnefnaskrá Ísólfskála. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ísólfskáli svör: Svör við spurningum um örnefnaskrá Ísólfskála. Ísólfur Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ísólfskáli: Örnefnaskrá Ísólfskála. Loftur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Járngerðarstaðir AG: Örnefnaskrá Járngerðarstaða. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Járngerðarstaðir ath: Athugasemdir við örnefnaskrá Járngerðarstaða. Sæmundur Tómasson skráði. Örnefnastofnun

Íslands.

Ö-Vesturháls: Örnefnaskrá Vesturháls. Ísólfur Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þórkötlustaðir AG: Örnefnaskrá Þórkötlustaða. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þórkötlustaðir LJ: Örnefnaskrá Þórkötlustaða. Loftur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þórkötlustaðir NN: Örnefnaskrá Þórkötlustaða. [Án skrásetjara]. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamenn

Ingey Arnkelsdóttir f. 1929

Kristinn Þórhallsson f. 1938

Loftur Jóhannsson f. 1938

Ólafur Gamalíelsson f. 1935

Sigurður Gíslason f. 1923